


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
POPP




Fatahönnuðurinn
Bóas Kristjánsson
*Vinnur með vistvænan textíl.*
allt




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
12. janúar 2012
10. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Ný kona í brúnni
*Brynhildur Ólafsdóttir ráðin framkvæmdastjóri Edduverðlaunanna.*
fólk 46

## 173 keppa um 10 sæti
*Alls bárust 173 umsóknir í leiklistadeild Listaháskóla Íslands. Tíu komast inn.*
fólk 46



## Óvissa um Snorra Stein
*Snorri Steinn Guðjónsson veit ekki hvort hann kemur heim til Íslands í dag.*
sport 42

## veðrið í dag




**HÆGLÆTIS VEÐUR** á landinu í dag og víða bjartviðri en gengur í SA-átt með úrkomu í kvöld og nótt. Frost 1-10 stig en hlánar SV-til í kvöld.
VEÐUR 4

# Tugum tilkynnt um hleranir

**Tugum einstaklinga hefur á síðustu vikum verið tilkynnt um símhleranir sérstaks saksóknara. Langur tími getur liðið frá því hlerað er þar til tilkynning berst. Símhleranirnar á gráu svæði segir hæstaréttarlögmaður.**

**DÓMSMÁL** Dæmi eru um að meira en eitt og hálft ár líði frá því að embætti sérstaks saksóknara fær heimild til að hlera síma þar til eiganda símans er tilkynnt um hleranirnar. Tugum manna sem verið hafa til rannsóknar hjá embættinu hefur verið tilkynnt um að símar þeirra hafi verið hleraðir á síðustu vikum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa til dæmis þeir sem eru til rannsóknar vegna falls Kaupþings og Sjóvár fengið slík bréf undanfarið.

„Það hefur verið unnið að þessu jafnt og þétt upp á síðkastið, í þeim málum þar sem menn sjá til lands og telja ekki ástæðu til að beita þessu úrræði frekar,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari.

Samkvæmt lögum ber að tilkynna þeim sem hlerað er hjá um hleranirnar svo fljótt sem verða má. Fréttablaðið hefur upplýsingar um að rúmlega eitt og hálft ár sé liðið frá því hlerað var hjá einhverjum þeirra sem fengu bréf frá saksóknara nýverið.

„Við værum að skjóta okkur í fótinn ef við tilkynntum of snemma um hleranir, þetta byggir á því að viðkomandi viti ekki að síminn sé hleraður,“ segir Ólafur.

Hann segir að tilkynnt sé um hleranir um leið og ljóst sé að hlerunum verði ekki beitt frekar við rannsókn hvers máls. Í umfangsmiklum rannsóknum geti því liðið nokkur tími þar til upplýst er um hleranirnar.

### Hlerað hjá Jóni Ásgeiri og Ingibjörgu

Meðal þeirra sem fengið hafa bréf frá sérstökum saksóknara þar sem tilkynnt var að símar hafi verið hleraðir eru Jón Ásgeir Jóhannesson athafnamaður og Ingibjörg Pálmadóttir, aðaleigandi 365 miðla, útgáfufélags Fréttablaðsins. Þetta upplýsti Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, við málflutning í Hæstarétti í gær. Símar þeirra voru hleraðir í þrjár vikur.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að símar Magnúsar Guðmundssonar, sem stýrði Kaupþingi í Lúxemborg, og Steingríms P. Kárasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra áhættustýringar Kaupþings, hafi einnig verið hleraðir. Þá mun sérstakur saksóknari einnig hafa hlerað síma Þórs Sigfússonar, fyrrverandi forstjóra Sjóvár.

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður segir sérstakan saksóknara á gráu svæði þegar komi að símhlerunum.

Hann segir enga af sínum umbjóðendum hafa fengið tilkynningu um símhleranir, en hann viti engu að síður af slíkum málum.

Sigurður segir dæmi um mann sem heimilt hafi verið að hlera símann hjá í maí 2010, og hann yfirheyrður haustið 2011. Engu að síður hafi hann ekki verið upplýstur um hleranirnar fyrr en síðar.

Þá bendir Sigurður á að til að dómstólar veiti heimild til símhlerana þurfi annað hvort að liggja átta ára fangelsisdómur við meintum brotum, eða ríkir almannaeða einkahagsmunir krefjist þess. Erfitt sé að sjá að það geti átt við í þessum tilvikum. Hámarksrefsing við auðgunarbrotum er sex ára fangelsi. **- bj**



**Í GÓÐU JAFNVÆGI** Evrópskir kvikmyndagerðarmenn eru nú staddir hér á landi til að taka upp efni með snjóbrettasnillingum sem leika listir sínar á götum Reykjavíkur. Stúlkurnar þrjár sem renndu sér eftir brekkum og nálægum hlutum við Hótel Natura í gær eru allar atvinnukonur í faginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðmæti finnast í erfðaskrá:

## Bréf skrifað af Beethoven

**ÞÝSKALAND** Bréf frá árinu 1823, skrifað af tónlistarsnillingnum Ludwig van Beethoven, hefur nú fundist í erfðaskrá í Þýskalandi. Sérfræðingar segjast alltaf hafa vitað af tilurð bréfsins en ekki vitað hvar það væri að finna.



LUDWIG VAN BEETHOVEN

Um er að ræða sex blaðsíðna bréf þar sem Beethoven fjallar meðal annars um veikindi sín og peningaskort og segir John Suchet, sem skrifað hefur margar bækur um Beethoven, þennan fund gríðarlega mikilvægan. Bréfið verður haft til sýnis á Brahms-stofnuninni í tónlistarháskólanum í Lübeck en bréfið er metið á um 16 milljónir króna. **- trs**

Velferðarráðherra vill fá útskýringar frá landlækni vegna sílíkonpúða:

## Samspil ríkis og einkageira skoðuð

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra telur afar óeðlilegt að einstaklingur sem reki læknastofu og flytji inn lækningavörur sé yfirlæknir á Landspítalnum. Jens Kjartansson, yfirlæknir lýtalækningadeildar spítalans, fór í fjögurra mánaða leyfi frá störfum í gær. Ástæðan er veikindi.

Guðbjartur vonast til þess að málið með P.I.P. brjóstafyllingarnar verði til þess að breytingar varðandi samspil einkageirans og hins opinbera verði ígrundaðar. „Getur það undir einhverjum kringumstæðum verið eðlilegt að viðkomandi sé í viðskiptasambandi við framleiðanda vöru eða söluaðila?“ segir Guðbjartur. „Við munum að sjálfsögðu skoða það. Mér finnst þetta sjálfum mjög óeðlilegt.“

Ráðuneytið hefur óskað eftir skriflegri greinargerð frá landlæknisembættinu þar sem lýst er hvernig brugðist var við árið 2010 þegar púðarnir voru teknir af markaði.
- sv / sjá síðu 10





ÚTSALA!
10–50%
MÓDERN
Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is



## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, eru ekki allir með báða fætur á jörðinni þótt gaman sé?*

„Jú, því við viljum skilja spor okkar eftir í öskunni.“

Dr. Þorsteinn Sæmundsson er formaður Jarðfræðafélags Íslands. Um 300 jarðfræðingar eru nú saman komnir í Hörpu þar sem þrítugasta vetrarmót norrænna jarðfræðinga fer fram.

Seðlabankastjóri telur sig eiga heimtingu á hærri launum og höfðar mál:

# Már í hart við Seðlabankann

**DÓMSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur höfðað mál á hendur Seðlabanka Íslands til að fá launakjör sín leiðrétt. Hann telur yfirvöld hafa gengið á bak orða sinna og svikið samkomulag sem gert var þegar hann réði sig til starfa árið 2009.

Sagt var frá þessu í fréttum Stöðvar 2 í gær. Þar kom einnig fram að málið hefði verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í desember.

Við ráðninguna samdi Már við bankaráð Seðlabankans um að hann fengi 1.575 þúsund krónur á mánuði. Í sama mánuði var lögum breytt á þann veg að embætti seðlabankastjóra heyrði undir kjararáð og jafnframt kveðið á um það í lögum að dagvinnulaun ríkisstarfsmanna mættu ekki vera hærri en laun forsætisráðherra.

Skömmu síðar voru laun seðlabankastjóra lækkuð, dagvinnulaun hans urðu 862 þúsund krónur og með fastri yfirvinnu urðu heildarlaunin tæpar 1.266 þúsund krónur á mánuði.

Már telur að óheimilt hafi verið að breyta starfskjörum hans eftir ráðningu og hefur því ákveðið að sækja rétt sinn á hendur bankanum, sem hann samdi við til að byrja með. - sh



**ÓSÁTTUR** Már vill fá launin sem hann samdi um í upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaupmannahafnarháskóli:

## Fundu 14 kíló af heróíni

**DANMÖRK** Danska lögreglan fann 13,8 kíló af brúnu heróíni á vinnusvæði starfsmanns Kaupmannahafnarháskóla eftir að þýskir lögreglumenn fundu 483 g af kókaíni í fórum hans í Dortmund þann 10. desember síðastliðinn.

Maðurinn, sem verið hefur í varðhaldi í Þýskalandi, kom fyrir rétt þar í gær.

Í fréttum danskra fjölmiðla kemur fram að hinn handtekni hafi ekki verið við akademísk störf í Háskólanum í Kaupmannahöfn. - ibs

Truflanir af völdum RÚV:

## Lagi leifturljós í útvarpsmastri

**UMHVERFISMÁL** Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs skorar á Ríkisútvarpið að breyta ljósabúnaði í mastri langbylgjustöðvar á Eiðum svo lýsingin verði ásættanleg fyrir íbúa svæðisins. Áskorunin er viðbrögð við bréfi frá Þórhalli Pálssyni, arkitekti á Eiðum.

Ljósagangurinn í mastrinu hefur verið íbúum í nágrenninu þyrnir í augum árum saman. Styrkur og taktur ljósanna, sem eiga að vara flugvélar við mastrinu, er stundum þannig að sveitirnar í kring lýsast upp í krampakenndum leifturljósum um nætur, mönnum og skepnum til ama. „Mikilvægt er að endurbæturnar verði með þeim hætti að bilanatíðni búnaðarins verði lágmarkaður eftir því sem tæknin leyfir,“ segir bæjarstjórnin. - gar

Mesti samdráttur frá 2005:

## Umferð dróst saman um 5,3%

**SAMGÖNGUR** Umferð hefur aldrei dregist meira saman á einu ári síðan mælingar Vegagerðarinnar á völdum stöðum hófust árið 2005.

Umferðin dróst saman um 5,3 prósent árið 2011 frá árinu áður, samkvæmt tölum frá sextán völdum talningarstöðum á Hringveginum. Til samanburðar dróst umferðin saman um 2,3% árið 2010 og um 1,7% árið 2008 en jókst um 6,8% árið 2007. Fram til 2008 hafði aksturinn nánast aukist á hverju ári síðan 1975 og samdrátturinn aldrei orðið þetta mikill. - shá

### SJÁVARÚTVEGUR

**Strandveiðar vega þungt**

Þorskur veiddur á handfæri sem seldur var á fiskmörkuðum jókst um þriðjung í magni frá fyrra ári. Hlutur þeirra var rúmur fjórðungur alls þorsks sem þar var seldur. Mest var selt af þorski sem veiddur var á línu, 37,1% heildarmagnsins, sem var um 2.800 tonnum minna en á árinu 2010.



**SVEFNEYJAR** Alls eru um sextíu eyjar og hólmar í klasanum sem á sér merka sögu. Stærsta eyjan er hálfur annar kílómetri á lengd og hálfur á breidd. Helstu eyjarnar heita Litla-Seley, Langey, Urðey, Grasey, Feginsbrekkur, Stóra-Seley, Flatey, Norðureyjar, Hrafnseyjar, Öxneyjar og Írlönd. MYND/MATS VIBE LUND

# Eyjaklasi á Breiðafirði boðinn á 195 milljónir

**Vinahjón sem átt hafa Svefneyjar á Breiðafirði í tuttugu ár bjóða eyjaklasann til sölu. Uppsett verð er 150 til 195 milljónir og þá fylgir tíu manna hraðbátur. Lenda má flugvél í heimatúninu. Hentar í ferðaþjónustu segir fasteignasali.**

**FASTEIGNIR** „Það er erfitt að meta verð á eign eins og þessarar því það er engin viðmiðun,“ segir Sigurbjörn Friðriksson á Fasteignasölunni Torgi, sem nú hefur Svefneyjar á Breiðafirði til sölu.

Óskað er eftir tilboðum í Svefneyjar. Sigurbjörn segir verðhugmyndina á bilinu 150 til 195 milljónir króna. Auk íbúðarhúsa og útihúsa fylgir tíu manna, yfirbyggður hraðbátur og traktor með í kaupunum. Heimatúnið hefur verið notað til lendingar fyrir flugvélar. Engin ábúð er í eyjunum sem eru notaðar til sumardvalar.

Svefneyjar komu til sölu nú eftir áramót. Sigurbjörn segir ekki marga verðandi kaupendur hafa gefið sig fram enn enda sé um dýra eign að ræða. „Þeir sem sýnt hafa þessu áhuga hafa verið með eyjarnar í huga fyrir einhvers konar ferðamannaþjónustu og staðurinn er upplagður í það,“ segir Sigurbjörn.

> Þeir sem sýnt hafa þessu áhuga hafa verið með þetta í huga sem einhvers konar ferðamannaþjónustu og eyjarnar eru upplagðar í það.
>
> SIGURBJÖRN FRIÐRIKSSON
> FASTEIGNASALI Á TORGI

Það eru þeir Dagbjartur Einarsson og Gissur Tryggvason sem átt hafa Svefneyjar í tæp tuttugu ár. Sigurbjörn segir Dagbjart og Gissur ásamt fjölskyldum sínum hafa lagt mikla natni í uppbyggingu og endurnýjun húsakosts á eyjunum. Auk ýmissa útihúsa séu þar nú tvö góð íbúðarhús með samtals þrettán svefnherbergjum. Húsin geti einmitt nýst vel í ferðaþjónustu.

Dagbjartur, sem býr í Grindavík, er 75 ára og Gissur, sem býr í Stykkishólmi, er 67 ára. Sigurbjörn segir þá telja sig vera komna á aldur og tíma til kominn að aðrir taki við í Svefneyjum eftir að þeir hafi átt þar sínar góðu stundir um árabil.

Svefneyjar, sem áður voru í Flateyjarhreppi en tilheyra nú Reykhólahreppi, eru sögufrægar í meira lagi allt frá landnámsöld. Þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Eggert Ólafsson á átjándu öld. Mikil hlunnindi eru í Svefneyjum, meðal annars af um þrjú þúsund æðarhreiðrum, skarfa- og lundaveiði, eggjatöku og sel.

gar@frettabladid.is

Mannréttindabrot í BNA:

## Guantanamo við líði í tíu ár

**BANDARÍKIN** Liðin eru tíu ár síðan Bandaríkjamenn fluttu fyrstu 20 fangana í Guantanamo fangabúðirnar á Kúbu. Þar hefur 779 föngum verið haldið án þess að njóta þeirra mannréttinda að réttað sé í málum þeirra, þrátt fyrir loforð sitjandi forseta, Barack Obama, um að búðunum skyldi lokað.

Mannréttindasamtök, eins og Amnesty International og Human Rights Watch, minnast þessara tímamóta þessa dagana og þeirri staðreynd að enn situr 171 fangi í búðunum. Stjórnvöld í BNA hafa sagt að 47 þeirra bíði ævilöng fangavist án réttarhalda. - shá



**Í VOGASKÓLA** Nemendurnir voru ánægðir með tækin þegar þeir fengu þau á þriðjudag. MYND/SKÓLAVEFURINN

Tilraunaverkefni í Vogaskóla:

## Allir nemendur fengu lestölvu

**MENNTUN** Allir nemendur níunda bekkjar í Vogaskóla fengu Kindle lestölvu afhenta á þriðjudaginn.

Tilgangurinn er að kanna hvort tækið eigi erindi í kennslu í framtíðinni og þá hvort það geti komið í stað hefðbundinna bóka. Ef svo reynist vera ætti það að geta leitt til sparnaðar, nemendur ættu að hafa aðgang að fjölbreyttara námsefni og skipulagning skólastarfs yrði auðveldari, að því er fram kemur í tilkynningu Skólavefjarins, sem stendur að verkefninu ásamt Námsgagnastofnun og rannsóknaraðilum. - þeb




Sorpsamlag Þingeyinga breytir starfsháttum í kjölfar mengunarmælinga:

# Gera ráðstafanir vegna díoxíns

**UMHVERFISMÁL** Sorpsamlag Þingeyinga hefur gripið til ráðstafana eftir að magn díoxíns og köfnunarefnisoxíðs reyndist yfir viðmiðunarmörkum þegar útblástur frá stöðinni var mældur í september 2011, en niðurstöður mælinganna bárust 5. janúar síðastliðinn.

Ástæða þess að efnin mældust yfir mörkum er talin vera sú að hærra hlutfall lífræns úrgangs í sorpinu í sláturtíðinni í haust og breytt eldsneytisnotkun hafi tímabundið aukið hlutfall efnanna í útblæstri Sorpsamlagsins.

Daginn sem mælingin var gerð var hlutfall sláturúrgangs um 30% sorpsins, en þá stóð sláturtíð sem hæst. Að auki má reikna með að hlutfall lífræns úrgangs í almennu sorpi hafi verið um 25%. Þetta háa hlutfall lífræns úrgangs er talið hafa aukið tímabundið díoxín í útblæstrinum. Stjórnendur samlagsins munu nú endurskoða móttöku sína á sláturúrgangi og flokkun á lífrænum úrgangi frá almenningi.

Til þess að draga úr rekstrarkostnaði var ákveðið sumarið 2011 að blanda dísilolíu, sem notuð er í brennara, með flotaolíu. Talið er að flotaolían hafi aukið köfnunarefnisoxíð í útblæstrinum og hefur notkun hennar nú verið hætt. - shá



**SORPBRENNSLA** Sorpsamlag Þingeyinga hefur greint frá neikvæðum mengunarmælingum og brugðist við þeim án tafar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Miklu meiri hollusta

*41% minni sykur*

Fitness morgunkornflögurnar innihalda 41% minna af sykri, meira af trefjum og færri kaloríur en sambærilegar heilsukornflögur á markaðnum. Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn á bragðgóðum og miklu hollari morgunverði.




ÍSLENSKA SIA.IS NAT 57329 12.2011

## GENGIÐ 11.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,94 | 124,54 |
| Sterlingspund | 191,31 | 192,25 |
| Evra | 158,12 | 159,00 |
| Dönsk króna | 21,256 | 21,380 |
| Norsk króna | 20,666 | 20,788 |
| Sænsk króna | 17,961 | 18,067 |
| Japanskt jen | 1,6099 | 1,6193 |
| SDR | 189,34 | 190,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,625

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tekist á um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Lárusar Welding:

# Segja ekki sýnt fram á réttmæti kröfu

**DÓMSMÁL** Skilanefnd Glitnis tókst ekki að sýna fram á réttmæti kröfu um kyrrsetningu eigna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Lárusar Welding þegar krafan var lögð fram hjá sýslumanni.

Þessu héldu lögmenn Jóns Ásgeirs og Lárusar fram við málflutning um kyrrsetningarkröfuna í Hæstarétti í gær. Jón Ásgeir og Lárus áfrýjuðu dómi héraðsdóms, sem staðfesti kyrrsetningarúrskurð sýslumanns.

Einu gögnin sem lágu til grundvallar þeirri ákvörðun sýslumanns að kyrrsetja eignirnar voru fullyrðingar í kröfu skilanefndarinnar, sagði Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs. Hann sagði það ekki uppfylla skilyrði fyrir kyrrsetningu eigna.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður skilanefndarinnar, sagði öll skilyrði fyrir kyrrsetningu uppfyllt. Málið sé í raun skólabókardæmi um mál þar sem kyrrsetning eigi við.

Skilanefndin hefur höfðað skaðabótamál á hendur Jóni Ásgeiri og Lárusi vegna sex milljarða láns frá Glitni til félags í eigu Pálma Haraldssonar sem aldrei fékkst greitt. Krafist var kyrrsetningar á öllum eignum Jóns Ásgeirs og Lárusar hér á landi svo þeir geti ekki komið eignunum undan verði þeir dæmdir til að greiða skaðabætur. - bj


LÁRUS WELDING


JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Umdeild skipulagsbreyting:

# Heimila nýjar lóðir í Flatey

**SVEITARSTJÓRNIR** **Skipulagsnefnd Reykhólahrepps hefur samþykkt fjórar nýjar lóðir fyrir sumarhús í Flatey.**

**Ýmsar athugasemdir bárust vegna nýju lóðanna. Skipulagsnefndin sagði þær vera minniháttar. Meðal annars benti nefndin á að samkvæmt eldra skipulagi hafi verið gert ráð fyrir allt að fimmtán húsum. Þá verði gerðar ráðstafanir varðandi takmarkað aðgengi að vatni og rafmagni. Einnig sé dregið nokkuð úr byggingarmagni á stærstu lóðinni.** - gar


**Í HÖFN** Kristján F. Axelsson, formaður Veiðifélags Þverár, og Ingólfur Ásgeirsson handsala samninginn í gær. MYND/STARIR

Þverá og Kjarrá í Borgarfirði:

# Gengið frá leigusamningi

**VEIÐI** Leigusamningur fyrir Þverá og Kjarrá í Borgarfirði var undirritaður í gær. Samningurinn er til fimm ára eða frá næsta sumri til ársins 2017.

Leigutaki árinnar er nýtt félag, Starir ehf. í eigu þeirra Davíðs Mássonar, sem er jafnframt stjórnarformaður, Halldórs Hafsteinssonar og Ingólfs Ásgeirssonar.

Starir greiða Veiðifélagi Þverár 111,7 milljónir króna á ári.

Átta tilboð bárust í leigu ánna í nóvember, en 30 ár voru þá síðan leiga í Þverá og Kjarrá var boðin út. Veiðifélagið Sporður hafði ána á leigu en tók ekki þátt í útboðinu nú.

Næsthæsta tilboðið kom frá Lax-á ehf., og hljóðaði upp á 111,2 milljónir. - shá

# Endurálagning RSK getur veitt náðarhögg

**Sum þeirra fyrirtækja sem þurfa að greiða endurálagningu skatta gætu farið á hausinn. Greiða þarf skattaskuldina áður en endanleg niðurstaða fæst um lögmæti endurálagningarinnar. Vilhjálmur Egilsson segir málið bagalegt.**

**VIÐSKIPTI** „Upphæðirnar sem við höfum frétt af eru afar háar og gætu í einhverjum tilvikum veitt fyrirtækjunum náðarhögg,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA), um endurálagningar vegna gjaldabreytinga sem embætti ríkisskattstjóra hefur verið að senda út til fyrirtækja. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að gjaldabreytingarnar hefðu alls numið sex milljörðum króna á árinu 2011. Á meðal þeirra sem hafa fengið tilkynningar um endurálagningu eru Skipti, móðurfélag Símans, sem þarf að greiða á bilinu 800 til 1.800 milljónir króna og Húsasmiðjan sem þarf að greiða allt að 700 milljónir króna. Á meðal þeirra mála sem hafa leitt til endurálagningar eru skuldsettar yfirtökur þar sem gjaldfærslu á vöxtum lána sem tekin voru til að fjármagna yfirtökuna var hafnað. Slík mál eru oft kölluð öfugir samrunar, þar sem einkahlutafélagi sem kaupir rekstrarfélag er rennt inn í það með eignum og skuldum.

Vilhjálmur telur að margir tugir fyrirtækja hafi fengið endurálagningu vegna slíkra samruna. „Við höfum fengið allnokkrar tilkynningar um þetta. Frá því sem ég hef heyrt þá myndi ég álykta að þetta væru einhverjir tugir fyrirtækja. Þetta er eftirá-herferð hjá ríkisskattstjóra gegn þessum öfugu samrunum og það er farið mörg ár aftur í tímann. Í ýmsum tilvikum hafa umrædd fyrirtæki skipt um hendur og nýir eigendur keypt þau í góðri trú um að það sé ekkert athugavert með skattskil þeirra. Þetta er því afar bagalegt.“


**FRAMKVÆMDASTJÓRI** „Í ýmsum tilvikum hafa umrædd fyrirtæki skipt um hendur og nýir eigendur keypt þau í góðri trú um að það sé ekkert athugavert með skattskil þeirra“ segir Vilhjálmur Egilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nýtanlegt tap lækkað um 47 milljarða

Til viðbótar við gjaldabreytingar sem lagðar hafa verið á félög og fyrirtæki lækkaði ríkisskattstjóri yfirfæranlegt tap sem þau ætluðu að nýta sér til skattafrádráttar um 46,7 milljarða króna. Sú lækkun nam einungis 86 milljónum króna á öllu árinu 2010 og því ljóst að um gríðarlega aukningu er að ræða. Heimildir Fréttablaðsins herma að ástæða þess að upphæðin hafi verið svona há í fyrra sé að fjölmörg félög og fyrirtæki sem hafi farið illa út úr bankahruninu, en hafi síðan verið fjárhagslega endurskipulögð og haldið lifandi þrátt fyrir að bera ekkert nema tap, hafi ætlað að nýta tapið til frádráttar. Því hafi ríkisskattstjóri hafnað.

Að sögn Vilhjálms hefur hann meðal annars heyrt af sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa fengið háar endurálagningar vegna öfugra yfirtaka. „Hér á árum áður voru mörg sjávarútvegsfyrirtæki tekin af markaði í kjölfar yfirtaka. Þá var þessi leið oft farin. Þau eru nú að lenda í endurálagningu.“

Ágreiningur um skattakröfu leiðir ekki til þess að gjaldandinn fái frest til að greiða hana. Því þurfa fyrirtækin sem um ræðir að greiða ætlaða skattaskuld sína jafnvel þótt þau kjósi að vísa ákvörðuninni um endurálagningu til yfirskattanefndar. Vilhjálmur segir það bagalegt að fá ekki úr lögmætinu skorið fyrst. „Það er ekki gott þegar fyrirtækin þurfa að leggja út fyrir þessu og verða fyrir miklum kostnaði, jafnvel gjaldþroti, en síðan kemur í ljós að þetta hefur verið ólöglega gert allan tímann. Við höfum rætt við ríkisskattstjóra um þessi mál. Hann er ekki að fara að draga aðgerðir sínar til baka. Því er spurning um hversu hratt yfirskattanefnd úrskurðar í málunum og hvað ríkisskattstjóri mun gera ef hún úrskurðar skattgreiðendum í vil.“ thordur@frettabladid.is


**SIGURREIFUR** Mitt Romney leiðir slag repúblikana um útnefningu fyrir forsetakosningarnar. NORDICPHOTOS/AFP

Romney vann í annað sinn:

# Slagurinn færist til S-Karólínu

**BANDARÍKIN, AP** Mitt Romney vann næsta öruggan sigur í forkosningum repúblikana í New Hampshire-ríki í fyrrakvöld. Hann hlaut 39% atkvæða en þingmaðurinn Ron Paul kom honum næstur með 23% fylgi.

Romney var einnig hlutskarpastur í fyrstu rimmunni í Iowa í síðustu viku, en næsti slagur verður í Suður-Karólínu um aðra helgi og svo í Flórída tíu dögum síðar. Þrátt fyrir að slagurinn sé nýhafinn er staða Romneys sterk og hann er almennt talinn líklegastur til að hljóta útnefninguna og keppa við Barack Obama í forsetakosningunum í haust. - þj

Bæjarstjórn Kópavogs:

# Friðýsingin var samþykkt

**KÓPAVOGUR** **Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum á þriðjudag að friðlýsa þann hluta Skerjafjarðar sem er í landi bæjarins.**

**Líkt og Fréttablaðið greindi frá stóð nokkur styr um málið. Svo fór að kosið var um friðlýsinguna í tvennu lagi. Allir samþykktu friðlýsingu Kópavogs en friðlýsingu Kársness norðanverðu í Fossvogi samþykkti aðeins meirihlutinn. Þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn friðlýsingunni, sá fjórði sat hjá ásamt fulltrúa Framsóknarflokks.** - kóp

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Á inniskóm í snjónum

Umhyggjusamur borgari hafði samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag og greindi frá manni sem var illa á sig kominn í miðborginni. Maðurinn var hríðskjálfandi þegar lögreglumenn komu á vettvang, afar illa klæddur og í inniskóm. Hann var fluttur á slysadeild til aðhlynningar.






## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNANDI VEÐUR**
Það gengur í stífa suðaustanátt í kvöld með úrkomu og heldur hlýnandi veðri. Rigning og stíf sunnanátt á morgun í 4-10 stiga hita og því verður hláka víða um land. Nokkuð svipað veður á laugardag en kólnar um tíma.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 8° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 10° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 1° |
| París | 10° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

40

Nr. 40: Við veitum umhverfisstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Landsbankinn veitir 17 styrki til umhverfismála

17
VERKEFNI STYRKT
FIMM MILLJÓNIR

**Fimm milljónum króna** var úthlutað í umhverfisstyrki fyrir árið 2011 úr Samfélagssjóði Landsbankans til sautján verkefna á mánudag. Þrjú verkefni fengu 500 þúsund króna styrk og fjórtán verkefni 250 þúsund krónur. Umhverfisstyrkjum úr Samfélagssjóði Landsbankans er úthlutað árlega.

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*



*17 verkefni fengu afhenta umhverfisstyrki við athöfn í Landsbankanum á mánudag.*

## Umhverfismál og náttúruvernd

Umhverfisstyrkjunum er ætlað að styðja við verkefni á sviði umhverfismála og náttúruverndar. Styrkir til umhverfismála byggja á stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð. Það er stefna bankans að vinna í sátt við umhverfið og eru styrkirnir leið bankans til að verðlauna góðar hugmyndir og leggja þeim lið sem vilja gera vel í umhverfismálum og náttúruvernd. Alls bárust 133 umsóknir að þessu sinni. Dómnefnd var skipuð fjórum fagaðilum, þar af þremur sérfræðingum utan bankans.

## Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans skiptist í samfélagsstyrki, námsstyrki, nýsköpunarstyrki og umhverfisstyrki. Við fyrstu úthlutun úr sjóðnum í júní voru veittir 16 námsstyrkir, 27 nýsköpunarstyrkir voru veittir í lok október og 35 samfélagsstyrkir voru veittir í nóvember.

## Í takti við stefnu

Með veitingu samfélagsstyrkja er Landsbankinn að vinna í takti við nýja stefnu bankans. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Stundar þú ólöglegt niðurhal?*

| | |
|---|---|
| Já | 81% |
| Nei | 19% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti stangveiðileyfum að vera úthlutað til almennings úr pottum?*

Segðu skoðun þína á Visir.is. vísir

Fimm menn ákærðir fyrir þaulskipulögð rán á tveimur veitingastöðum:

# Ákærðir fyrir tvö rán í Domino's

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fimm menn fyrir rán.

Fjórir mannanna eru í kringum tvítugt en sá fimmti er á fertugsaldri.

Fjórum þeirra er gefið að sök að hafa að kvöldi föstudagsins 11. febrúar 2011 tekið ákvörðun um að fremja rán. Þrír þeirra fóru inn á Domino's Pizza í Spönginni með andlit sín hulin. Sá fjórði beið í bíl fyrir utan, eftir að hafa ekið þeim þangað. Einn mannanna tók vaktstjórann kverkataki, þrýsti honum upp að vegg og krafðist þess að hann upplýsti hvar peningarnir væru geymdir, sem hann gerði. Hinir tveir fóru því næst inn í vaktherbergi og tóku þaðan tæplega 200 þúsund í reiðufé og höfðu á brott með sér. Bílstjórinn ók mönnunum á brott og útvegaði lambhúshettur sem notaðar voru við ránið. Þeir skiptu ránsfengnum með sér.

Þá eru mennirnir allir ákærðir fyrir rán á Domino's Pizza við Hjarðarhaga. Þeir höguðu ráninu eins og í fyrra skiptið. Starfsmanni var svo ógnað með kúbeini og náðu þeir með þeim hætti 85 þúsund krónum.



**DOMINO'S** Mennirnir eru ákærðir fyrir tvö rán á veitingastöðum Dominos.

Einn mannanna er svo ákærður fyrir að hafa amfetamín í íbúð sinni. **- jss**

Tvær líkamsárásir:

# Krefst 2,6 milljóna eftir árás

**DÓMSMÁL** Karlmaður um tvítugt hefur verið krafinn um rúmlega 2,6 milljónir króna af manni sem hann réðst á árið 2010 fyrir utan skemmtistað í Vestmannaeyjum.

Fórnarlambið margbrotnaði á kinnbeini og gengu brotin upp í augntóftina á nokkrum stöðum þannig að hann þurfti að fara í aðgerð. Þá er sami maður ákærður fyrir að hafa ráðist í félagi við annan mann á karlmann á skemmtistað í Vestmannaeyjum. Það fórnarlamb krefst 400 þúsunda króna. **- jss**


**ALAN TURING:**

**Faðir tölvunarfræðinnar**



Fimmtudaginn 12. janúar
kl. 16:30 – 17:30
Stofa M101 í HR

Luca Aceto, prófessor við Háskólann í Reykjavík, mun kynna frumkvöðulinn Alan Turing og framlag hans til þróunar tölvunarfræðinnar.

Í ár eru 100 ár liðin frá fæðingu Turings sem var einn helsti frumkvöðull gervigreindar en árið 1936 lýsti hann svokallaði Turing-vél, sem hefur minni og getur framkvæmt skipanir geymdar í minninu.

Tölvunarfræðideild HR efnir til fyrirlestraraðar af þessu tilefni.

Fyrirlestra og atburði má sjá nánar hér:
http://icetcs.ru.is/turingyear2012RU.html

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

ICE-TCS


# Slitastjórn krefur níu manns um milljarða

**Lárusi Welding, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og allri fyrrverandi stjórn Glitnis stefnt vegna fimmtán milljarða víkjandi láns til Baugs í árslok 2007. Lánið er til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara. Tjónið er metið á sex og hálfan milljarð.**

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Glitnis mun á allra næstu dögum stefna níu manns til greiðslu skaðabóta að upphæð sex og hálfur milljarður króna vegna víkjandi láns sem veitt var til Baugs í desember 2007.

Heimildir Fréttablaðsins herma að um sé að ræða Lárus Welding, þáverandi forstjóra bankans, Jón Ásgeir Jóhannesson, þáverandi aðaleiganda Baugs og stjórnarformann FL Group, og alla sjö manna stjórn bankans á þeim tíma.

Í stjórninni sátu þá formaðurinn Þorsteinn M. Jónsson, kenndur við Coke, Jón Sigurðsson, þá glænýr forstjóri FL Group, Skarphéðinn Berg Steinarsson, fyrrverandi stjórnarformaður FL Group, Pétur Guðmundarson, lögmaður hjá Logos, Björn Ingi Sveinsson, forstjóri Saxbygg, Haukur Guðjónsson og Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis.

Stefnan hafði ekki verið birt neinum nímenninganna í gær en hún hafði verið boðuð í samtölum við lögmenn sumra þeirra.

Málið snýst um fimmtán milljarða víkjandi lán sem áhættunefnd bankans samþykkti að veita Baugi 20. desember 2007. Lánið fékk Baugur til að taka þátt í hlutafjárútboði FL Group, en Baugur var stærsti eigandi FL Group á þeim tíma. Slitastjórnin metur skaðann af lánveitingunni hóflega á 6,5 milljarða króna.

Sérstakur saksóknari hefur lánveitinguna og sölutryggingu Glitnis á hlutafjárútboðinu til rannsóknar. Sú rannsókn lá meðal annars til grundvallar gæsluvarðhaldsúrskurðunum yfir Lárusi og tveimur öðrum Glitnismönnum fyrir jól.





**Stýrðu og tengdust Glitni náið**

Hér má sjá sjö þeirra sem verður stefnt, réttsælis að ofan; Lárus Welding, Jón Ásgeir Jóhannesson, Þorstein M. Jónsson, Katrínu Pétursdóttur, Björn Inga Sveinsson, Skarphéðin Berg Steinarsson og Jón Sigurðsson.

Slitastjórn hyggst stefna tveimur fyrrverandi stjórnarmönnum að auki, þeim Pétri Guðmundarsyni og Hauki Guðjónssyni.

Málið verður höfðað á allra næstu dögum.






Fjórir þeirra sem stefnt verður í þessu máli, Lárus, Jón Ásgeir, Þorsteinn og Jón, voru meðal stefndu í 250 milljarða skaðabótamáli sem slitastjórnin höfðaði í New York í fyrra. Því máli var vísað frá dómi og í kjölfarið boðaði slitastjórnin að höfðuð yrðu sambærileg skaðabótamál hér á landi, hugsanlega í annarri mynd, í mörgum hlutum og að einhverju leyti á hendur öðru fólki.

Slitastjórnin hefur þegar höfðað eitt stórt skaðabótamál hér heima, svokallað Aurum-mál, þar sem Lárus, Jón Ásgeir, Pálmi Haraldsson í Fons og þrír fyrrverandi starfsmenn Glitnis eru krafðir um sex milljarða.

stigur@frettabladid.is






Dómsmálaráðherra Danmerkur vill beita sér fyrir samkomulagi:

# Vill að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að Schengen á árinu

**KAUPMANNAHÖFN, FRÉTTABLAÐIÐ** Morten Bødskov, dómsmálaráðherra Danmerkur, ætlar að beita sér fyrir að samkomulag náist á fyrri hluta ársins um að Rúmenía og Búlgaría fái aðild að Schengen-vegabréfasamstarfinu. Danmörk er nú í forsæti Evrópusambandsins.

Holland stendur eitt aðildarríkja ESB gegn Schengen-aðild Rúmeníu og Búlgaríu, eftir að Finnland lét af andstöðu sinni. Afstaða hollenzkra stjórnvalda byggist á því að löndin tvö hafi ekki náð nægilegum árangri í baráttunni við spillingu og skipulagða glæpastarfsemi og réttarkerfið sé of veikt. Þau séu því ekki í stakk búin að gæta ytri landamæra Schengen-svæðisins.



**SÖMU SKILYRÐI FYRIR ALLA** Morten Bødskov, dómsmálaráðherra Danmerkur, vill hleypa Rúmeníu og Búlgaríu inn í Schengen-samstarfið sem fyrst. MYND/LARS SVANKJÆR

„Ég vona að lausn finnist fljótlega. Það á að meta öll ríki út frá sömu skilyrðum og ekki beita tvöföldu siðgæði, þar sem sum ríki þurfa að uppfylla strangari skilyrði en önnur,“ sagði Bødskov á fundi með blaðamönnum frá ýmsum Evrópuríkjum í Kaupmannahöfn í gær. „Búlgaría og Rúmenía hafa lagt mikið á sig að uppfylla skilyrði Schengen-aðildar og Danir munu, á meðan þeir eru í formennsku ESB, halda áfram að reyna að finna lausn sem allir geta sætt sig við.“

Ríkisstjórn vinstriflokkanna í Danmörku hefur aðra afstöðu til Schengen-samstarfsins en hægristjórnin sem sat á undan henni og lét það verða eitt sitt fyrsta verk að aflétta á ný eftirliti á landamærunum að Svíþjóð og Þýzkalandi, sem komið var á í fyrra. **- óþs**







# VORUM AÐ BÆTA VIÐ VÖRUM!

## ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR
# 250-4000 KR.

*fatnaður og skór á alla fjölskylduna*

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvaða aldurshópur barna er talinn líklegastur til að vera beittur ofbeldi af foreldrum?*

**2.** *Hvaða þingmaður vill að stangveiðileyfum verði úthlutað á svipaðan hátt og hreindýraveiðileyfum?*

**3.** *Hvaða félagsskapur ætlar að gefa allan búnað og vinnu við nýja líknardeild í Kópavogi?*

**SVÖR**

*1. Sex til tíu ára. 2. Þór Saari. 3. Oddfellow-reglan.*

Formaður Landssambands veiðifélaga segir hugmyndir Þórs Saari um úthlutun stangveiðileyfa sorglegar:

# „Stjórnarskráin ver okkur fyrir Þór Saari“

**STANGVEIÐI** Óðinn Sigþórsson, formaður Landssambands veiðifélaga, gerir alvarlegar athugasemdir við að Þór Saari, alþingismaður Hreyfingarinnar, setji „eignarrétt veiðiréttareigenda á veiðihlunnindum innan gæsalappa og tali eins og ríkisvaldið hafi það í hendi sér að gera þau upptæk“.

Í Fréttablaðinu í gær sagði frá hugmynd Þórs Saari um að stangveiðileyfum í ám og vötnum verði úthlutað eins og hreindýraveiðileyfum til að jafna möguleika manna á að komast í stangveiði á skaplegu verði. Landeigendur fái greitt þótt það verði lægri upphæðir en nú er.

Óðinn telur út í hött að leggja að jöfnu skipulag veiða úr hreindýrahjörð og veiðar úr staðbundum laxastofnum. „Sem betur fer ver stjórnarskrá lýðveldisins þegnana fyrir svona stjórnmálamönnum eins og Þór Saari,“ segir hann. „Það er algjörlega fráleitt að stjórnmálamenn gæli opinberlega við hugmyndir um að hægt sé að þjóðnýta veiðihlunnindi jarða eins og hendi sé veifað. Í fyrsta lagi þurfa að vera þau lagaskilyrði fyrir slíku að almannahagsmunir krefjist. Síðan þyrfti ríkissjóður að borga fyrir öll herlegheitin.“

Að mati Óðins virðist Þór ekki átta sig á að nýting veiðihlunninda skili þjóðarbúinu miklum gjaldeyri. „Mér finnst þessar hugmyndir hans vera fyrst og fremst sorglegar fyrir hann sjálfan sem þingmann og ekki til þess fallnar að auka álit á Alþingi Íslendinga.“ - gar



**ÓÐINN SIGÞÓRSSON** Veiðar úr hreindýrahjörð er ekki hægt að leggja að jöfnu við veiðar úr staðbundnum laxastofnum, segir formaður Landssambands veiðifélaga.


**N1** VERSLANIR

UPPLIFÐU EM
Í TOPP GÆÐUM!
LED SJÓNVÖRP Á FRÁBÆRU VERÐI




6020 LET40T900
HAIER 40” LED SJÓNVARP
Verð áður 139.900 kr.
TILBOÐ 119.900 KR.
Eða 21.008 kr. á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust lán, alls 126.046 kr.
LET40T900
**Full HD:** Upplausn 1920 x 1080
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 3,7cm




6020 LET32T900
HAIER 32" LED SJÓNVARP
Verð áður 94.900 kr.
TILBOÐ 79.900 KR.
Eða 14.108 kr. á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust lán, alls 84.646 kr.
LET32T900
**HD Ready:** Upplausn 1366 x 768
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 4cm

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA
HAFNARFIRÐI | KEFLAVÍK | AKRANESI | AKUREYRI
EGILSTÖÐUM | HÖFN | SELFOSS
N1 Meira í leiðinni




**BROTTKASTIÐ ER SÓUN** Mette Gjerskov, matvælaráðherra Danmerkur, kallar brottkast á fiski sóun á fiskveiðiauðlindinni og sóun á mat. MYND/RUNE JOHANSEN

# Sjávarútvegsstefnan verði klár árið 2013

**Matvælaráðherra Danmerkur segir mjög mikilvægt að ljúka endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB á næsta ári. Hugsanleg aðild Íslands að sambandinu sé höfð í huga við umbætur á stefnunni.**

**KAUPMANNAHÖFN, FRÉTTABLAÐIÐ** Mette Gjerskov, matvælaráðherra Danmerkur, sem fer meðal annars með landbúnaðar- og sjávarútvegsmál, segir gríðarlega mikilvægt að gera sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sjálfbærari og hagkvæmari. Hún stýrir fiskveiðiráði ESB næsta hálfa árið og segir að endurskoðun á stefnunni verði að komast á rekspöl þannig að henni ljúki á næsta ári.

„Þessum breytingum verður að vera lokið 2013. Það er mjög mikilvægt,“ sagði Gjerskov á fundi með blaðamönnum í Kaupmannahöfn í gær.

Fréttablaðið spurði Gjerskov hvort það væri haft í huga við endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar að hún yrði aðgengilegri fyrir Ísland, meðal annars með því að tekin yrði upp aukin svæðisbundin stjórn fiskveiða á hafsvæði ESB.

„Við gerum ráð fyrir að Ísland geti orðið aðildarríki einhvern tímann í framtíðinni og þessar breytingar eiga að gagnast öllum aðildarríkjum,“ svaraði ráðherrann. „Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar eru ákvæði um að ýmsar ákvarðanir um stjórnun fiskveiða verði teknar á einstökum svæðum og ég geri ráð fyrir að þær hugmyndir rati einnig inn í hina endanlegu stefnu, en við verðum að bíða og sjá hvað kemur út úr samningaviðræðum aðildarríkjanna.“

Gjerskov sagði að gera yrði sjávarútvegsstefnuna hagkvæmari, umhverfisvænni og sjálfbærari. Afleiðing af aukinni sjálfbærni yrði að fiskiskipafloti aðildarríkjanna myndi minnka. Þá væri mjög mikilvægt að draga úr brottkasti og óæskilegum meðafla. Hún sagðist átta sig á að aðildarríkin hefðu mismunandi afstöðu til brottkastsins, en Danmörk hefði gengið á undan með góðu fordæmi og bannað það. „Brottkastið er sóun á fiskveiðiauðlindinni og sóun á mat,“ segir hún.

Matvælaráðherrann vill einnig endurskoða samninga Evrópusambandsins við þriðju ríki um fiskveiðiréttindi í lögsögu þeirra, til að tryggja að sömu reglur um sjálfbærar og ábyrgar veiðar gildi þar og á hafsvæði aðildarríkjanna.

olafur@frettabladid.is

## Úr tillögum framkvæmdastjórnar ESB

- Minni miðstýring, meiri svæðisbundin stjórnun fiskstofna.
- Kerfi framseljanlegra kvóta, nýtingarsamningar til minnst 15 ára.
- Bann við brottkasti, fjölbreytilegri veiðarfæri og sjálfbærari veiðar.




BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00
Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Allt að **70%** AFSL.

# ÚTSALAN

## Í FULLUM GANGI

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR

Opið 11 - 21

NÝTT KORTATÍMABIL

**Komdu og gerðu góð kaup!**

**Verðdæmi:**



Samfellur 3 í pakka
Verð: ~~2.490,-~~
30%: ~~1.743,-~~ Nú 1.245,-



Stelpunáttkjóll
Verð: ~~3.990,-~~
30%: ~~2.793,-~~ Nú 1.995,-



Julien Macdonald poncho
Verð: ~~17.990,-~~ Nú 8.995,-



Stelpuúlpa
Verð: ~~6.990,-~~
30%: ~~4.893,-~~ Nú 3.495,-



Femilet flannel náttföt
Verð: ~~7.990,-~~
30%: ~~5593,-~~ Nú 3.995,-



Femilet Velour galli
Verð: ~~10.980,-~~
30%: ~~7.686,-~~ Nú 5.490,-

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

**FRÉTTASKÝRING:** Sílíkonfyllingar í brjóstum



**PÚÐARNIR FJARLÆGÐIR** Fjöldi franskra kvenna hefur nú þegar látið fjarlægja P.I.P. púðana. Ríkið mun taka þátt í kostnaði við aðgerðina hérlendis séu púðarnir lekir.

NORDICPHOTOS/AFP

# Skaðsemi púðanna rannsökuð í Evrópu

**Evrópska heilbrigðiseftirlitið rannsakar nú mögulega skaðsemi sílíkonsins í brjóstafyllingunum frá franska fyrirtækinu P.I.P. Skaðsemi þeirra hefur ekki verið staðfest. Velferðarráðherra gagnrýnir samspil einkageirans og hins opinbera í heilbrigðiskerfinu. Þúsundir íslenskra kvenna eru með sílíkonpúða í brjóstum sínum.**

Þúsundir íslenskra kvenna eru með sílíkonpúða í brjóstunum. Greinilegt er að aðgerðin nýtur mikilla vinsælda og virðast lýtalæknar almennt sammála um að fyllingarnar geti hjálpað konum við að öðlast sjálfstraust og líða betur með líkama sinn.

Nú hefur komið í ljós að hundruð kvenna hér á landi eru með svokallaðar P.I.P. fyllingar í brjóstunum, sem voru bannaðar hér á landi og víðar í Evrópu vorið 2010. Púðarnir eru frá franska fyrirtækinu Poly Implant Prothèse, sem er nú gjaldþrota, en í ljós kom að í sílíkonfyllingarnar var notað annað efni en fyrirtækið hafði áður fengið gæðavottað. Má því segja að varan hafi verið fölsuð eða gölluð.

### 440 konum veitt þjónusta

Ríkisstjórnin ákvað á þriðjudag að aðstoða þær konur sem hafa umræddar fyllingar í brjóstum sínum með því að bjóða þeim ókeypis ómskoðun á brjóstum og taka þátt í kostnaði við að fjarlægja púðana reynist þeir lekir.

Nokkur gagnrýni kom fram á þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar, meðal annars frá Álfheiði Ingadóttur, formanni velferðarnefndar Alþingis og fyrrverandi heilbrigðisráðherra. Sagði Álfheiður sér vera misboðið að ríkið bjóðist ekki til þess að láta fjarlægja púðana konunum að kostnaðarlausu, hvort sem þeir séu lekir eða ekki. Benti hún á að þótt þeir leki ekki þann dag sem þeir eru skoðaðir, geti þeir farið að leka daginn eftir. Ríkið ætti svo að sækja kostnaðinn til fyrirtækisins sem flutti púðana inn og setti þá í.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir það mat sérfræðinga, bæði hérlendis og í nágrannalöndunum, að eins og staðan sé væri það mun hættumeira að láta konurnar fara í aðgerð til að fjarlægja púða sem ekki eru lekir heldur en að hafa þá í.

„Skaðsemi púðanna liggur ekki fyrir, en það er vissulega ljóst að þetta hefur angrað þær konur þar sem púðarnir hafa sprungið,“ segir hann. Til skoðunar sé einnig að bjóða konunum að koma í reglulegt eftirlit á næstu misserum og fjarlægja þá púða sem leka.

> Ég er svo hjartanlega sammála þessum konum sem ekki vilja vera með þessa púða. Ætli ég sé ekki sá sem mundi þrá það mest að það væri hægt að taka þetta allt í burtu.
>
> **JENS KJARTANSSON**
> FYRRVERANDI YFIRLÆKNIR LÝTALÆKNINGA Á LSH

### Flutti inn og setti í

Sem kunnugt er var það Jens Kjartansson, lýtalæknir og yfirlæknir lýtalækningadeildar Landspítalans sem flutti inn P.I.P. púðana sem voru bannaðir í lok mars árið 2010. Hann ákvað í gær að segja starfi sínu á Landspítalanum lausu vegna álags undanfarnar vikur og veikinda.

Jens fullyrðir að púðarnir hafi ekki verið notaðir eftir að bannið var sett og hafi því þurft að losa sig við birgðirnar sem hann hafði þegar flutt inn. Eitthvað magn af P.I.P. púðum á hann þó enn til á lager.

„Þetta er frekar leiðinlegur minjagripur,“ segir Jens. Að sögn hans liggja þó fyrir niðurstöður frá breska og franska rannsóknareftirlitinu á innihaldsgreiningu púðanna og kemur þar fram að efnið virðist ekki vera eitrað eða hafa skaðleg áhrif á heilsu fólks.

„Til að mynda hefur kanadísk rannsóknarstofa rannsakað 300 týpur af innihaldi brjóstafyllinga. Þar kom í ljós að það er ómögulegt að ná sílíkoninu alveg hreinu en þrátt fyrir það þá hefur það ekki skaðleg áhrif á líkamann,“ segir hann. „Sílíkonið í P.I.P. fyllingunum hefur ekki skaðleg áhrif, þó það komi rof á púðann.“

Álfheiður Ingadóttir hefur einnig furðað sig á því að púðarnir hafi verið bannaðir í tíu ár í Bandaríkjunum en samt sem áður verið notaðir hér á landi. Jens segir það á misskilningi byggt, þar sem Bandaríkjamenn bönnuðu allar sílíkonfyllingar í brjóst árið 1992.

### Skilur konurnar vel

Forstjóri franska framleiðandans P.I.P. hefur sakað konurnar sem sækjast eftir skaðabótum vegna púðanna í Frakklandi um að vera bara á höttunum eftir peningum. Jens deilir ekki því sjónarmiði.

„Ég er svo hjartanlega sammála þessum konum sem ekki vilja vera með þessa púða. Ætli ég sé ekki sá sem mundi þrá það mest að það væri hægt að taka þetta allt í burtu.“

### Ráðherra gagnrýnir samspil

Velferðarráðherra telur það afar óeðlilegt að yfirlæknir á Landspítala flytji inn læknavörur fyrir sína einkareknu stofu.

„Við þurfum að taka spurninguna um ábyrgðina lengra í þessu öllu saman,“ segir Guðbjartur varðandi hlutverk starfandi heilbrigðisstétta fyrir hið opinbera. „Getur það undir einhverjum kringumstæðum verið eðlilegt að viðkomandi sé í viðskiptasambandi við framleiðenda vöru eða söluaðila? Við munum að sjálfsögðu skoða það. Mér finnst þetta sjálfum mjög óeðlilegt.“

### Hagsmunir mega ekki ráða

Guðbjartur segir heilbrigðisyfirvöld hafa verið að taka fyrir að heilbrigðisstarfsfólk á vegum hins opinbera taki þátt í boðsferðum vegna sölu á vöru eða lyfjum.

„Vegna þess að menn eru þá ekki lengur óháðir gagnvart því sem er notað,“ segir hann. „Við sem rekum heilbrigðiskerfið viljum að það sé alltaf notuð hagkvæmasta og besta varan og það má aldrei ráðast af hagsmunum einstakra starfsmanna sem við erum að fjármagna, þó svo að svo hafi ekki verið í þessu einstaka tilviki.“

### Alþjóðlegt hneyksli

Hundruð þúsunda kvenna frá 65 löndum, flestum í Suður-Ameríku og Vestur-Evrópu, hafa fengið púðana í brjóst sín. Heilbrigðiseftirlitið í Frakklandi hefur gefið það út að öllum þeim 30 þúsund frönsku konum sem hafa fyllingarnar skuli láta fjarlægja þær. Þó hefur ekki verið sýnt fram á að sílíkonið valdi heilsutjóni, leki það úr púðunum, en evrópska heilbrigðisrannsóknarstofnunin rannsakar nú mögulega skaðsemi efnisins. Niðurstöður munu liggja fyrir í lok mánaðarins, en hingað til hefur ekki verið sýnt fram á skaðsemi efnisins með óyggjandi hætti.

Svíar, Norðmenn og Bretar hafa tilkynnt að ríkið muni ekki koma að fjarlægingu eða skoðun á púðum þeirra kvenna sem eru með þá, þar sem niðurstöður um mögulega skaðsemi innihaldsins liggi ekki fyrir.



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is

## Notað í brjóst, einangrun og eldhústæki

Sílíkon er unnið úr kísil (e. silicone), sem er eitt af algengustu frumefnum jarðar. Sílíkon í brjóstapúðum er unnið úr kísil og súrefni, ásamt ýmsum olíum og geli sem finna má í hreinsiefnum og snyrtivörum. Kísillinn fer í gegn um mikið og strangt hreinsunarferli áður en hann er notaður í sílíkonið. Hann er eitt af fáum frumefnum sem mannslíkaminn hafnar ekki við ígræðslu.

Unnið sílíkon er einnig notað í gúmmí, smurefni, eldhúsáhöld og einangrunarefni.

*Heimild: Vísindavefurinn*

## Farinn í leyfi

Jens Kjartansson óskaði í gær eftir fjögurra mánaða leyfi frá störfum á Landspítalanum vegna veikinda sem hefðu ágerst við álagið undanfarnar vikur. Þetta tilkynnti hann á fundi með forstöðumönnum spítalans síðdegis.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að afar óeðlilegt væri að yfirlæknir á spítalanum ræki læknastofu og flytti inn lækningavörur.



markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör




NAUTAGÚLLAS
FERSKT

40% afsláttur

1.439 kr/kg
áður 2.398 kr/kg

# LÉTT & FERSKT Í BYRJUN ÁRS




NAUTASNITSEL
FERSKT

40% afsláttur

1.559 kr/kg
áður 2.598 kr/kg




ALIFUGLAHAKK
600 G FROSIÐ

398 kr/pk.
áður 498 kr/pk.




KJÚKLINGABRINGUR
900 G FRÁ DANMÖRKU

1.599 kr/pk.
áður 1.797 kr/pk.




ÝSUFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS

1.188 kr/kg
áður 1.398 kr/kg




ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
800 G

798 kr/pk.
áður 998 kr/pk.




HRÍSGRJÓN
SUÐUPOKAR
4 x 125 G

99 kr/pk.
áður 129 kr/pk.




HAFRAKEX
400 G

29% afsláttur

99 kr/pk.
áður 139 kr/pk.




KORNFLÖGUR
500 G

188 kr/pk.
áður 219 kr/pk.




KAFFI
400 G

498 kr/pk.
GOTT VERÐ!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 12. - 15. jan.**
eða meðan birgðir endast

Tvö ár eru liðin síðan mannskæður jarðskjálfti skók Haítí

# „Mannlífið heldur áfram – markaðir eru opnir og börn ganga í skóla“

**Tvö ár eru liðin frá því að öflugur jarðskjálfti reið yfir Haítí og kostaði á þriðja hundrað þúsund mannslífa. Uppbyggingarstarfið hefur gengið hægt en UNICEF segir mikil tækifæri til langtímaþróunar samfélagsins.**

Í dag eru tvö ár liðin frá því að geysiöflugur jarðskjálfti reið yfir Haítí, en talið er að hátt í 300 þúsund manns hafi látist af völdum hans, auk þess sem eignatjón var gríðarlegt og 1,6 milljónir manna misstu heimili sín. Íbúar Haítí eru um 10 milljónir.

Síðan þá hafa hjálparstofnanir og alþjóðasamtök aðstoðað við endurreisn og umbætur samfélagsins, en Haítí var jafnvel fyrir hamfarirnar fátækasta land á vesturhveli jarðar.

Sem stendur hefst rúmlega hálf milljón manna enn við í neyðarskýlum víða um höfuðborgina Port-au-Prince og illdeilur á stjórnmálasviðinu, milli forseta og þings, hafa tafið nauðsynleg verkefni, líkt og uppbyggingu íbúðarhúsa og atvinnulífs. Þá gekk þar illvígur kólerufaraldur í fyrra, sem hefur sýkt um 500 þúsund manns og kostað sjö þúsund lífið.


SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR

Þó hefur mikið unnist á þessum tíma þar sem skólastofur hafa verið reistar fyrir tugi þúsunda barna og milljónir rúmmetra af húsarústum hafa verið fjarlægðar.

Sigríður Víðis Jónsdóttir, starfsmaður UNICEF á Íslandi, tekur í svipaðan streng en hún fór til Haítí í október síðastliðnum.

„Mannlífið heldur áfram - markaðir eru opnir og börn ganga í skóla. Það eru þess vegna einkennilegar andstæður á milli borgarinnar sem er enn í sárum eftir skjálftann og svo iðandi mannlífsins.“

Hún segir neyðina í tjaldbúðunum þó enn mikla.

> Nú er neyðaraðstoð að miklu leyti lokið en við megum ekki stoppa.
>
> SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR
> STARFSMAÐUR UNICEF Á ÍSLANDI

„Þetta er einmitt fólkið sem er berskjaldaðast, fátækast og það fólk sem bjó áður við illan kost.“

Sigríður segir starf UNICEF, sem er meðal annars fjármagnað með framlögum heimsforeldra á Íslandi, sé á mörgum sviðum.

Þau hafi komið börnum í skóla, jafnvel þeim sem ekki höfðu áður tækifæri til að setjast á skólabekk, unnið gegn vannæringu og vatnsskorti og síðast en ekki síst unnið að barnavernd.

„Á því sviði höfum við unnið mikið og gott starf, í samstarfi við stjórnvöld, til dæmis við að kortleggja barnaheimili og munaðarleysingjahæli landsins og hinn mikla fjölda barna sem var á sínum tíma sendur burt í vist vegna fátæktar heima við.“

Þrátt fyrir óstöðugleika í stjórnmálalífi landsins segir Sigríður að náin samvinna við stjórnvöld sé lykilatriði.

„Við látum slíkt ekki hafa of mikil áhrif á starfið. Samvinna er eina leiðin þegar hugsað er til lengri tíma. Nú er neyðaraðstoð að miklu leyti lokið en við megum ekki stoppa. Það er mjög mikilvægt að halda áfram að vinna frekar að langtímaaðstoð og þróunarsamvinnu.“

Sigríður segir að þrátt fyrir hörmungarnar sem riðu yfir Haítí sé nú tækifæri til að færa þjóðina áfram.

„Vegna hamfaranna kom fjármagn inn í landið og nú er möguleiki á að laga hlutina almennilega til langs tíma. Sérstaklega málefni barna sem voru í lamasessi. UNICEF vill skila bjartri framtíð fyrir þessi hundruð þúsunda barna og nú er tækifærið.“


**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is


**ALGER EYÐILEGGING** Svona var aðkoman víða fyrir réttum tveimur árum þegar þessi mynd var tekin. Heilu borgarhlutarnir hrundu til grunna, en nú hefur um helmingur rústanna verið fjarlægður. NORDICPHOTOS/AFP

## Stjórnmáladeilur tefja endurreisn:

Michel Martelly var kjörinn forseti Haítí á síðasta ári. Mestallur tími hans í embætti hefur einkennst af deilum við þingið og tilheyrandi töfum á aðgerðum til að bæta ástandið.

Meðal annars sakaði þingið Martelly um að hafa handtekið andstæðing sinn á þinginu í trássi við lög. Í kjölfarið beittu þingmenn sér gegn öllum hans ákvörðunum og meðal annars tók það forsetann hálft ár að fá þingið til að samþykkja þann sem hann tilnefndi til forsætisráðherra.

## 7 á Richter-kvarða

- Styrkur jarðskjálftans sem olli hörmungunum var 7 á Richter-kvarðanum. Upptök hans voru um 25 km frá Port-au-Prince.
- Meira en 200.000 manns létust.
- Rúmlega 300.000 manns slösuðust.
- Um 300.000 hús eyðilögðust eða skemmdust í skjálftanum.
- 300 milljörðum hefur þegar verið varið til uppbyggingarinnar.


**HREINSUNARSTARF** Aðstaðan í tjaldbúðunum þar sem þessi maður safnar sorpi til endurvinnslu er afar óhrjáleg en rúm milljón manna hefur þó þegar verið flutt úr slíkum búðum í varanlegri híbýli.


**Á SKÓLABEKK** Hundruð þúsunda barna á Haítí hafa fengið tækifæri til að halda áfram skólagöngu sinni fyrir tilstilli hjálparsamtaka eins og UNICEF. MYND/SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR


**IÐANDI MANNLÍF** Lífið heldur áfram hjá íbúum Port-au-Prince. Hér sést margmenni á markaði í höfuðborginni. NORDICPHOTOS/AFP



# Ótrúleg verð!



Útsöluverð: 30.000 kr.

**Loftljós**

Verð 49.000 kr.



Útsöluverð: 20.000 kr.

**Hangandi ljós**

Verð 36.900 kr.



Útsöluverð: 19.000 kr.

**Ljósakróna**

Verð 39.900 kr.



Útsöluverð: 40.000 kr.

**Loftljós**

Verð 59.900 kr.



Útsöluverð: 16.000 kr.

**Loftljós**

Verð 25.900 kr.



Útsöluverð: 20.000 kr.

**Loftljós**

Verð 35.900 kr.



Útsöluverð: 10.000 kr.

**Loftljós**

Verð 17.900 kr.



**Gólflampi**

Verð 18.900 kr.

Útsöluverð: 13.000 kr.



Útsöluverð: 4.000 kr.

**Borðlampi**

Verð 5.990 kr.



Útsöluverð: 10.000 kr.

**Loftljós**

Verð 16.900 kr.

## Frábær útsala!

Fjöldi loftljósa og lampa á ótrúlega góðu verði. Mikil verðlækkun á sýnishornum!

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFAFF



**VW Passat. Bíll ársins**
Volkswagen Passat metan hlaut afgerandi kosningu sem bíll ársins 2012 hjá Bandalagi íslenskra bílablaðamanna. Passat er verksmiðjuframleiddur metanbíll sem ekki er breytt eftirá. Hann er drifinn áfram af innlendum orkugjafa auk þess að búa að hámarksöryggi vegna hins umhverfisvæna orkugjafa.

## VW Passat Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/Metan
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**4.290.000,-**

# NÝLEGI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í



**Skoda Superb** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 21.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.650.000,-**



**Skoda Yeti** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 22.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.970.000,-**



**Skoda Superb** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 23.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.650.000,-**



**Skoda Octavia** 1,9 TDi
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 99.900 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**



**Skoda Yeti** 2,0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 21.000 km, beinsk.
Ásett verð
**4.190.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4 TSi
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 45.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.790.000,-**



**Toyota Yaris** Terra
Árgerð 2006, dísel
Ekinn 72.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.590.000,-**



**VW Golf** Trendline 1,4 TSi
Árg. 2010, bensín
Ekinn 35.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.890.000,-**



**Audi A4** 2.0 TDi
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 20.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.590.000,-**



**VW Golf** Trendline 1,4 TSi
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 35.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.790.000,-**

## Audi Q7 3.0 TDi S-line
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 17.800 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**13.490.000,-**



Ríkulega búinn bíll. Aftengjanlegur dráttarkrókur, loftpúðafjöðrun, rafmagns opnun/lokun á afturhlera, skyggðar rúður, sjö manna útfærsla, nálgunarvarar í stuðurum með bakkmyndavél, 20” álfelgur, S-line sportpakki, bluetooth símabúnaður, Bi-xenon díóðulýsing, iPod- og USB tengi o.fl. Sjón er sögu ríkari.



**Kia Sorento** 2.5 EX
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 72.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.690.000,-**



**Hyundai I30** Classic
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.990.000,-**

# VIÐ HEFJUM NÝJA ÁRIÐ MEÐ KRAFTI

## VW Polo TDI 1,2
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 25.000 km, beinsk.

Ásett verð
**2.290.000,-**

Eyðslugrannur dísel smábíll. Uppgefin meðaleysðsla frá framleiðanda aðeins 3,8l/100 km.



## MM Pajero 3.2 DID Instyle
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**9.250.000,-**

7 manna dísel jeppi. Meðal búnaðar bílsins eru rafdrifin leður sæti, loftkæling, bakkmyndavél, 18" álfelgur, skyggðar hliðarrúður o.fl.



# R GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Polo** Comfort 1,4
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 37.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.090.000,-**



**VW Passat** Comfort 2,0
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 62.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.950.000,-**

## VW Touareg V10 TDi
Árgerð 2004, dísel
Ekinn 149.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
**3.950.000,-**



Aflmikil 5 lítra V10 dísel vél sem skilar 313 hestöflum. Meðal búnaðar bílsins er napa leðurinnrétting og rafdrifin sæti, sóllúga, fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara, læsing á afturdrifi, aftengjanlegt dráttarbeisli og 20" álfelgur á nýjum heilsársdekkjum. Vel með farinn umboðsbíll.



**Audi Q7** 4.2
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 93.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.950.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi S-line
Árg. 2007, dísel
Ekinn 89.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**7.490.000,-**



**Toyota** Landcruiser 120
GX, Árgerð 2008, dísel
Ekinn 80.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.490.000,-**



**MM Colt** 1,5
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 47.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**1.490.000,-**



**Suzuki Vitara** Sport
Árgerð 2009, dísel
Ekinn 50.000 km, beinsk.
Ásett verð
**3.490.000,-**



**Honda** Accord Executive
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 48.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.590.000,-**



**Toyota Yaris** Terra
Árg. 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.990.000,-**



**Toyota** Landcruiser 150
GX, Árgerð 2010, dísel
Ekinn 52.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**8.490.000,-**



**Suzuki Vitara** Lux
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 46.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**3.800.000,-**



**MM Outlander**
Intense, Árgerð 2011, bensín
Ekinn 22.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**5.290.000,-**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

# neytendur
hagur heimilanna

**386 KRÓNUR** var meðalverðið á einu kílói af heilhveitibrauði í nóvember síðastliðnum samkvæmt rannsókn Hagstofu Íslands. Verðið hefur hækkað um 30 prósent frá árinu 2007 þegar meðalverðið var 296 krónur.

## GÓÐ HÚSRÁÐ - Jólaserían

*Áður en seríunni er pakkað niður*



Þegar seríur eru teknar niður er mikilvægt að taka þær fyrst úr sambandi og láta þær kólna vel áður en þeim er pakkað niður í kassa. Gott er því að taka seríuna úr sambandi deginum áður en henni er pakkað niður svo hún hafi nægan tíma til að kólna. Þannig geturðu komið í veg fyrir að serían ofhitni í kassanum og skemmist.

Einnig er gott að setja hverja seríu fyrir sig í plastpoka, þá er auðveldara að eiga við þær þar sem seríurnar flækjast ekki saman.

**Nýr gististaður í Malmö:**

## IKEA opnar hótel fyrir ferðamenn




Sænski húsgagnaframleiðandinn IKEA ætlar að reisa gististað fyrir starfsmenn og ferðamenn í nágrenni við höfuðstöðvar sínar í suðurhluta Malmö í Svíþjóð, að því er kemur fram á vefnum www.turisti.is sem vitnar í danska miðilinn Berlingske.

Greint er frá því að ekki sé ljóst hvort innanstokksmunirnir verði eingöngu sóttir í búðina við hliðina.

Jafnframt er þess getið að hótelið í Malmö verði ekki eini gististaður IKEA-veldisins því í Smálöndunum, í suðurhluta Svíþjóðar, standi enn mótelið sem byggt var við fyrstu verslunina í Älmhult. - ibs

**Könnun Neytendastofu:**

## Endurskinsmerki eiga að vera CE-merkt

Neytendastofa hefur skoðað yfir 40 merki sem seld hafa verið sem endurskinsmerki auk þess sem Vegagerðin hefur kannað endurskin merkjanna. Á vef Neytendastofu segir að endurskinsmerki sem ekki uppfylli kröfur um endurskin veiti falskt öryggi.

Bent er á að endurskinsmerki verði meðal annars að vera með CE-merki og merkt með númerinu EN 13356 eða ÍST EN 13356. Slík merking tákni að framleiðandinn hafi látið prófa vöruna og staðfest að hún sé í lagi.

Einnig verði að fylgja leiðbeiningar á íslensku um hvort merkin þoli þvott og hvernig eigi að festa þau þannig að þau veiti öryggi. - ibs

**Rannsókn í Danmörku:**

## Gosþamb veldur fitu í lifur




Beint samhengi er á milli hversu mikið magn gosdrykkja ungmenni drekka og fitumagns í lifur þeirra, vöðvum, blóði og búk, að því er niðurstöður rannsóknar vísindamanna við Árósaháskóla sýna.

„Fitan safnast upp á röngum stöðum í líkamanum. Hún safnast ekki í venjulegum fituvef heldur þar sem fita er almennt ekki velkomin,“ sagði Bjørn Richelsen prófessor í viðtali við danska ríkisútvarpið.

Vísindamennirnir rannsökuðu hóp ungra Dana sem drukku daglega hálfan lítra af kóladrykk í hálft ár. Samanburðarhópur var látinn drekka vatn, undanrennu og light-gosdrykk. Aukið fitumagn fannst aðeins hjá þeim sem drukku gosdrykk með venjulegu sykurmagni. - ibs



**HÆTTA Á SKEMMDUM** Sé ekið á fullri ferð út í risapolla er hætta á vatn komist inn í bílvélar og brunahólf þeirra. Slíkt getur valdið miklum skemmdum á vélunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bílvélar geta eyðilagst komist vatn inn á þær

**Bílvélar geta eyðilagst af rakamyndun, sóti og kælivökva. Niðurstaða þýskrar rannsóknar leiddi í ljós að fjórði hver bíll í umferð var annaðhvort með of litla eða of mikla vélarolíu. Olían var jafnframt oft orðin svo léleg að stórhætta var á að vélin eyðilegðist. Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir ekkert benda til að ástandið sé öðruvísi hér.**

Í rannsókn á vegum þýsku stofnunarinnar Gesellschaft für Technische Überwachung var olíustaða og ástand olíunnar mælt í 700 bílum sem komu inn á skoðunarstöðvar til árlegrar öryggisskoðunar. Olíusýnin reyndust góð úr rúmlega öðrum hverjum bíl eða 56,1 prósenti. 38,2 prósent reyndust vera í meðallagi en 5,7 prósent sýnanna reyndust hættulega léleg. Eigendum 22 prósenta bílanna var bent á að skipta þyrfti um olíu strax, að því er segir á vef FÍB.

Þar segir jafnframt að það sem mest rýri smureiginleika olíunnar sé sót, vatn sem kemur frá rakamyndum sem síðan blandast olíunni, eldsneyti og frostlögur sem komist hefur í olíuna.

„Þegar við notum bílana í snatti í þéttbýli hitnar vélin ekki almennilega. Loftrakinn þéttist þá inni í vélinni og fellur saman við olíuna. Þegar vatnsinnihaldið er orðið of hátt rýrnar smurgildi olíunnar, slitfletir vélarinnar slitna hraðar og hætta eykst á ryðmyndun og ryðútfellingum,“ segir Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá FÍB. Hann getur þess að útfellingar verði einnig vegna sóts þegar bensín eða dísilolía brennur. Kælivatn í olíu er merki um að heddpakkning sé að bila. Þá þarf að skipta um hana í snatri áður en verra hlýst af, að því er Stefán greinir frá.

Hann mælir með því að skipt sé um olíu á 5 þúsund km fresti sé bíl ekið í þéttbýli. Þá sé miðað við hágæðaolíu sem endist betur en jarðolía.

Á vef FÍB eru bílstjórar varaðir við því að aka á fullri ferð út í vatnsaga sem myndast í asahláku. Stórhætta sé á að vatn komist inn í bílvélar og brunahólf þeirra sé það gert. Slíkt geti valdið mjög miklum og dýrum skemmdum á vélunum.

Bent er á að komist vatn í brunahólfin þýði það oftast að eitthvað verði undan að láta. Vatnið „fjaðri“ ekki eins og loftið sem þangað sogast inn. Þess vegna bogni stimpilstangir eða brotni. Sérstaklega mikil hætta er á þessu sé um dísilbíl að ræða.




Á þriðja tug félaga á leið í Kauphöllina

„Það er mikil gróska og áhugi á skráningu“, segir Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, í nýjasta þættinum af Klinkinu á viðskiptavef Vísis. Í viðtalinu fer Páll yfir skráningu bankanna í Kauphöllina, skráningu orku- og sjávarútvegsfyrirtækja, eftirlitshlutverk Kauphallarinnar fyrir hrun, afléttingu gjaldeyrishafta og valkosti Íslands í gjaldmiðilsmálum, svo eitthvað sé nefnt.

klinkið

Nýjasta þáttinn af Klinkinu má nú finna á Vísir.is/vidskipti

vísir




**HÚSNÆÐI** Flest erindanna sem bárust Neytendasamtökunum voru vegna húsaleigu.

Neytendasamtökin fengu níu þúsund erindi 2011:

# Þúsund erindi bárust vegna húsaleigu

**NEYTENDUR** Neytendasamtökunum bárust alls 8.828 erindi á síðasta ári. Flest erindanna voru vegna húsaleigu eða 1.048, þar af 817 eftir að samningur við velferðarráðuneytið tók gildi 1. maí síðastliðinn.

Í nóvember bárust að meðaltali um átta erindi á dag vegna húsaleigu. Algengast var að fyrirspurnir leigjenda snerust um viðhald og ástand eignar auk uppsagnar á leigusamningi.

Heimsóknir á nýja heimasíðu Neytendasamtakanna, www.leigjendur.is, voru hátt í fimm þúsund frá því að hún var opnuð í október síðastliðnum.

Næstflest erindi komu vegna fjármála- og innheimtufyrirtækja, raftækja og fjarskiptatækja, að því er segir í tilkynningu frá Neytendasamtökunum.

Hlutfallsleg aukning var mest í erindum vegna verðlags og verðmerkinga og einnig húsaleigu.

Samtökin greina frá því að kvörtunarþjónustan hafi haft milligöngu í 176 kvörtunarmálum á árinu, flest vegna Evrópsku neytendaaðstoðarinnar, ENA.

Langflest málin sem bárust ENA sneru að ferðamálum. Hlutverk ENA er að aðstoða neytendur sem eiga í deilum við seljendur vöru eða þjónustu yfir landamæri innan EES-svæðisins. - ibs




ENNEMM / SÍA / NM47116

www.renault.is

P
FRÍTT Í STÆÐI!

**$CO_2$ ÚTBLÁSTUR 109 G/KM** er það lægsta sem þekkist í sjálfskiptum dísilbíl í þessum stærðarflokki. Nýr Renault Megane III með nýju 1500 rúmsentimetra dísilvélinni og 6 gíra EDC sjálfskiptingunni er einhver sparneytnasti bíll sem völ er á. Hann er meðal annars búinn stöðugleikastýringu og spólvörn (ESP), skriðstilli (cruise control), loftkælingu, 16” álfelgum og er með aðgerðahnappa fyrir hljómtæki í stýrinu. KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG KYNNTU ÞÉR ÞENNAN FRÁBÆRA BÍL.

RENAULT

**B&L OG INGVAR HELGASON** Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Á tíu árum hafa tæplega 780 fangar verið í fangabúðum við Gvantanamóflóa.

# Sekir þar til sakleysi er sannað

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Fangabúðir Bandaríkjamanna í bandarísku flotastöðinni við Gvantanamóflóa á Kúbu hafa nú verið við lýði í áratug. Jafnlengi hafa þar verið framin svívirðileg mannréttindabrot á þeim föngum sem þangað hafa verið hnepptir. Nokkrir þeirra fanga sem hafa verið í Gvantanamó voru yngri en átján ára þegar þeir voru sendir þangað, sá yngsti fjórtán ára.

Frá upphafi hafa nærri 780 fangar verið í búðunum og nú tíu árum eftir að fyrstu 20 fangarnir voru fluttir þangað er þar 171 fangi. Sumir þeirra hafa verið í varðhaldi frá því skömmu eftir að búðirnar voru settar á laggirnar og fæstir þeirra hafa verið ákærðir og óvíst er að réttað verði yfir þeim nokkru sinni.

Það er erfitt að ímynda sér þá algeru einangrun sem fangarnir í Gvantanamó búa við. Þeir munu eiga rétt á tveimur símtölum á ári og einungis frá allra nánustu fjölskyldu. Alþjóðlegi Rauði krossinn eru einu samtökin sem hleypt hefur verið inn í búðirnar en gegn algerri þagnarskyldu og fáeinir lögmenn, læknar og sálfræðingar sem hafa játast undir alls kyns skilyrði hafa einnig komið í búðirnar en vitanlega enginn blaðamaður.

Aðbúnaður fanga í Gvantanamó er á engan hátt í samræmi við þau viðmið sem þjóðir heims hafa komið sér saman um að gildi um meðferð fanga. Grimmilegum pyndingum hefur verið beitt við yfirheyrslur í gegnum árin enda lýsti Georg Bush, fyrrum Bandaríkjaforseti, því yfir strax árið 2002 að Genfarsáttmálinn, sem meðal annars bannar pyndingar og annars konar niðurlægingu fanga, ætti ekki við talibana, Alkaída-liða og aðra þá sem teknir væru höndum í „stríðinu gegn hryðjuverkum“.

Frá upphafi hafa búðirnar í Gvantanamó verið gagnrýndar harðlega og eftir því sem dregin hefur verið upp skýrari mynd af því sem fram fer í flotastöðinni á Kúbu hefur gagnrýnin harðnað.

Lokun fangabúðanna í Gvantanamó var meðal kosningaloforða Baracks Obama og fyrir tveimur árum gaf hann út tilskipun þess efnis að loka skyldi búðunum. Sú tilskipun var hins vegar ógilt af meirihluta þingsins í Washington og þar við situr.

Búðirnar sem í upphafi var litið á sem tilraun hafa öðlast sess sem ein af táknmyndunum „stríðsins gegn hryðjuverkum“ og margir óttast að Bandaríkjamenn munu ekki í bráð hætta að halda mönnum föngnum án allra réttinda í þágu þess stríðs og að Gvantanamóbúðirnar séu komnar til að vera.

Fangabúðirnar í Gvantanamó eru ekki aðeins skömm Bandaríkjamanna, þær eru alþjóðasamfélaginu öllu til háborinnar skammar.

Mannréttindasamtök hafa vissulega verið ötul við að minna á tilvist fanganna í Gvantanamóbúðunum, ekki síst Amnesty International. Á heimasíðu Amnesty á Íslandi má nú skrifa undir áskorun til Bandaríkjaforseta um að binda enda á varðhaldsvist fanganna í flotastöðinni í Gvantanamó.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

MEISTARAVARNIR Í TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD

FIMMTUDAGINN 12. JANÚAR:

Kl. 14:00 í stofu V307
Steindór Hjartarson: Utilization of Supercritical Geothermal Fluid. *Nýting jarðgufu frá djúpborunarholu við Kröflu.*
Leiðbeinendur:
Guðrún Sævarsdóttir, Kristinn Ingason, Halldór Pálsson, Bjarni Pálsson. Prófdómari er Geir Þórólfsson.

Kl. 15:00 í stofu V307
Haraldur Sigurðsson: Quantifying Water Saturation in Steel Pipes using X-Rays. *Notkun röntgentækni til að mæla mettunarhlutfall vatns í stálröri.*
Leiðbeinendur:
Haraldur Auðunsson, Guðrún Sævarsdóttir, María S. Guðjónsdóttir. Prófdómari er Gissur Örlygsson.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST
REYST
www.ru.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Má ég vera memm?

Gunnar Bjarni Sveinsson er sár. Og móðgaður. Ástæðan er sú að stjórnendur þeirra þátta Ríkisútvarpsins sem fjalla um stjórnmál hafa ekki séð ástæðu til að bjóða honum í þættina. „Ekki einn. Þó er ég fyrsti þingmaður Framsóknarflokksins í NV-kjördæmi og formaður þingflokks framsóknarmanna!“ segir hann í grein í Morgunblaðinu. Um leið og aulahrollurinn hríslast um mann verður að dást að Gunnari Braga fyrir hreinskilnina. Hann er einfaldlega sár því hann fær ekki að vera memm.



### Helsta baráttumálið

Margir hafa orðið til þess að gagnrýna borgaryfirvöld sem hafa þurft að grípa til ýmissa ráðstafana í kreppunni. Því er athyglisvert að sjá hvað það er sem Jón Gnarr lýsti á DV sem sínu helsta baráttumáli. Aðspurður hverju hann mundi breyta í borginni gæti hann breytt hverju sem er sagði hann: „Mitt helsta baráttumál er að fá Héraðsdóm burt af Lækjartorgi.“ Þá er nú varla mikið að í borginni.



### Skrattinn og amman

Jón var í beinni línu hjá DV og einn þeirra sem baunaði á hann var Þráinn Bertelsson sem spurði: „Hvort kemur þú þjóðinni að meira gagni sem heittelskaður leikari og skemmtikraftur eða sem umdeildur stjórnmálamaður með einkabílstjóra?“ Jón svaraði: „Ég er ekki með einkabílstjóra, Þráinn. Hvort kemur þú þjóðinni meira að gagni sem heittelskaður leikstjóri eða vægast sagt umdeildur pólitíkus?“ Þar hitti skrattinn ömmu sína.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Tónlistartengd ferðamennska

Menning

Anna Hildur Hildibrandsdóttir
útgáfustjóri ÚTÓN



Á heimasíðu ÚTÓN birtust í vikunni niðurstöður könnunar um veltu vegna komu erlendra ferðamanna á Iceland Airwaves-hátíðina. Fyrir utan menningarlegt gildi hátíðarinnar skapast heilmikil hagræn og samfélagsleg verðmæti.

Í könnuninni kemur meðal annars fram að velta erlendra gesta hefur aukist um 55% frá árinu 2010 og nemur upp undir 700 milljónum ef reiknaður er ferðakostnaður gestanna og eyðsla.

Árið 2007 þegar ÚTÓN tók til starfa beitti skrifstofan sér fyrir því að gerður yrði listi yfir allar tónlistarhátíðir á landinu sem starfað höfðu samfleytt í meira en þrjú ár. Reyndust þær um 30 talsins. Síðan hefur ÚTÓN átt í samstarfi við Íslandsstofu og ferðamálageirann um að bjóða blaðamönnum, listrænum stjórnendum og kaupendum á hátíðir og viðburði. Í starfi þessu kemur í ljós að tilfinnanlegur skortur er á markvissri fjárfestingu í kynningarmálum og vöruþróun á þessu sviði. Iceland Airwaves byrjaði sem lítið partí árið 1999 og hefur vaxið jafnt og þétt síðan. Áhugi útlendinga á að koma til Íslands og upplifa tónlistarviðburði er mikill enda hafa íslenskir tónlistarmenn og tónhöfundar kveikt í ástríðufullum tónlistarunnendum um allan heim með sköpunarkrafti sínum og elju. Það er fyrir þeirra tilstilli að tengslanet og þekking hefur skapast til að þróa viðburði sem varið er í. Airwaves er einungis eitt dæmi um hversu mikil verðmæti er hægt að skapa í samstarfi tónlistar- og ferðamálageirans. Það er hins vegar mikilvægt að þekking tónlistargeirans á vöruþróun í þessum efnum sé viðurkennd.

Margt hefur áunnist frá því að Airwaves hóf göngu sína og frá því að byrjað var að benda á nytsemi hátíða til að bjóða heim fólki að utan. Ákveðin sýn á þessum málaflokki var fest í viðamikilli stefnumótun skrifstofunnar sem fram fór sumarið 2010 og hefur verið kynnt víða.

En betur má ef duga skal. Stjórnvöld og bæjaryfirvöld víðs vegar þurfa að fjárfesta markvisst í því að tónlistartengd ferðaþjónusta fái svigrúm til að þróast þannig að hún nýtist bæði sem öflugt tæki til að kynna íslenska tónlist og það umhverfi sem hún á heima í. Hugmyndir, tillögur og þekking er til staðar og um leið mælingar á árangri eins og Iceland Airwaves könnunin sýnir.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hið mjúka vald

Í DAG



Jón Ormur Halldórsson
dósent

Margt það merkilegasta fer undarlega hljótt. Þrátt fyrir allt, og öfugt við það sem margir halda, býr mannfólkið nú á tímum líklega við meiri frið og minna ofbeldi en nokkru sinni fyrr í sögu þess. Ofbeldi innan flestra samfélaga hefur sannanlega minnkað. Stríðum á milli þeirra hefur greinilega fækkað. Og stríðin nú höggva ekki sem fyrr í þjóðir. Þessu trúa líklega ekki margir sem fylgjast með fréttum. En tölfræðin á bak við þetta er þekkt, sumpart raunar umdeild, en þó í heildina sannfærandi. Þetta hefur kanadíski fræðimaðurinn Steven Pinker nýlega rætt í frægri bók.

### Enginn veit

Rök Pinkers um ástæðurnar fyrir þessari heimssögulegu þróun eru minna sannfærandi en tölfræðin sem hann notar. Breski fræðimaðurinn John Gray er einn þeirra sem gagnrýnir ályktanir Pinkers en Gray er heimsþekktur fyrir óþægilega skýr rök um að maðurinn sjálfur geti lítið skánað. Það þýðir þó ekki að mannleg samfélög geti ekki batnað. Það hafa þau ljóslega víðast gert. Stóra myndin er að ofbeldi í heiminum er miklu minna en áður þótt menn skilji ekki vel ástæðurnar fyrir því.

### Kvenlegri heimur

Ef til vill má nota samlíkingu sem flestum er töm og segja að heimurinn hafi orðið kvenlegri. Þróun frá ofbeldi hófst hins vegar fyrr en barátta nútímans fyrir jafnrétti kynjanna. Minnkandi ofbeldi skýrist því ekki með kvenfrelsi heldur gæti samhengið verið öfugt. Hættir sem oft eru kvenkenndir og eiga hér við eru til dæmis þeir að sækja frekar í samtöl en slagsmál og frekar í mýkt en hörku. Líka að vilja frekar skilja fólk og vinna með því en að sýna því vald sitt og stöðu. Auðvelt er að sjá þýðingu þessara hluta fyrir stöðu og árangur þjóða í alþjóðlegu samfélagi.

### Slagsmál og spuni

Yfirgangssemi er síður líkleg til árangurs í alþjóðakerfinu en áður. Rembingur í nafni þjóða hefur líka orðið að aðhlátursefni frekar en uppspretta virðingar. Fæstum þykir núorðið flottur sá háttur víkinga að slást á daginn og grobba á kvöldin. Bjartur í Sumarhúsum minnir líka frekar á Norður-Kóreu en Norðurlönd. Frá slíkum hugmyndum og háttum eru þjóðir að hverfa. Fyrir stærri ríki þýðir þetta að hervald, kúgun, hótanir og mútur reynast ekki eins vel og áður. Fyrir minni þjóðir þýðir þetta að ekki er nóg að tylla sér á tá, hafa hátt og grobba um eigið ágæti. Þróun frá ofbeldi og mannalátum til hins kvenlega er enn meira fagnaðarefni litlum þjóðum en stórum.

### Mjúkt vald

Sá hefur vald sem getur fengið aðra til að lúta vilja sínum. Hart vald er getan til að skipa fyrir. Mjúkt vald er getan til að ná því sama án þess að beita þvingun, hótun eða greiðslu sagði bandaríski fræðimaðurinn Joseph Nye en hann var fyrstur manna til að nota hugtakið með kerfisbundnum hætti í greiningu á alþjóðamálum. Sá hefur mest mjúkt vald sem fær aðra til að vilja það sem hann vill að þeir vilji.

### Rök eða rígur

Núorðið er þorri samskipta ríkja án árekstra og öllum til akks. Sífellt fleiri viðfangsefni ríkja eru alþjóðlegs eðlis. Þjóðir ná líka æ síður árangri með því að streitast upp á sitt eindæmi. Jafnvel sterkustu ríki sjá sér hag í víðtækri samvinnu. Um leið eru áhrif í alþjóðamálum sífellt minna sprottin af hörðu valdi þeirra sterkustu. Í samstarfi þjóða ræður oft mýkra vald frá degi til dags. Uppspretta áhrifa er æ oftar að finna í siðferði, hugmyndum, lífsmynstri, kunnáttu og í færni í samstarfi. Áhrifin er sífellt sjaldnar að finna í skriðdrekum og sprengjum eða í rembingi og ríg.

### Hörð og veik

Sovétríkin áttu yfirþyrmandi herstyrk en lítið af mjúku valdi. Bandaríkin styrktust í heiminum með því að sýna sitt opna eðli og velja son afrísks múslima sem forseta. Þúsund nýjar herþotur hefðu ekki skipt minna máli. ESB er veikt af vopnum en sterkt af mjúku valdi sem það sækir í mikla menningu álfunnar og í virðingu sína fyrir mannréttindum og vilja til uppbyggilegs samstarfs. Það mun miklu ráða um þróun alþjóðamála hvort Kínverjar ná að þróa mjúkt vald til jafns við efnahagsmátt sinn og herstyrk. Enn hafa þeir lítið af sigrandi mýkt.

### Opin, mjúk og sterk

Hin sterka mýkt sprettur úr jarðvegi opinna samfélaga, frjórrar menningar, kunnáttusemi, vitsmuna og siðferðiskenndar. Þetta vald sprettur af orðspori þess sem gerir hluti með aðlaðandi, sönnum og trúverðugum hætti. Eins og til dæmis Svíar gera í jafnréttismálum, Norðmenn í friðargæslu, Þjóðverjar með víðtækum samstarfsvilja, Frakkar og Bretar með framlagi til heimsmenningar, Svisslendingar með ábyggilegheitum og Bandaríkin með Hollywood og Harvard.

### Þræðir

Slíkt vald verður til með þráðum sem liggja frá milljónum stofnana og fyrirtækja af öllu tagi til ótölulegs fjölda af alls kyns miðstöðvum þar sem hlutir koma saman. Þar skiptir kunnáttusemi tíðum meira máli en peningar, skynsemi iðulega meira máli en skriðdrekaeign og vilji til samstarfs oftast meira máli en rembingur. Þetta er flóknari heimur en sá gamli. Hann krefst meiri hugsunar og færri skotgrafa. Fyrir þjóðir sem kunna að fóta sig í flóknum og fjölþættum veruleika er hann opnari og tækifærin fleiri og fínni.

> Í samstarfi þjóða ræður oft mýkra vald frá degi til dags. Uppspretta áhrifa er æ oftar að finna í siðferði, hugmyndum, lífsmynstri, kunnáttu og í færni í samstarfi. Áhrifin er sífellt sjaldnar að finna í skriðdrekum og sprengjum eða í rembingi og ríg.

# Viðskiptaráð og skattar – listin að láta aðra borga

Skattamál



Huginn Freyr Þorsteinsson
fyrrum aðstoðarmaður fjármálaráðherra

Viðskiptaráð kynnti nýlega úttekt sína á skattkerfisbreytingum sem hafa átt sér stað á Íslandi eftir hrun en þar tiltaka þeir 100 skattkerfisbreytingar. Boðskapur úttektarinnar á að heita skýr og vakti hann talsverða athygli. Búið er að ganga of langt í skattheimtu og merki þess farin að sjást í hagkerfinu. Lausnin á vandanum er svo gamalkunnug en hún er að leyfa gróðanum að njóta sín þannig að hagkerfið fái súrefni til að dafna aftur.

Vandinn við þessa mynd Viðskiptaráðs er þó margvíslegur en aðallega sá að hún er einfölduð. Ýmsa skatta er búið að hækka en aðra skatta er búið að lækka. Margar þær skattabreytingar sem ráðið tiltekur hafa snúist um að halda krónutölusköttum í takti við verðlag. Svo eru aðrir möguleikar til. Fyrirtæki sem vilja fjárfesta á Íslandi geta fest sig í ákveðinni skattprósentu til langs tíma og varið sig þannig gegn mögulegum skattahækkunum. Sömu aðilar geta jafnframt notað ýmsa skattaafslætti eða fengið önnur gjöld niðurfelld.

Sum fyrirtæki, líkt og Elkem, hafa ekki borgað tekjuskatt í mörg ár. Álverin borguðu undir 300 milljónir í tekjuskatt fyrirtækja árið 2009. Sjávarútvegurinn, sem er stærsta atvinnugrein landsins, borgaði í heild 1,4 milljarða króna í tekjuskatt fyrirtækja árið 2010. Er það íþyngjandi?

Nýsköpunarfyrirtæki hafa síðan 2009 notið skattaafslátta til að styðja sérstaklega við rekstrarskilyrði þeirra. Gagnaver á Íslandi njóta sérstakra skattakjara – raunar svo ríkulegra að ESA hefur ákveðið að taka þau kjör til skoðunar. Endurgreiðsla á sköttum vegna kvikmyndagerðar hefur aldrei verið hærri en á árinu 2011. Átakið „Allir vinna“ snerist um að endurgreiða skatta vegna framkvæmda. Gjöld af umhverfisvænum bílum hafa lækkað. Búið hefur verið til frítekjumark fyrir vaxtatekjur.

Skattbyrði lægstu launa hefur lækkað eftir hrun. Persónuafsláttur hefur verið hækkaður og hafið er að lækka tryggingargjaldið. Skatttekjur ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru svipaðar nú og þær hafa iðulega verið í venjulegu árferði. Almennir fyrirtækjaskattar á Íslandi og Írlandi eru enn í dag með þeim lægstu í Evrópu.

Við eigum það líka sameiginlegt með frændum okkar Írum að hafa fylgt hugmyndafræðilegri pólitík Viðskiptaráðs í skattlagningu um árabil. Og bæði löndin enduðu á sama stað í efnahagslegu tilliti með froðuhagkerfi sem hrundu á einni nóttu.

Raunar var hrun Íslands til sérstakrar umfjöllunar í heimildarmyndinni „Inside Job“ en eitt leiðarstefið í þeirri mynd er hvernig þrýstihópar útbólgnir af fjármagni hafa áhrif á stjórnmálamenn, fræðisamfélag og umhverfið almennt til að tryggja hagsmuni sína. Sem dæmi studdust höfundar myndarinnar við skýrslur sem Viðskiptaráð keypti af fræðimönnum fyrir hrunið til að veita útrásar-Íslandi heilbrigðisvottorð. Niðurstaðan var að við Íslendingar lifðum líklegast í besta mögulega heimi allra heima. Skýrslurnar voru fokdýrar enda þurfti mikið hugvit í slíka raunveruleikasmíði korteri áður en besta kerfið hrundi.

En það var ekki kjánaskapur sem rak slíka skýrslugerð áfram heldur þurfti ríka réttlætingu til að láta kerfið halda áfram. Ísland fyrir hrun er nefnilega dæmi um samfélag þar sem hinir sterkefnuðu borguðu minna til samfélagsins en hinir efnaminni. Með bellibrögðum tókst að sannfæra fólk um að ákjósanlegt væri að hlífa auðfólki við skattlagningu en venjulegir borgarar skyldu standa undir kerfinu. Þess vegna gátu þessir aðilar fengið rapparann 50 cent sjálfan í afmælið sitt eða Elton John í stað þess að láta DVD diskinn nægja. Fjármagn var með pólitískri leiðsögn flutt frá samfélaginu til auðmanna og völdin fylgdu með.

Og á meðan lánsféð streymdi um íslenskt hagkerfi var hægt að telja almenningi trú um góðæri. En þrátt fyrir einhverja lægstu skatta á auðmagn og fyrirtæki og klæðskerasaumaða auðmannalöggjöf um eignarhaldsfélög flúðu víkingarnir land. Félög þeirra enduðu á stöðum með framandi nöfnum eins og Tortóla í flóknum viðskiptafléttum sem nú er búið að eyða fúlgum fjár í að rannsaka. Þetta kerfi misskiptingar vörðu margir fleiri en Viðskiptaráð og það alveg fram á síðasta dag.

Skattkerfisbreytingar á alltaf að ræða enda þarf að vera skýr réttlæting fyrir hvers kyns skattheimtu. Framlag Viðskiptaráðs er þó ekki framlag til umræðu um skatta heldur lymskulegt áróðursbragð til að drepa umræðunni á dreif og vinna málstaði fylgis er gengur út á að hlífa ákveðnum aðilum við skattheimtu.

Þó sýnir reynslan okkur að aðilar tengdir ráðinu hafa ekki verið hógværir í kröfum sínum á skattfé þegar í harðbakkann slær. Mörgum þeirra fannst ekki einu sinni nóg þegar Seðlabanki Íslands var búinn að nota yfir 190 milljarða króna á árinu 2008 til að reyna að bjarga því fjármálakerfi sem Viðskiptaráð taldi að væri grunnurinn að velsældinni.

> Skattkerfisbreytingar á alltaf að ræða enda þarf að vera skýr réttlæting fyrir hvers kyns skattheimtu. Framlag Viðskiptaráðs er þó ekki framlag til umræðu um skatta heldur lymskulegt áróðursbragð til að drepa umræðunni á dreif og vinna málstaði fylgis er gengur út á að hlífa ákveðnum aðilum við skattheimtu.

40%
afsláttur
af umgjörðum
fimmtudag
föstudag
laugardag

Dömu Vintage á
kr. 5.000



LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

ÝMSAR SÉRVÖRUR Á 40-70% AFSLÆTTI

COLEMAN FERÐAVÖRUR Á 30% AFSLÆTTI

# RISAÚT



**COLUMBIA DASKA GÖNGUSKÓR**
Dömu- og herrastærðir 36–48
**23.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 37.990 KR.



**COLUMBIA ALASKAN DÚNÚLPA**
Stærðir M–XXL, einnig til í svörtu
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**NIKE MRT DÚNÚLPA**
Stærðir S–XXL
**26.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 44.990 KR.



**NIKE RONGBUK SKÓR**
Stærðir 41–49
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**COLUMBIA HEXABREAKER ÚLPA**
Stærðir XS–XL
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 59.990 KR.



**NIKE ALLURE DÚNÚLPA**
Stærðir S–XL
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**VIKING QUARTER GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–47
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 20.990 KR.



**COLUMBIA NEWTON RIDGE**
Stærðir 36–46
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.



**DIDRIKSONS ZETA REGNBUXUR**
Stærðir S–XXL
**7.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 10.990 KR.



**CONWAY KULDASKÓR**
Vatnsheldir, einnig til í svörtu
Stærðir 25–35
**4.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 6.799 KR.



**COLUMBIA SNOW BARNADÚNÚLPA**
Stærðir S–XL
**15.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.



**REDFEATHER SNJÓÞRÚGUR**
**18.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**ELLINGSEN GASOFN**
**19.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.900 KR.



**ICEWEAR BARNADÚNÚLPA**
Stærðir XS–XXL
**8.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR.



**EL PRADO GASGRILL**
2 brennarar
**33.990 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

PIPAR\TBWA • SÍA

VIKING · Columbia Sportswear Company · DEVOLD · DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN · MOUNTAIN HARD WEAR · SCOTT

# TSALA

## ELLINGSEN

**MOUNTAIN HARDWEAR FATNAÐUR Á 20% AFSLÆTTI**

**ALLAR VÖRUR FRÁ NIKE Á 30% AFSLÆTTI**

**COLUMBIA ÚTIVISTAR-FATNAÐUR Á 25% AFSLÆTTI**



**DEVOLD** EXPEDITION ULLARFATNAÐUR
KK og KVK, margir litir

Bolur
**7.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.490 KR.

Buxur
**7.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.490 KR.

**ALLAR VÖRUR FRÁ DEVOLD Á 20% AFSLÆTTI**



**DIDRIKSONS** BARNAREGNGALLI
Vind- og vatnsheldur
**4.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 6.990 KR.



**PENN** SJÓSTÖNG
Létt, 7 feta grafítstöng
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.



**SCOTT** FREERIDE JAKKI
Stærðir M–XXL
**22.320 KR.**
VERÐ ÁÐUR 27.900 KR.



**COLEMAN** ATLANTIC MAX SVEFNPOKI
Þyngd: 1,6 kg
**5.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.900 KR.



**BERKLEY** CHERRYGOOD VEIÐISTÖNG
8 fet
**3.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.



**SCOTT** SPLASH HLÍFÐARBUXUR
Vatnsheldar m. öndun, stærðir M–XXL
**47.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 59.990 KR.

**ALLAR VÖRUR FRÁ SCOTT Á 20% AFSLÆTTI**



**COLUMBIA** TALUS GÖNGUSKÓR
Stærðir 39–46
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 32.990 KR.



**ABU GARCIA** VEIÐITASKA
Vatnsheld
**5.790 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.



**ALLEN** SKOTBELTI
**2.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.890 KR.



**ABU GARCIA** VEIÐITASKA
**3.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.990 KR.



**VIKING** FINSE GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–46
**23.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.



**BUCK EXPERT** STOKKANDAFLAUTA
**1.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 3.490 KR.



**SCOTT** LAMBHÚSHETTA
Stærðir S–XL, góð öndun
**4.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.490 KR.



**ELLINGSEN** GASGRILL
2 brennarar, yfirbreiðsla fylgir
**69.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 79.990 KR.



**REM** SPORTSMAN HREINSISETT
**2.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Hvernig á að kjósa forsetann?

**Forsetaembættið**

**Þorkell Helgason**
sat í stjórnlagaráði



Forsetakosningar verða snemmsumars og því er nú rætt um hvernig kjörið fari fram. Í 5. gr. gildandi stjórnarskrár segir að sá sé rétt kjörinn forseti „sem flest fær atkvæði“. Bent er á að frambjóðandi geti náð kjöri með litlu fylgi samkvæmt þessari reglu. Því hefur verið kastað fram að nær tugur frambjóðenda kunni að verða í boði og dreifist atkvæði mjög á milli þeirra geti svo farið að nýr forseti verði kjörinn með stuðningi svo sem fimmtungs kjósenda.

Aðeins einn af forsetum lýðveldisins hefur náð stuðningi meirihluta kjósenda við fyrstu kosningu í embættið. Það var í forsetakosningunni 1968 þegar Kristján Eldjárn var kjörinn með nær tveimur þriðjuhlutum atkvæða. Yfirlit yfir stuðning við kjörinn forseta er sýnt í 1. töflu.

Kjörnir forsetar hafa að jafnaði skjótt aflað sér stuðnings þjóðarinnar og það óháð kjörfylgi. Þannig varð Vigdís strax vinsæl enda þótt enginn af þjóðkjörnu forsetunum fjórum hafi hlotið minna fylgi við upphaflegt kjör en hún. Engu að síður er æskilegt að forseti njóti ótvíræðs stuðnings meirihluta kjósenda. Sums staðar tíðkast að endurtaka kjörið ef enginn frambjóðandi nær meirihluta í fyrstu atrennu. Er þá að jafnaði kosið á milli tveggja efstu manna á ný og nær þá annar þeirra hreinum meirihluta.

Stjórnlagaráð leggur til í frumvarpi sínu einfaldari aðferð að sama marki. Hún er sú að sameina fyrstu og aðra umferð með því að beita forgangsröðunaraðferð. Kjósendur raða þá frambjóðendum í forgangsröð: Þennan vil ég helst, en nái hann ekki kjöri þá þennan o.s.frv. Fái enginn frambjóðenda meirihluta að fyrsta vali kjósenda er sá þeirra sem fær minnst fylgi dæmdur úr leik og atkvæði hans færð til hinna í samræmi við annað val viðkomandi kjósenda, o.s.frv. allt þar til meirihluti liggur fyrir.

Írar hafa um langan aldur notað þessa aðferð í öllum almennum kosningum, þar á meðal í forsetakosningum. Einu sinni hefur reynt á það á Írlandi að sá forsetaframbjóðandi hafi ekki náð kjöri sem þó fékk flest atkvæði að fyrsta vali. Þetta dæmi er rakið í 2. töflu.

Brian Lenihan hlaut vissulega flest atkvæði í fyrstu en þó ekki meirihluta. Kjósendur Austin Currie gerðu því útslagið. Eins og sjá má í töflunni tóku flestir þeirra Mary Robinson fram yfir Brian Lenihan svo að það var Mary sem náði kjöri en ekki Brian. Trúlega hefði það sama orðið upp á teningnum ef kosið hefði verið aftur á milli þeirra tveggja.

Nýr forseti var kjörinn á Írlandi á sl. ári. Óvenjumargir, eða sjö, voru í kjöri. Úrslitin og talningarhrinurnar eru sýndar í 3. töflu.

Fram kemur í töflunni að enginn frambjóðenda náði í fyrstu hreinum meirihluta. Þá eru tveir þeir atkvæðarýrustu dæmdir úr leik og atkvæði þeirra færð að 2. vali kjósenda. (Írar spara sér talningar með því að slá tveimur hrinum saman eftir vissum reglum, sem er þó fræðilega ekki alveg kórrétt!) Fyrst við 4. talningu er orðið ljóst hver er sigurvegarinn. Það var Michael D. Higgins. Þótt hann hafi ekki hlotið meirihluta í upphafi sótti hann í sig veðrið við hverja talningarhrinu og var því með traust umboð í lokin.

Í forsetakosningunni hér á landi árið 1996 féllu atkvæði eins og sýnt er í 4. töflu.

Hefði valið á forseta orðið annað með forgangsröðunaraðferð, eða ef forsetakjörið hefði farið fram í tveimur umferðum þar sem kosið hefði verið á milli þeirra Ólafs Ragnars og Péturs Kr. í seinni umferð? Því verður ekki svarað eftir á.

Forgangsröðunaraðferðin tryggir að rétt kjörinn forseti njóti meirihluta stuðnings kjósenda en sneiðir hjá ókostunum við kjör í tveimur umferðum sem eru m.a. eftirfarandi:

- Kostnaður við tvær kosningar.
- Áhugaleysi almennings á þátttöku í báðum umferðunum. Sé t.d. talið ljóst að enginn muni ná kjöri í fyrri umferð og einsýnt hverjir nái að vera í kjöri í þeirri seinni, kunna kjósendur að bíða seinni umferðarinnar.
- Flokkadrættir og hrossakaup frambjóðenda eftir fyrri kosninguna, þar sem hinir tveir efstu kunna að biðla með óviðeigandi hætti til stuðningsmanna þeirra sem eru úr leik.

Stjórnlagaráð leggur til skýrar valdheimildir handa forsetanum. Þær eru fáar en ótvíræðar. Það er því mikilvægt að kjósendur vandi valið. Því miður er næsta ólíklegt að búið verði að breyta stjórnarskránni fyrir næstu forsetakosningar. Forseti verður því kjörinn til næstu fjögurra ára með gamla laginu. Vonandi lukkast valið samt vel.

> Stjórnlagaráð leggur til skýrar valdheimildir handa forsetanum. Þær eru fáar en ótvíræðar. Það er því mikilvægt að kjósendur vandi valið.

**1. tafla** Fylgi kjörinna forseta við fyrstu kosningu

| Forseti | Kosningarár | Hlutfall af gildum atkv. | Mótframbjóðendur |
|---|---|---|---|
| Sveinn Björnsson | 1944 | þingkjörinn | |
| Ásgeir Ásgeirsson | 1952 | 48,3% | 2 |
| Kristján Eldjárn | 1968 | 64,3% | 1 |
| Vigdís Finnbogadóttir | 1980 | 33,8% | 3 |
| Ólafur Ragnar Grímssson | 1996 | 41,4% | 3 |

**2. tafla** Forsetakosning á Írlandi 1990

| Frambjóðandi | Atkvæði að 1. vali | Færð atkvæði | Atkvæði í 2. talningu |
|---|---|---|---|
| Austin Currie | 267.902 | -267.902 | 0 |
| Brian Lenihan | 694.484 | 36.789 | 731.273 |
| Mary Robinson | 612.265 | 205.565 | 817.830 |

**3. tafla** Úrslit og talning í forsetakosningum á Írlandi 2011

| Frambjóðandi | Hlutfall að 1. vali | Talningarhrinur | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 1. talning | 2. talning | 3. talning | 4. talning |
| Michael D. Higgins | 39,6% | 701.101 | 730.480 | 793.128 | 1.007.104 |
| Seán Gallagher | 28,5% | 504.964 | 529.401 | 548.373 | 628.114 |
| Martin McGuinness | 13,7% | 243.030 | 252.611 | 265.196 | |
| Gay Mitchell | 6,4% | 113.321 | 127.357 | 136.309 | |
| David Norris | 6,2% | 109.469 | 116.526 | | |
| Dana Rosemary Scallon | 2,9% | 51.220 | | | |
| Mary Davis | 2,7% | 48.657 | | | |

**4. tafla** Forsetakosning 1996

| Frambjóðandi | Gild atkvæði | Hlutfall af gildum atkvæðum |
|---|---|---|
| Ástþór Magnússon Wium | 4.422 | 2,7% |
| Guðrún Agnarsdóttir | 43.578 | 26,4% |
| Ólafur Ragnar Grímsson | 68.370 | 41,4% |
| Pétur Kr. Hafstein | 48.863 | 29,6% |

# Taflmeistarar ólíkra tíma

**Forsetaembættið**

**Árni Bergmann**
rithöfundur



Ólafur Ragnar Grímsson er svo dularfullur í tali um framboð til eða fráhvarf frá forsetaembætti að hann hefur reynst einkar verkefnaskapandi fyrir kollega sína stjórnmálafræðingana. Þeir hafa ærinn starfa við að túlka véfréttarsvör frá Bessastöðum. Stéttvís maður að þessu leyti, Ólafur.

Nú eru ýmsir að spá því að Ólafur Ragnar vilji tefla svo, að á einhverjum tímapunkti verði efnt til mikillar herferðar meðal íslenskrar þjóðar til að skora á hann að sitja áfram í embætti - hvað sem hann svo gerir við þær áskoranir. Í því samhengi má ekki gleyma því að Ólafur Ragnar hefur jafnan haft mikinn áhuga á ævisögum mikilmenna og því er freistandi að skoða þær ýmsar ef þar mætti finna mynstur í pólitískri hegðun sem hann kynni að máta sig við. Og þá mætti til dæmis nefna snilldartaflmennsku Ívans keisara hins grimma í Moskvu á ofanverðri sextándu öld.

Ívan hafði ríkt um hríð og átti í basli við ýmsa höfðingja sem vildu ráða einhverju líka sem og kirkjuna sem bað þeim stundum vægðar sem hann vildi losna við. Hann átti sumsé við að glíma ýmsar hömlur eða hindranir í embætti þjóðhöfðingja, eins og nú myndi sagt. Þá bregður Ívan á það ráð að segja af sér höfðingdómi, ég er hættur að stjórna þessum þvermóðskufulla lýð, sagði hann, hættur og farinn. Og hann yfirgaf höfuðborg sína Moskvu með lítilli hirð og settist að í plássi sem heitir Alexandrovskaja sloboda. Nú greip skelfing mikil um sig meðal lýðsins í Moskvu, ekkert fannst mönnum, segir sagnfræðingurinn Karamzin, verra en höfðingjaleysi. Við förumst, vældi hver upp í annan, hver mun nú vernda okkur fyrir útlenskum, hvernig getur hjörð verið án hirðis? Og svo fór að biskupar og bojarar, kaupmenn og borgarar aðrir gerðu út sendinefnd til Ívans. Þeir menn slógu ennum í gólf, eins og sagt var þá, grátbiðjandi Ívan um að yfirgefa þá ekki.

Ívan lét þá engjast um hríð, en eftir dágóða umhugsun tilkynnti hann að hann mundi láta svo lítið að snúa aftur til Moskvu og taka við embætti. En - það mundi hann gera með vissum skilyrðum.

> Við förumst, vældi hver upp í annan, hver mun nú vernda okkur fyrir útlenskum, hvernig getur hjörð verið án hirðis?

Skilyrðin voru þau, að héðan í frá yrðu engar hömlur settar á hann í hans háa embætti, hann mætti gera hvað sem honum sýndist.

Og var það samþykkt.

Þetta var um áramótin 1564-1565. Og nú eru aðrir tímar, eins og skáldið sagði. En bæði er að taflmennska er gömul og vel æfð íþrótt og svo má svo vel sé vitna í skarpan Fransmann sem fyrir um 200 árum sagði: „Því meir sem allt breytist því meir fáum við af því sama”.

# Lokun öldrunarlækningadeildar

**Heilbrigðismál**

**Erla Linda Bjarnadóttir**
formaður Vesturlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands

**Ingibjörg Hulda Björnsdóttir**
trúnaðarmaður sjúkraliða





Starfsemi deildarinnar hefur þjónað öldruðum íbúum Akraness og nágrennis um áratuga skeið.

Meginhlutverk starfseminnar er að veita umönnun, hjúkrun og lækningu á sviði öldrunar. Lögð er áhersla á endurhæfingu aldraðra.

Í dag eru á deildinni 14 legurými sem skiptast í þrjú rými fyrir endurhæfingarsjúklinga, eitt fyrir hvíldarinnlagnir og 10 rými fyrir skammtíma- og langtímainnlagnir.

Endurhæfing: Sýnt hefur verið fram á að endurhæfing þar sem skjólstæðingar fara í endurhæfingaráætlun eykur færni aldraðra og bætir andlega líðan þeirra svo um munar og gerir þeim kleift að búa lengur á heimilum sínum.

Hvíldarinnlagnir: Þjóna þeim einstaklingum sem hafa með aðstoð ættingja getað búið heima. Mikið álag hvílir á herðum ættmenna sem hjúkra öldruðum og veikum einstaklingum. Með þessu fyrirkomulagi er þeim einnig gert kleift að búa lengur heima.

Skammtíma- og langtímainnlagnir: Eru fyrir einstaklinga sem hafa fengið vistunarmat og bíða vistunar á öðrum öldrunarstofnunum. Sumir þeirra hafa dvalið á deildinni í langan tíma vegna þess að hjúkrunar- og dvalarheimilisrými hafa ekki verið nægilega mörg til þess að mæta vaxandi þörf.

### Kemur eitthvað annað í staðinn?

Með þessum upplýsingum viljum við vekja bæjarbúa og íbúa á Vesturlandi til umhugsunar um hvað lokun á deildinni hefur að segja fyrir landshlutann allan. Á síðastliðnu ári þjónustaði deildin 105 einstaklinga og eru þá ótaldir þeir ættingjar sem njóta þjónustu um leið. Með lokuninni mun endurhæfing fyrir fólk með skerta getu til að sinna þáttum daglegs lífs verða felld niður í þeirri mynd sem hún er núna. Hvíldarinnlagnir verða færðar á aðrar deildir stofnunarinnar ásamt skammtíma- og langtímainnlögnum með öllum þeim óþægindum sem því fylgir fyrir alla sem að þessum málum koma. Ekkert annað þjónustustig innan heilbrigðiskerfisins getur komið í staðinn fyrir þá þjónustu sem öldruðum er veitt á sérhæfðum öldrunarlækningadeildum. Á deildinni starfar metnaðarfullur og samheldinn hópur sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga ásamt öðru starfsfólki. Starfsfólkið hefur lagt metnað sinn í að sækja sér þekkingu í formi símenntunar skjólstæðingunum til hagsbóta. Meirihluti starfsfólksins hefur áratuga reynslu af umönnum aldraðra og hefur leitast við að veita þeim og fjölskyldum þeirra góða þjónustu.

### Atvinnumissir og áhrif á fjölskyldur á Akranesi

Þann 1. febrúar nk. standa hátt í þrjátíu konur með uppsagnarbréf í höndunum. Þessi ráðstöfun hefur áhrif á líf og afkomu hátt í eitt hundrað einstaklinga á Akranesi sem tengjast þessu starfsfólki fjölskylduböndum auk hinna öldruðu og aðstandenda þeirra. Nýbygging á Dvalarheimilinu Höfða er því miður ekki ljós í myrkrinu. Ekki er fyrirséð að þar verði fjölgun á störfum né rýmum í náinni framtíð, þrátt fyrir viðbyggingu, því hún er eingöngu ætluð til þess að skapa einbýli fyrir heimilisfólkið sem fyrir er. Heimahjúkrun mun varla ráða við fjölgun sjúklinga í heimahúsum því álag er mikið á þeirri þjónustu fyrir og engin umræða er um að ráða bót á því.

Það segir sig sjálft að skerðing á þjónustu við aldraða á Vesturlandi er óumflýjanleg þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnenda HVE um að svo verði ekki.

nicorette®
Nýárstilboð
20%
afsláttur
af öllum pakkningastærðum af:



Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí
Nicorette invisi plástur
Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# ÚTSALA

## Allt að 50% afsláttur

**Blomberg þvottavélar frá 79.990**
**Allt að 25% afsláttur**

**Candy uppþvottavélar frá 64.990**
**Allt að 30% afsláttur**

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með 15-30% afslætti**

**Ryksuguvélmenni frá 49.990**
**Allt að 23% afsláttur**

**Ofnar, helluborð og háfar með allt að 50% afslætti**

**Hvítur Kitchenaid Classic blandari 29.990**

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

**Silit búsáhöld með 50% afslætti**

**Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar, katlar og fleira og fleira á frábærum verðum**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**DORRIT MOUSSAIEFF,** forsetafrú er 62 ára

*„Ísland er ekki lítið land. Það er stórasta land í heimi!“*

# Ungir leika með Sinfó í Hörpunni

Fjórir nemendur Listaháskóla Íslands munu leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu í kvöld. Þetta eru þau Chrissie Thelma Guðmundsdóttir fiðluleikari, Elín Arnardóttir píanóleikari, Hrafnhildur Árnadóttir einsöngvari og Ísak Ríkharðsson fiðluleikari.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Ungir einleikarar en fjórmenningarnir stóðu uppi sem sigurvegarar í einleikskeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskólans, Ungir einleikarar, sem haldin var í október á síðasta ári.

Keppnin er haldin á hverju ári. Alls tóku fjórtán nemendur þátt í keppninni í ár en hún er opin öllum tónlistarnemendum á háskólastigi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30 í Eldborg og hljómsveitarstjóri verður Bernharður Wilkinson. Miðasala er í Hörpu og á sinfonia.is og harpa.is. Þess má geta að nemar fá fimmtíu prósenta afslátt af miðaverði á þessa tónleika í miðasölu Hörpu. **- rat**



**SIGURVEGARAR Í EINLEIKSKEPPNI Í ELDBORG** Fjórir nemendur LHÍ koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsalnum í Hörpu í kvöld.

---



*Ástkær maðurinn minn, faðir okkar, tengdasonur, afi og langafi, sonur og bróðir,*

**Davíð Þór Guðmundsson**

andaðist á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 7. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Hrafnhildur Þorleifsdóttir**
**Þórhildur Sandra Davíðsdóttir** **Sigfús Bergmann Önundarson**
**Sunna Rannveig Davíðsdóttir**
**móðir, systkini, afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, uppeldisföður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gríms Guðmundssonar**
fv. forstjóra Íspan.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar, fyrir góða og hlýja umönnun, einnig öllum sem veittu honum stuðning og umhyggju í veikindum hans. Guð veri með ykkur öllum.

**Óskar Smith Grímsson** **Þrúður Ólöf Gunnlaugsdóttir**
**Guðmundur Grímsson** **Hrafnhildur Proppé**
**Finnur Grímsson** **Þórunn Hafsteinsdóttir**
**Margrét Grímsdóttir**
**Elín Grímsdóttir** **Jón Bjarni Gunnarsson**
**Jón Elvar Kjartansson** **Sigríður Markúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,*

**Sigurveig María Sigvaldadóttir**
húsmóðir, Holtateigi 18, Akureyri,

andaðist sunnudaginn 8. janúar. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. janúar kl. 13.30. Fjölskylda Sigurveigar Maríu vill færa sérstakar þakkir fyrir kærleiksríka umönnun til starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri, Heimahlynningar og Asparhlíðar. Þökkum auðsýnda samúð.

**Friðrik Sæmundur Sigfússon** **Unnur Arnsteinsdóttir**
**Jónas Sigurþór Sigfússon** **Jórunn Karlsdóttir**
**Halldór Jóhann Sigfússon** **Hanna Lára Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

---



**Ragnhildur Ragnarsdóttir**
kaupmaður, Vatnsnesvegi 29, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 3. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 14.00.

**Ragnar Jón Skúlason** **Bryndís Þorsteinsdóttir**
**Selma Skúladóttir** **Matthías Sigurðsson**
**Jórunn D. Skúladóttir** **Árni Már Árnason**
**Elsa Ína Skúladóttir** **Guðni Birgisson**
**Kristinn Skúlason** **Drífa Daníelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhelm Ingimundarson**

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 8. janúar. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13.00.

**Ragnhildur J. Pálsdóttir**
**Hjörtur Ingi Vilhelmsson** **Vilborg Sigrún Ingvarsdóttir**
**Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir** **Sigurjón Bolli Sigurjónsson**
**Gunnar Vilhelmsson** **Bjarnveig Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vernharð Sigursteinsson**
áður til heimilis í Hraungerði 6, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð sunnudaginn 1. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. janúar kl. 13.30.

**Rannveig Vernharðsdóttir** **Alexander Pálsson**
**Regína Vernharðsdóttir**
**Kristján Vernharðsson** **Sigríður Jakobsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ljósbjörg Petra María Sveinsdóttir (Steina-Petra)**
Sunnuhlíð, Stöðvarfirði,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Uppsölum, Fáskrúðsfirði, 10. janúar síðastliðinn. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ingimar Jónsson** **Guðmunda Ingibergsdóttir**
**Elsa Lísa Jónsdótir** **Magnús Aðils Stefánsson**
**Sveinn Lárus Jónsson** **Þórunn Björg Pétursdóttir**
**Þórkatla Jónsdóttir** **Jón Lúðvíksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Ásdís Katrín Valdimarsdóttir**
Skaftahlíð 40, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala föstudaginn 6. janúar. **Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. janúar kl. 15.00.**

**Ingimar Guðmundsson**
**Valdimar Ingimarsson** **Lára Axelsdóttir**
**Þormar Ingimarsson** **Þórunn Stefánsdóttir**
**Elsa Ingimarsdóttir** **Halldór Reynisson**
**Jóhanna G. Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Við þökkum af heilum hug auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Bergþóru Sigfúsdóttur.**

**Sigfús Grétarsson** **Margrét S. Sigbjörnsdóttir**
**Friðrik Atli Sigfússon**
**María Huld Markan Sigfúsd.** **Kjartan Sveinsson**
**Snorri Grétar Sigfússon** **Edda Katrín Ragnarsdóttir**
**Hildur Þóra Sigfúsdóttir og langömmubörn.**
**Friðrik Valdimar Sigfússon** **Alexía M. Gunnarsdóttir**
**Steingrímur Sigfússon**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Jónasdóttir**
Vesturgötu 17, Keflavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut, sunnudaginn 8. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 17. janúar kl. 13.00.

**Jónas E. Ólafsson** **Guðrún Ármannsdóttir**
**Sigurður M. Ólafsson** **Sesselja Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær frænka mín,*

**Aðalheiður Árnadóttir**
fyrrverandi hjúkrunarkona, frá Bakka á Kópaskeri,

lést 3. janúar á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. janúar kl. 15.00.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Aðalheiður Þorsteinsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**Blúndur** eru sígildar og skjóta reglulega upp kollinum. Kate Middleton eiginkona Vilhjálms Bretaprins gekk alla leið á frumsýningu War Horse eftir Steven Spielberg í London á dögunum og klæddist skósíðum svörtum blúndukjól. Hann var þó með hvítu fóðri eins og hefðarkonu sæmir.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457


TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga

teg 20007 - mjúkur í D og E skálum á kr. 2.500,- buxur á kr. 1.000,-

Vertu vinur



Eirberg



Vasa- og höfuðljós

P3-verð: 4.950 kr. | H7-verð: 14.450 kr.

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11-16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



MEIRI VERÐLÆKKUN!
40-60% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM



Vertu vinur okkar á Facebook

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777


**Spennandi tímar eru fram undan hjá Bóasi Kristjánssyni fatahönnuði:**

# Hannar úr vistvænu hráefni

Ég er með nýtt fatamerki í smíðum fyrir karla og konur sem er allt unnið úr vistvænum textíl. Ég er einmitt á leiðinni í kynningarferð til Parísar í næstu viku," segir Bóas Kristjánsson fatahönnuður þegar blaðamaður innir hann frétta.

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

20-70% AFSLÁTTUR af völdum vörum

Skiptidýnur, útlitsgallaðar dýnur og sýningardýnur
Lök, pífur, hlífðardýnur, sængurverasett og fleira





Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Rafmagnað hár** er hvimleitt en margir kannast við það vandamál yfir vetrarmánuðina. Ráð við því er að úða hársprey á hárburstann og renna honum í gegnum hárið frá rótum að enda.




Útsala - Útsala
allt að 50% afsláttur
Verð áður ~~34.900,-~~
Verð nú 17.450,-
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
Topp HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is






Bóas er á leiðinni til Parísar að kynna nýja fatalínu úr vistvænum textíl en hægt verður að fylgjast með á www.boaskristjanson.com. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsíðu

Nýja merkið ber nafn hans sjálfs, Boaskristjanson en Bóas sýndi sína fyrstu fatalínu á tískuvikunni í París árið 2010, prjónaföt fyrir karlmenn. Hann segir nýja merkið allt öðruvísi.

„Þetta er mun stærri lína og fjölbreyttari snið og efni. Við erum í samstarfi við bæði íslenska og erlenda aðila við að þróa efnin og erum búin að þróa prjónaefni þar sem við blöndum íslenskri ull við vistvænan textíl, svo sem lífræna bómull og mjólkurtrefjar. Það hefur tekist mjög vel. Einnig erum við að vinna með ofin ullarefni og notum töluvert af leðri í línuna,“ útskýrir Bóas en fyrirtækin Glófi og Sjávarleður eru meðal samstarfsaðila. „Við notum hráefni sem fellur til, til dæmis við matvælaiðnað, svo það er ekki verið að rækta til að búa til skinnin,“ útskýrir Bóas og segist finna fyrir stórauknum áhuga á hönnun úr vistvænum efnum.

„Ég er búinn að vinna að þessu verkefni síðan 2009 og finn fyrir auknum áhuga, miklu meiri en var. Það á þó almennt eftir að vinna mikla kynningarvinnu á því um hvað hönnun úr vistvænum efnum snýst og sú kynning verður að koma frá skapandi fólki. Vistvæn hönnun þýðir að ekki er verið að ganga á náttúrulegar auðlindir sem ekki er hægt að endurnýja,“ útskýrir Bóas. „Ég hugsa að staðan á þessum málum sé svipuð og hún var fyrir tíu árum með lífræn matvæli.“

Bóas hyggst opna heimasíðu kringum nýja merkið síðar í mánuðinum og hægt verður að sjá línuna fullunna á vefnum í mars. Í framhaldinu verður línunni dreift í verslanir hér á Íslandi og erlendis en Bóas er í samstarfi við kynningar- og söluaðila bæði í New York og París. Það eru því spennandi tímar fram undan. „Þetta gæti verið byrjunin á einhverju stærra. Mér finnst þetta allavega mjög spennandi.“

Hægt verður að fylgjast með á www.boaskristjanson.com síðar í janúar.

*heida@frettabladid.is*


ÚTSALA HAFIN



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


# Cintamani opnar í Colorado

**Fyrirtækið Cintamani færir út kvíarnar með opnun verslana í Bandaríkjunum og Kanada.**

Dreifingaraðili fyrir Cintamanivörur í Colorado í Bandaríkjunum opnaði nýverið verslun undir merkjum fyrirtækisins í Silverthorne, þekktu skíðasvæði í fylkinu. Dagný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Cintamani, segir opnunina vísbendingu um að vörumerkið njóti vaxandi virðingar ytra.

„Auðvitað er jákvætt að erlendir aðilar sækist eftir því að halda okkar nafni á lofti. Það sýnir bara að Cintamani hefur fest sig í sessi,“ bendir hún á og bætir við að aðrir dreifingaraðilar hyggist opna Cintamani-búðir í Bandaríkjunum og Kanada er fram líða stundir.




Ný Cintamani-verslun hefur verið opnuð í Colorado. MYNDANÚMER: F14110112

Óhætt er að segja að með þessu færi fyrirtækið enn frekar út kvíarnar en það hefur þegar opnað eigin verslanir, átján talsins, í Þýskalandi. Er þá óupptalinn fjöldi verslana sem selur Cintamanivörur í Evrópu.

Spurð hvað sé næst á döfinni hjá Cintamani segir Dagný standa til að kynna nýja útivistarlínu með sumrinu.

„Þetta verður allt frá úlpum niður í nærföt, og miklu líflegra og litríkara en áður hefur sést.“ *- rve*




30% afsláttur af öllum dúnsængum
ÚTSALA
www.lindesign.is
Sendum frítt úr vefverslun
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

40% AFSLÁTTUR
Af þessum brúnu hönskum
Takmarkað magn
Verð áður ~~5.800 kr.~~
Verð nú 3.400 kr.



Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is


Hattar hafa gegnt ýmsum hlutverkum. Litir á höttum urðu þannig einkennandi fyrir vissar fjölskyldur á Ítalíu, jakobínahúfan varð tákn frönsku byltingarinnar og svo framvegis.



**Tíska aldanna.**



Þótt litirnir séu ýktir þá er samsetningin útpæld. Takið eftir því að skórnir eru í stíl við slaufuna.

Demi Moore og Jessica Alba eru á meðal Hollywood-stjarna sem hafa notið leiðsagnar Goerski í klæðavali.

Goerski hræðist hvorki köflótt föt né skæra liti.

Hér er slaufan í stíl við buxurnar og jakkinn í stíl við skóna sem gerir það að verkum að bleika skyrtan við brúna jakkan gengur upp. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spjátrungslegur stílisti

Bandaríski stílistinn Brad Goerski lætur sífellt meira að sér kveða en hann hóf ferilinn sem aðstoðarmaður stjörnustílistans Rachel Zoe í þáttunum The Rachel Zoe Project sem hófu göngu sína á bandarísku sjónvarpsstöðinni Bravo árið 2008 og hafa síðan verið sýndir víða um heim. Hann hefur nú verið ráðinn aðalstílisti Kate Spade – New York. Kate Spade er best þekkt fyrir handtöskur en hóf að fikra sig inn á fatamarkaðinn árið 2009. Hlutverk Goerskis er að koma merkinu skrefinu lengra.

Goerski hefur sjálfur komið sér upp afgerandi fatastíl og er þverslaufan hans helsta einkennismerki. Hann klæðist nær undantekningarlaust aðsniðnum jakka og stuttum buxum. Hann er óhræddur við sterka liti en augljóst er að hann hugar vel að því hvernig fötin passa saman.

Ekki er óalgengt að sjá hann klæðast skóm í stíl við slaufuna eða sokkum í stíl við jakkann. Þá virðist hann sérlega veikur fyrir köflóttum og sömuleiðis teinóttum fötum.

















**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis þann**
**31. janúar**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt.
Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.
Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

# POPP

TÓNLISTARBLAÐ
12. JANÚAR 2012

# OF MONSTERS AND MEN

*ALLT ÖÐRUVÍSI ÚTRÁS*



*„ÉG MYNDI FÁ MÉR BJÓR MEÐ STELPUNUM OG LÁTA ORRA TROMMARA SJÁ UM ÞETTA.“*

*SÍÐA 6*

## *TÓNLEIKAR*

**Á morgun:** Gruggveislu verður slegið upp á Gauki á Stöng. Hljómsveit leikur lög eftir hljómsveitirnar Pearl Jam, Alice In Chains, Nirvana, Smashing Pumpkins og Stone Temple Pilots. Húsið opnar klukkan 22.

**POPP** er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
**Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf.
**Umsjón:** Atli Fannar Bjarkason
**Forsíðumynd:** Stefán
**Auglýsingar:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
*Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500*

**ELDAR**
*FJARLÆG NÁLÆGÐ* ★★★




Keflvíkingarnir Valdimar Guðmundsson, sá afbragðsflinki og blæbrigðaríki söngvari, og Björgvin Ívar Guðmundsson, úr gæðasveitinni Lifun og fleiri böndum, kynntu dúettinn Elda og þessa fínu plötu sem hliðarverkefni samhliða öðrum störfum fyrir jólin, sem sýnir sig kannski helst í því að hvorki er verið að finna upp hjólið né reyna of mikið á þolgæði þess.

Stúdíóseta félaganna (ásamt góðu aðstoðarfólki, meðal annarra söngkvennanna Fríðu Dísar og Védísar Hervarar sem eiga frábæra spretti í röddum) á Siglufirði hefur skilað ljúfri og heimilislegri afurð, þar sem þjóðlagakennd kassagítarrólegheit eru í fyrirrúmi og yfir fáu sem engu er að kvarta varðandi allan flutning. Nokkur laganna eru gullfalleg (t.d. Ófæri vegur og Dropi í hafi) þar sem söngurinn ræður ríkjum, meðan fáar aðrar (Saga og Elskaðu mig) ná tæplega blindflugi, virðast líða vegna hugmyndaskorts og draga plötuna örlítið niður. Heilt yfir leyna textarnir, fullir af sársauka, á sér og verða betri við hverja hlustun.

**Sem sagt:** Ljúf og falleg rólyndisplata frá miklu hæfileikafólki. **- kg**



Nýir hljómsveitarfélagar Ragnars Sólbergs eru reglumenn eins og hann.

# RAGNAR SÓLBERG SVITNAÐI OG SKALF

*ÞÆR ÓVÆNTU FRÉTTIR BÁRUST Í SÍÐUSTU VIKU AÐ RAGNAR SÓLBERG HEFÐI GENGIÐ TIL LIÐS VIÐ SÆNSKU HLJÓMSVEITINA PAIN OF SALVATION, SEM ER NOKKUÐ STÓR Í SÍNUM GEIRA. RAGNAR ER Á LEIÐINNI Í TÓNLEIKAFERÐALAG MEÐ HLJÓMSVEITINNI UM EVRÓPU OG ER GRÍÐARLEGA SPENNTUR.*

„Þetta er ekki beinlínis draumur að rætast því að ég hefði aldrei vogað mér að láta mig dreyma um að byrja í þessu bandi,“ segir Ragnar Sólberg, forsprakki hljómsveitarinnar Sign og nýráðinn gítarleikari sænsku proggmetalhljómsveitarinnar Pain of Salvation. „Ég hef alltaf litið á þá sem algjört súperband og á miklu æðra plani en allt sem ég geri. En ég hef hins vegar látið mig dreyma og sagt að einn daginn ætli ég að hita upp fyrir þá!“

Ragnar æfir nú að kappi ásamt meðlimum Pain of Salvation fyrir væntanlegt tónleikaferðalag hljómsveitarinnar um Evrópu. Hljómsveitin fór sérstaka leið til að finna gítarleikara og auglýsti starfið laust. Hátt í hundrað sóttu um, en Ragnar sótti hins vegar ekki sjálfur um starfið. „Sóley, elskulega kærastan mín, sótti um án þess að ég vissi af og sagði mér svo ekkert frá því fyrr en að við fengum svar frá Daniel, söngvara sveitarinnar, um að þeim hafi litist vel á og vildu að ég kæmi í prufu tveimur dögum seinna ef ég gæti,“ segir Ragnar. „Ég átti ekki til orð, hélt fyrst að einhver væri bara að gera rosadýrt prakkarastrik. En ég sat sveittur þessa tvo daga og lærði lögin. Og mætti svo svitnandi og skjálfandi í prufutímann.“

Ragnar er búinn að vera harður aðdáandi Pain of Salvation í áratug og segist hafa verið óþreytandi í að fá vini og kunningja til að hlusta á hljómsveitina. „Það er alveg ótrúleg tilfinning að fá að spila og syngja sum þessara laga sem eru búin að vera í uppáhaldi í mörg ár,“ segir Ragnar. Hann veit ekki hvernig hlutirnir þróast eftir tónleikaferðalagið og lítur á það sem bónus ef hann fær að koma að lagasmíðum á næstu plötu Pain of Salvation. „Ég er mjög spenntur fyrir túrnum, sérstaklega að fara til staðanna sem ég hef ekki heimsótt áður. Á sama tíma er alltaf erfitt að vera í burtu frá fjölskyldunni minni, en það eru allir í bandinu miklir reglumenn og á sömu fjölskyldubylgjulengd. Þannig að ég held að þetta eigi eftir að fara mjög þægilega fram allt saman.“

**- afb**



Ragnar Sólberg er nýr gítarleikari Pain of Salvation









Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185





Sumir urðu syfjaðir í myndatökunni.

# ALLT ÖÐRUVÍSI ÚTRÁS HEFST

*Of Monsters and Men er heitasta hljómsveitin á Íslandi í dag. 2011 var annað starfsár hljómsveitarinnar, en þrátt fyrir það landaði hún útgáfusamningi við Universal, umboðsmanni og kórónaði árið með gullplötu fyrir sölu á fyrstu plötunni, My Head Is an Animal. Nú vinnur hljómsveitin að því að betrumbæta plötuna fyrir útrás sem á ekkert skylt við það sem við Íslendingar tengjum við það orð.*

**Orð:** Atli Fannar
**Myndir:** Stefán

Ein stærsta tónlistarfrétt síðasta árs var samningur hljómsveitarinnar Of Monsters and Men við útgáfurisann Universal. Fljótlega í kjölfarið byrjuðu hjólin að snúast og hljómsveitin sendi frá sér stuttskífuna Into the Woods í desember í gegnum iTunes. Skífan fór fljótlega á lista yfir vinsælustu plötur vefverslunarinnar og situr í dag í efsta sæti Heatseekers lista Billboard, sem einblínir á hljómsveitir og tónlistarmenn á uppleið. Magnaður árangur það.

Ragnar Þórhallsson, söngvari og annar gítarleikari Of Monsters and Men, er ánægður með árangurinn en ánægðastur með ferðalögin sem eru fram undan. Nýja árið fer nefnilega að miklu leyti í útrás Of Monsters and Men. Endurbætt útgáfa plötunnar My Head is an Animal, sem kom út á Íslandi á síðasta ári og seldist í meira en 5.000 eintökum, kemur út á vegum Universal og í kjölfarið heldur hljómsveitin í tónleikaferðalag sem hefst á tónlistarhátíðinni South by Southwest í Texas í Bandaríkjunum í mars. Þaðan liggur leiðin til fleiri ríkja Bandaríkjanna í sendibíl og eftir það er Evrópa og jafnvel Ástralía á dagskránni. „Að geta ferðast út um allt er algjör snilld,“ segir hann. „Ég hlakka mest til þess. Allt annað gerist eða gerist ekki. Við erum að fá tækifæri til að sjá heiminn og gera það sem okkur finnst gaman.“

Spurður hvort þetta sé líf sem hann hafi látið sig dreyma um segist Ragnar svo ekki vera, enda sé Of Monsters and Men fyrsta hljómsveitin hans. „Og ég er 24 ára,“ segir hann. „Sumir í hljómsveitinni hafa verið með þennan draum frá því að þeir voru litlir. Ég leyfi mér að dreyma þetta núna og mig dreymir vel.“

Hlutirnir hafa gerst hratt hjá Of Monsters and Men sem vann Músíktilraunir árið 2010, skömmu eftir að hún var stofnuð. Nú er svo komið að meðlimir hljómsveitarinnar hafa tekið sér frí frá námi og störfum til að geta sinnt hljómsveitinni og tekið að fullum krafti þátt í starfinu sem er fram undan. „Þetta er búið að gerast hratt og maður nær ekki að pæla mikið í því. Ég hef stundum orðið hræddur og stressaður, en svo fatta ég hvað þetta er mikil snilld og leyfi mér að rúlla með,“ segir hann.

Útgáfusamningur var ekki það eina sem rak á fjöru Of Monsters and Men í fyrra því bandaríski umboðsmaðurinn Heather Kolker tók hljómsveitina að sér. Hún starfar hjá umboðsskrifstofunni Paradigm Agency í New York. Þar sér hún meðal annars um tónleikabókanir fyrir hljómsveitir á borð við MGMT og Edward Sharpe & The Magnetic Zeros. Of Monsters and Men er fyrsta hljómsveitin sem hún tekur að sér umboðsmennsku fyrir. Í viðtali við Fréttablaðið í apríl sagði hún umboðsmennskuna vera nýja upplifun fyrir sig. „Ég hafði lengi leitað að hljómsveit, en vildi ekki vera umboðsmaður nema ég myndi finna mjög sérstaka hljómsveit sem ég elska á allan hátt,“ sagði hún. „Ég vildi ekki bara dá tónlistina, heldur líka sjá möguleika á því að hljómsveitin yrði farsæl. Þá vildi ég elska fólkið í hljómsveitinni, en slíkt er ekki auðvelt að finna í þessum bransa.“

Ragnar er mjög ánægður með samstarfið. „Það er mikið pælt í öllu og málin rædd áður en ákvarðanir eru teknar. Hún hjálpar okkur í því. Hún þekkir þetta allt.“

Það er eitthvað traustvekjandi við að hafa konu í þessu.

„Já, ég elska að vinna með konum, frekar en körlum. Hún er ekki í einhverjum svörtum jakkafötum, eða eitthvað.“

Of Monsters and Men er nú í hljóðverinu Sýrlandi ásamt upptökustjóranum Jacquire King. Hann er enginn aukvisi í bransanum og stýrði til dæmis upptökum á plötunni Good News for People Who Love Bad News með Modest Mouse og Aha Shake Heartbreak, Only by the Night og Come Around Sundown með Kings of Leon. King segir í samtali við Popp að árangur Of Monsters and Men á vinsældalistum komi sér ekki á óvart. „Þetta er samt æðislegt og sjaldgæft, en þau eiga þetta skilið að mínu mati,“ segir hann. Ragnar segir mjög gaman að fá tækifæri til að vinna með King. „Þetta er öðruvísi vinkill á að taka upp, síðast voru það bara við. Nú erum við komin með annað auga og eyra. Þetta er mjög gott. Við erum að prófa hann í fimm lögum, ekki allri plötunni, sem er gott fyrir okkur til að sjá hvort við fílum þetta. Og þetta er algjörlega að virka eins og er. Þetta er lærdómsríkt fyrir svona unga hljómsveit eins og okkur.“

**POPPSKÚRINN**
Horfðu á Of Monsters and Men flytja lög í Poppskúrnum á Vísi.is.








SKUGGALEGA
STERKT!
VOLCANO
BOX
TILBOÐ
MÁNAÐARINS
Á TACO BELL
the BIG Bell Box Meal
THINK OUTSIDE THE BUN
TACO BELL
the BIG Bell Box Meal
999 kr.
VOLCANO BOX MÁLTÍÐ
VOLCANO TACO,
VOLCANO BURRITO OG STÖKK TACO
MEÐLÆTI
OG GOS
HUGSAÐU™
ÚT FYRIR
BRAUÐIÐ
TACO BELL
Grafarholti | Sími 588 6959
Hafnarfirði | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is



## Auglýsir eftir söngvara

Þungarokkshljómsveitin Killswitch Engage býður aðdáendum sínum að sækja um söngvarastöðu í hljómsveitinni.

Söngvarinn Howard Jones yfirgaf hljómsveitina á dögunum og nú býðst aðdáendunum að senda inn söngupptökur og freista þess þannig að verða meðlimir í hljómsveitinni.

Spennandi verður að sjá hvort íslenskir þungarokkarar taki áskorun hljómsveitarinnar. Eins og fram kemur í Poppinu í dag er Ragnar Sólberg nýr gítarleikari sænsku hljómsveitarinnar Pain of Salvation, en kærastan hans sótti reyndar um fyrir hann.

Popp hvetur því kærustur og kærasta almennilegra þungarokkssöngvara að sækja um fyrir betri helminginn!

# ROKKPRÓFIÐ



*01. HEFURÐU AFLÝST TÓNLEIKUM VEGNA EYMSLA Í HÁLSI? 02. HLJÓMSVEITARRÚTAN BILAR Á FERÐ UM MIÐ-EVRÓPU. HVAÐ GERIR ÞÚ? 03. HVENÆR VARSTU SÍÐAST HANDTEKIN/N? 04. ÁTTU ÓSKILGETIN AFKVÆMI Í FLEIRI EN FIMM SÝSLUM Á ÍSLANDI? 05. ERTU MEÐ NAFN FYRRVERANDI ELSKHUGA HÚÐFLÚRAÐ Á ÞIG? 06. ALLIR EIGA LEÐURJAKKA EN ÁTT ÞÚ LEÐURBUXUR? 07. ERTU MEÐ NÚMERIÐ HJÁ HELGA BJÖRNS Í SÍMANUM ÞÍNUM? 08. MYNDIRÐU SEMJA LAG FYRIR ÍMYNDARAUGLÝSINGU NATÓ GEGN RÍFLEGRI GREIÐSLU? 09. Í KVIKMYND UM LÍF ÞITT, HVAÐA LEIKSTJÓRI VÆRI RÉTTI MAÐURINN Í STARFIÐ? 10. BJÖRN JÖRUNDUR SPLÆSIR Á BARNUM, HVAÐ FÆRÐU ÞÉR?*

**7** STIG

**6** STIG

### SVAVAR PÉTUR EYSTEINSSON
*PRINS PÓLÓ*

**01.** Nei, öskra bara hærra. **1**
**02.** Hringi í Örn Inga, hann á hjólabretti. **1**
**03.** Prinsinn nýtur diplómatískrar friðhelgi. **0**
**04.** Uuu ... nei. **0**
**05.** Nei, bara núverandi. **1**
**06.** Nei en ég á vesti. **0**
**07.** „Ekki séns“. **1**
**08.** Nei, en kannski fyrir FATÓ. **1**
**09.** Leikstjórn: Þráinn Bertelsson. Aðalhlutverk: Nína Dögg Filippusdóttir. **1**
**10.** Fimm í fötu. **1**

### KARLOTTA LAUFEY *GÍTARLEIKARI VICKY*

**01.** Nei. Ekki svo ég muni. **1**
**02.** Ég myndi fá mér bjór með stelpunum og láta Orra trommara sjá um þetta. Annars er ég búin að eiga svo fáránlega mikið af druslubílum að ég gæti örugglega gert eitthvað. **1**
**03.** Ég hef ekki verið handtekin. Af hverju að láta ná sér? **0**
**04.** Nei. Þetta er erfiðara þegar maður er stelpa. **0**
**05.** Nei, engin nöfn. **0**
**06.** Já. Að sjálfsögðu. **1**
**07.** Nei. En ég er með númerið hjá bassaleikara Alice Cooper. **1**
**08.** Ég er svo ópólitísk að það væri örugglega hægt að ljúga að mér að NATÓ séu náttúruverndarsamtök. Það er aldrei að vita, fyrir réttu greiðsluna, hvað ég myndi gera. **0**
**09.** Quentin Tarantino. **1**
**10.** Það er of augljóst að segja Jack í kók, þannig að ég segi Bob Marley. **1**








Of Monsters and Men er gjafmild hljómsveit. Þú getur unnið plötuna My Head is an Animal sem seldist vel í fyrra.

# VILTU FÁ PLÖTU OF MONSTERS AND MEN?

Þá gætirðu orðið heppin. Eða heppinn, ef þú ert gaur.

Popp ætlar í samstarfi við Record Records að gefa nokkur eintök af plötunni My Head is an Animal í næstu viku. Til að þú eigir möguleika á því að fá eintak þarftu að fara inn á Facebook, fletta upp Poppinu og læka síðuna. Ekkert meira. Þú þarft ekki að dreifa neinu eða tagga neitt. Þú þarft ekki einu sinni að segja vinum þínum frá þessu, þó það væri vissulega skemmtilegt ef þeir myndu taka þátt.




Sem sagt, ekkert bull. Bara inn á Facebook og læka Poppið. Á næstunni verða líka fleiri plötur gefnar, enda fleiri blöð væntanleg. Fylgist með!


Aurora
HANN ER Á LEIÐINNI...
ATLI RAFN SIGURÐARSON
HELGI BJÖRNSSON
AXLAR-BJÖRN
NÝTT VERK ÚR SMIÐJU VESTURPORTS
LEIKSTJÓRN: BJÖRN HLYNUR HARALDSSON
Frumsýning mið. 11/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 15/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 18/1 kl. 20 UPPSELT
sun. 22/1 kl. 20 UPPSELT
mið. 25/1 kl. 20 UPPSELT
fim. 26/1 kl. 20 UPPSELT
lau. 4/2 kl. 20 aukasýn.
sun. 5/2 kl. 20 UPPSELT
lau. 11/2 kl. 20 UPPSELT
sun. 12/2 kl. 20 aukasýn.
lau. 18/2 kl. 20 örfá sæti
Frumsýnt í janúar | Tryggðu þér miða strax!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
VesturPort
Borgarleikhúsið

# FIMM BESTU

*EUROVISION-LÖG SEM UNNU EKKI UNDANKEPPNINA Á ÍSLANDI*



***STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON***

*STARFSMAÐUR SENU*



**BRÆÐRABANDALAGIÐ - SÓLARSAMBA**

**1** „Það besta sem Maggi Kjartans hefur gert síðan Trúbrot og þess vegna eitt af betri lögum Íslandssögunnar. „Sunny samba from Iceland“. Auðvitað hefði Evrópa elskað það.“



**BOTNLEÐJA - EUROVÍSA**

**2** „Íslendingar hefðu getað sent frumlegasta atriði í sögu keppninnar og breytt henni þar með til frambúðar en kusu í staðinn að senda... æi, hver man eiginlega hvaða lag vann það árið? Sá sem man það getur allavega vottað fyrir að það var ömurlegt.“

**ERÓ-BIKKJAN - HOPP-ABLA-HA**

**3** „Frábært flippatriði með grípandi viðlagi sem hefði getað orðið okkar Diggiloo-Diggiley og/eða A-Ba-Ni-Bi.“

**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON & KATLA MARÍA - SÓLEY**

**4** „Þessi listi hefði alveg eins getað verið „Topp 5 Bó-lög sem ekki unnu undankeppni Eurovision“, svo oft hefur verið litið framhjá meistaranum. Að þetta lag hafi lent í fjórða sæti í sinni undankeppni sýnir og sannar að það þarf að endurskoða lýðræðið (og stjórnarskrána!) á Íslandi.“



**MATTI MATT & ERLA BJÖRG - ELDGOS**

**5** „Þetta lag er fyrir fólk með athyglisbrest og það er nákvæmlega það sem hefði skilað okkur stigum hjá múgnum í Evrópu, auk þess sem það hefði loksins kennt fólki að bera fram EYJA FJALLA JÖKULL.“

# *MAGNAÐ MYNDBAND FRÁ ÚLFI ÚLFI*

Hljómsveitin Úlfur úlfur sendi í vikunni frá sér magnað myndband við lagið Á meðan ég er ungur. Illusion kvikmyndagerðin vann myndbandið sem Arró leikstýrir.

Myndbandið hefur fengið góðar viðtökur og nokkur þúsund manns hafa þegar horft á það á vefsíðunni Youtube. Arnar segir strákana hjá Illusion hafa haft frjálsar hendur og er gríðarlega ánægður með útkomuna.

„Við sem hljómsveit komum mjög lítið nálægt þessu myndbandi. Þessi Illusion-hópur fékk leyfi hjá okkur til að gera þetta frjálslega,“ segir hann og bætir við að þeir félagar í hljómsveitinni séu í litlum hlutverkum í myndbandinu og að einn af þeim, Helgi Sæmundur Kaldalón, hafi hreinlega verið klipptur út. „Þeir fengu að leika lausum hala og gerðu það vel,“ segir Arnar. „Ég sá myndbandið í fyrsta skipti í frumsýningarpartíinu. Ég átti von á góðu, en þetta kom skemmtilega á óvart.“

**- afb**



Hinn ungi Atli Óskar Fjalarsson fer á kostum í myndbandinu.




## Bátar



Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Varahlutir







**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230 '97. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 og 699 6069

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Bókhald-ársreikningar-framtöl-VSKuppgjör-launauppgjör-stofnun félaga-erfðarfjárskýrslur o.fl. S 517-3977 www.fob.is fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**VERTU Í SKILUM.**
Velkomin í þjónustu hjá Skilaborg. Alhliða bókhaldsþjónusta. Úthýsing húsfélaga, fjölbýlishúsa og fyrirtækjasambýla. www.skilaborg.is, skilaborg@skilaborg.is sími: 564-6609

## Fjármál

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrir fólk og fyrirtæki. S. 845 3452 Fyrirgreiðslan.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.




Livedrive.is býður ótakmarkað geymslupláss dulkóðað og afritað sjálkrafa yfir netið í þitt öryggishólf. Livedrive virkar eins og nýr diskur í tölvuna sem eykur geymslurýmið. Þú getur unnið með gögnin frá öllum þínum tölvum og smartsímum hvar og hvenær sem er. Tapist eða skemmist talvan eru gögnin til staðar á öruggum stað. Livedrive.is - Sími 4500500.

## Spádómar




**Spásími 908 7000**
Hvað viltu vita á nýju ári ? Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 863 1987 visa/euro.

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Handrið og stigar. Gerum föst verðtilboð. S:8987779/ 8971479 Stigamaðurinn ehf

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Kílóverð 1700.- kr. Allar upplýsingar í s. 8687204 eða á www.myranaut.is

## Til sölu




## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



ÚTSALA, ÚTSALA !! 30-70% AFSLÁTTUR !! Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is




# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Gott nudd - 105 Rvk/ Hlíðar**
Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Kem einnig í heimahús. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofa Svæði 105 Holtin.

## Snyrting



Pop up spray tan tjöld til sölu, mjög ódýr. Auðvelt að pakka saman og fer ekkert fyrir þeim. S. 618 1283 eða sms V. 29.900 bráðsniðug lausn.

## Þjónusta



**Frelsi frá reykingum 2012 s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Er matur og þyngd vandamál! Sími 568-3868 www.matarfikn.is



Kriya yoga. Kynningarfundur 13. janúar kl. 19:00 í Yogastöðinni Heilsubót. Opin öllum. Tækifæri sem andlega sinnaðir ættu ekki að missa af. www.kriyayoga.is S. 691 8565.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**DVERG SCHNAUZER**
Dverg schnauzer til sölu hreinræktaðir með ættbók frá HRFÍ. Bæði svartir og pipar/salt. Tilb. til afh. föstud. 13.jan Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**
**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

leiguíbúðir

**Til leigu**
Glæsileg 2ja herbergja íbúð á Njálsgötu. Gott verð og traust þjónusta. Nánari upplýsingar á www.leiguibudir.is og síma 898 6224

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 72fm 3herb. íbúð á Laugavegi með húsgögnum. Uppl. í s. 8697894

# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**



Nú fer hann kólnandi

Fáðu þér fjarstart í bílinn og njóttu þess að vera til.
Tilboð kr. 26.500

Dalvegur 16b s: 5542727

Hugna.is

**NÁMSKEIÐIN OKKAR ERU AÐ HEFJAST.**



GLERBRÆÐSLA, LEIRMÓTUN, LEIRSTEYPA, GLERSKART-GRIPIR OG SKARTGRIPAGERÐ. MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI.

GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411



Face lift massage
Andlitsnudd

Árangursrík nuddmeðferð
Meðferð til betra útlits og vellíðunar. Hentar öllum aldurshópum og báðum kynjum.
Engin krem eða olíur.

Arnhildur S. Magnúsdóttir • S: 8955848 • Beauti bar • Höfðatún 2.

**Alhliða hreingerningarþjónusta**
Teppahreinsun • bónþjónusta • flutningsþrif

ÞRIF & þvottur

Þrif og þvottur ehf • Reykjavíkurvegi 48, 101, S. 893 0611

XPRENT -merkir allt!



**Umhverfismerkingar.**
**Bíla- og gluggamerkingar.**
**Hentar t.d. fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.**

Xprent - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - s. 777 2700 - xprent@xprent.is

Rentice.is

**Orlof / Hvíld**
**Fyrir Eldriborgara**

Bjóðum uppá helgarorlof / hvíld fyrir eldriborgara.
Helgina 20-22 janúar 2012 og helgina 27-29 janúar 2012.
Pláss er fyrir 6-8 gesti, í 2ja manna herbergjum.
Afþreying, gönguferðir og fl. Starfsmaður á vakt allan sólahringinn.

Fagleg vinnubrögð. Nánari upplýsingar í s. 847 4717
www.Rentice.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**

- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.



**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is**

**DOMTI**

Smáratorgi 1

**ÚTSALAN heldur áfram fram á sunnudag.**
Opið frá kl. 11:00-18:00 fimmtudag, föstudag, laugardag og á sunnudag 13:00-18:00

## Verslun

Hef til sölu allt sem tengist verslunarrekstri. Tæki og tól. Notað. Selst ódýrt.

**Upplýsingar í s. 774 2501**

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

CMT ORANGE TOOLS

**CMT sagarblöð og fræsitennur**



Ásborg
vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Útsalan er hafin**

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN



HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**

***Varahlutaþjónusta***

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

**IVECO**

**Viðgerðar- og varahlutaþjónusta**

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

LP VERK ehf.
BYGGINGAFÉLAG

**Rafvirkjar - Smiðir**
**Flísalagnir - Múrarar**
**Málarar - Píparar**

Allar almennar húsaviðgerðir!

**698 6738**
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR



**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**S. 587 1350**

LOK Á HEITA POTTA
FJARÐARBÓLSTRUN
SÍMI 8644188

**Sérsaumum einangrunalok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.**
**Flatahraun 29, 220 Hfj. fjardarbolstrun@gmail.is**
**www.fjardarbolstrun.is**

*Rafstilling ehf*

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
*Dugguvogi 23 - s: 5814991*
*rafstilling@rafstilling.is*

# Alla fimmtudaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Tilboð

**Kópavogsblóm**
**Erum flutt í Núpalind 1**

- Tilboð á 15 tíma ilmkerti 100.- kr.
- Rósir á 390.- kr.
- Skreytingar við öll tækifæri.

**S. 564 5840 • 893 6614**

## Atvinna

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi**

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum. Um er að ræða fullt starf á dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.
Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari

## Tilkynningar

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð við Klukkuvelli 20 – 26 á Völlunum í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á lóð við Klukkuvelli 20 - 26, Hafnarfirði í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að í stað fjögurra íbúða raðhúss á tveimur hæðum, með innbyggðum bílageymslum, verði fimm íbúða raðhús á einni hæð án innbyggðra bílgeymslna. Byggingarreitur stækkar um 2 metra. Hámarkshæð mænis verði 4,5 metrar og hámarkshæð útveggja verði 3 metrar. Að öðru leiti gilda áfram gildandi skilmálar.

### Tillaga að breyttum deiliskipulagsskilmálum Lónshverfis varðandi lóð Skipalóns 10-14.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 13. desember 2011 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lónshverfis í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingin felst í að aflétta kvöð af húsinu Skipalóni 10 um að íbúar skuli vera 50 ára og eldri.

Tillögurnar að breytingunum verða til sýnis í þjónustuveri ráðhússins á Strandgötu 6 og hjá skipulags-og byggingarsviði Hafnarfjarðar, Norðurhellu 2, frá 12. janúar til 23. febrúar 2012. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeir sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 23. febrúar 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

**Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsa/Búgarðalóðir til sölu!**

**Um er að ræða fjórar byggingarlóðir, svokallaðar búgarðalóðir úr landi Morastaða í Kjósarhreppi. Byggingareitir liggja fyrir á samþykktum skipulagsuppdrætti.**

**Stapagljúfur 1, landnr. 211-787, stærð 23.480 fm.**

**Stapagljúfur 2, landnr. 211-788, stærð 19.835 fm.**

**Stapagljúfur 3, landnr. 211-793, stærð 21.081 fm.**

**Stapagljúfur 4, landnr. 211-794, stærð 19.152 fm.**

**Tilboð eða fyrirspurnir skulu sendast á netfangið logfraedingur@simnet.is**

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsnæði, lofthæð 4,70, tvær innkeyrsludyr . Við sund, 20 fm verslunar/þjónustuhúsnæði á jarðhæð og 40 fm skrifstofa á 2. hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

Til leigu 210m2 iðnaðarhúsn. í Hafnarf. hægt að skipt í 2, 105m2 bil S: 892-9260

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**ATVINNA**

## Atvinna í boði

**Vantar þig peninga ?**
Viltu vinna hjá sjálfum sér. Nú er tækifæri til að afla tekna. Uppl. í s. 691 7828

Au-Pair London UK: Óskum eftir stúlku fyrir miðjan febrúar til að gæta krakka í miðborg London hluta af degi. Um er að ræða 6 ára strák og stelpu á 3ja ári. Tímabil getur verið fram í lok maí eða lok sumars. Áhugasamar vinsamlegast hafið samband við Steinar á: steinarasia@yahoo.com

Við óskum eftir meiraprófsbílstjóra með C. CE. réttindi. Þarf að geta byrjað 1.feb mikil vinna í boði fyrir dugleg einstaklinga. Umsóknir sendist á: vadvik1@internet.is

## Viðskiptatækifæri



Frístandandi verslunarhillur ásamt krókum og hillum. Raufapanill m/ állistum. Einnig á vegg. Hentar vel í verslun eða búð. S: 664 3177.

**TILKYNNINGAR**

## Einkamál

Ung kona vill hitta karlmann. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8329.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Ung kona leikur sér...með látum. Kynl. sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, nr. 8547.

**Íslenskar konur**
leika sér heitar í einrúmi. Nýjar upptökur flesta daga. Ky.sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930.

## Tilkynningar

VESTURBYGGÐ

### Deiliskipulag á Látrabjargssvæði: Keflavík-Breiðavík

Sveitarfélagið Vesturbyggð óskar eftir tilboðum í gerð deiliskipulags Látrabjargarsvæðisins. Skipulagsforsögnin er aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar www.vesturbyggd.is.

Í tilboði skal m.a. koma fram nöfn þeirra sem vinna munu verkið, menntun þeirra og starfsreynsla, á hvern hátt tilboðsgjafar ráðgera að skila verkefninu, tímagjald þeirra sem að verkefninu munu vinna, heildarkostnaður við verkið og hvenær því verði skilað.

Gerð er krafa um að ráðgjafi hafi að lágmarki háskólamenntun í landslagsarkitektúr, arkitektúr eða skipulagsfræðum en geti að auki sýnt fram á reynslu og réttindi til að vinna skipulag skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðgjafi skal sýna fram á færni í framsetningu teikninga og myndefnis og hæfileika í mannlegum samskiptum.

Umsóknir verða metnar bæði með tilliti til tilboðs en ekki síður með tilliti til hæfis umsækjenda s.s. gæða fyrri verka.
**Umsóknarfrestur er til 15. Febrúar 2012.**

Nánari upplýsingar veitir bæjarstjóri Vesturbyggðar, Ásthildur Sturludóttir, asthildur@vesturbyggd.is s. 450-2300.

## Styrkir

### Auglýsing frá sænsk-íslenska samstarfssjóðnum

Árið 2012 verða veittir úr Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum ferðastyrkir til að styðja íslenska þátttakendur í sænsk-íslenskum og norrænum verkefnum. Markmið sjóðsins er að stuðla að auknu samstarfi Svíþjóðar og Íslands á sviði vísinda, menntunar og menningar.

Um styrki þessa skal sótt á sérstökum vefeyðublöðum sem er að finna á vefslóðinni www.nordiskafonder.se.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2012 og skal skila umsóknum rafrænt á vefnum. Styrkjunum verður úthlutað í mars/apríl nk.

Stjórn sænsk- íslenska samstarfssjóðsins
5. janúar 2012

## Fasteignir

### Glæsilegt einbýlishús í Fossvogi

Undirrituðum hefur verið falið að finna kaupanda að glæsilegu einbýlishúsi á tveimur hæðum neðst í Fossvoginum. Húsið er um 500 fm ( aukaíbúð í kjallara) og hefur allt verið endurnýjað frá grunni fyrir fáeinum árum og sérhannað af innanhúsarkitekt. Eign í algjörum sérflokki.
**Verðhugmynd 180 millj.**

**Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.**
Stefán Hrafn Stefánsson hdl, lögg.fasts.
stefan@storborg.is
Gsm: 895-2049


við prentum
TÍMARIT







- Bækur
- Tímarit
- Fyrir skrifstofuna
- Bæklingar
- Kynningarefni
- Fjölpóstur
- Dagblöð
- Stafræn prentun
- Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is



Var að koma af Steina, Pésa og gaur á trommu
í Gamla bíói... Hlátur, snilld og hamingja.
Hödd Vilhjálmsdóttir
– Fréttakona á Stöð 2
Grenjaði úr hlátri á uppistandinu :)
Steini og Pési eru snillingar!!!!
Þórhallur Þórhallsson – grínisti
Ég hló allan tímann!
Helga Braga – leikkona
Þú færð magavöðva af hlátri.
Steindi – grínisti
STEINI / PÉSI
& GAUR Á TROMMU
Föstudagur 13.01.2012 22:30
Föstudagur 27.01.2012 22:30
Ég hef ekki grenjað svona mikið úr hlátri eins og í kvöld, síðan ég var unglingur og fékk krampahláturskast í
kirkju þegar Berglind fimm ára frænka mín kveikti í hárinu á konunni sem sat á bekknum fyrir framan okkur!!!
Í kvöld trylltist ég úr hlátri á uppistandinu með Steina Guðmunds og Pétri Jóhanni!!!!!!
Edda Björgvinsdóttir – leikkona
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Símanúmer í miðasölu 563 4000. Opið mán.-mið. 14:00-18:00 og fim.-sun. 14:00-20:00.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skipalægi, **6.** stefna, **8.** tala, **9.** hryggur, **11.** spil, **12.** óskertur, **14.** ofra, **16.** sjó, **17.** hafið, **18.** heyskaparamboð, **20.** sjúkdómur, **21.** steintegund.

**LÓÐRÉTT**
**1.** land, **3.** mannþvaga, **4.** lögtak, **5.** bjargbrún, **7.** raddfæri, **10.** nögl, **13.** dýrahljóð, **15.** svara, **16.** dæling, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** höfn, **6.** út, **8.** sjö, **9.** bak, **11.** ás, **12.** allur, **14.** fórna, **16.** sæ, **17.** rán, **18.** orf, **20.** ms, **21.** gifs.

**LÓÐRÉTT: 1.** kúba, **3.** ös, **4.** fjárnám, **5.** nös, **7.** talfæri, **10.** kló, **13.** urr, **15.** ansa, **16.** sog, **19.** ff.




# Lífið fyrir framan linsuna

Sjónvarpsstjarnan Fredrik Ferrier spjallar um íslenskan bakgrunn sinn og hvernig lífið fyrir framan linsuna hefur lítið að gera með raunveruleikann.



FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN


# Konungur dýranna er ekki ljón

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Krúttfréttir af dýrum eru klassískt fréttaefni. Konungur dýranna í íslenskum fjölmiðlum er hins vegar alls ekki ljón. Langt í frá. Það er pandabjörn.

**ÍSLENSKIR** fjölmiðlar bókstaflega elska pöndur. Helst ef þær eru frá Kína. Sem dæmi var desembermánuður hlaðinn fréttum af þessum glaðbeittu, kínversku krúttbollum. Allt hófst þetta með látum í byrjun mánaðar þegar tvær pöndur voru lánaðar frá Kína í dýragarð í Skotlandi en þar vona menn meðal annars til þess að þær eignist afkvæmi. Og brot af umfjölluninni hér á landi? RÚV sjónvarp: Pöndur lánaðar til Edinborgar. Stöð 2: Heimshorn, pöndur í Skotlandi. Eftirfylgni í fréttum Bylgjunnar: Pöndurnar eru orðnar vinsælar í dýragarðinum!

**STUTTU** fyrir jól sáum við síðan í sjónvarpsfréttum RÚV að í öðrum dýragarði, í ákveðnu héraði í Kína væru tveir pandabirnir himinlifandi með fyrstu snjókomu vetrarins (18. des). Við heyrðum einnig í aðalkvöldfréttatíma RÚV í sjónvarpi að í Skotlandi væru lánspöndurnar blessuðu frá Kína orðnar skærustu stjörnur dýragarðsins í Edinborg (23. des). Í sjónvarpsfréttunum viku síðar var aftur á móti það helst í fréttum að villt panda – í Kína, nema hvað – hefði náðst á myndband naga bein af gný (30. des).

**HAFI** einhver haldið að pöndur væru grænmetisætur sá hinn sami það væntanlega umræddan dag að hann væri í ruglinu. Kl. 19.00 á RÚV: „Myndir hafa nú náðst í fyrsta sinn af villtri pöndu í Kína naga bein sem reyndust vera af gný.“ 22 mínútum síðar: „Nú hafa náðst myndir af villtri pöndu sem nagar dauða antílópu í Kína.“ Hálfri mínútu síðar: „Sérfræðingar fullyrða að aldrei fyrr hafði náðst myndir af villtri pöndu sem nagar dauða antilópu í Kína.“ Fjórum og hálfri mínútu síðar: Í fréttum var það helst: „Myndir hafa nú náðst í fyrsta sinn af villtri pöndu í Kína naga bein sem reyndust vera af gný.“

**ERUÐ** þið komin með nóg af þessum kjötétandi krúttbollum? Sorrý, en þetta er bara alls ekkert búið. Við eigum nefnilega íslensku netmiðlana í desember alveg eftir. Má til dæmis bjóða ykkur þessar hér af svarthvítu félögum okkar? „Pandabjörn fékk far á viðskiptafarrými flugvélar“ (Bleikt.is, 8. des), „Reyndi að selja uppstoppaða pöndu“ (mbl.is, 12. des) og „Pöndur meðalið við hjartasárum“ (mbl.is, 22. des).

**RÉTT** er að hafa í huga að þetta eru einungis fréttir frá því í desember …

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






### USB GLINGUR

Stútfullar verslanir af ótrúlega skemmtilegu USB glingri frá Satzuma á tilboði frá kr. 990

**FRÁ 990**

USB GLINGUR Í ÚRVALI

ENN BETRA VERÐ



### 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.490**

8GB 2.990 • 16GB 4.990

ENN BETRA VERÐ




### 27" LCD SKJÁR

Ótrúlegt verð á 27" FULL HD 1080p frá BenQ þar sem glæsileg hönnun og gæði fara saman

**44.900**

27" LCD Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# BÆTT HEILSA **BETRA LÍF**




**4x6 ACIDOPHILUS**
Góðgerlablanda sem hefur góð áhrif á meltingarflóru.

**OMEGA 3-6-9**
Allar nauðsynlegu fitusýrurnar í belgjum. Auðvelt til inntöku.

**PSYLLIUM HUSK CAPS**
Trefjar hafa mikilvægt hlutverk í meltingarvegi okkar.

**COQ10**
CoQ10 spilar mikilvægt hlutverk í orkuframleiðslu líkamans.

# SPENNANDI SALATBAR



## Sjáðu úrvalið!

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

- Rifinn kjúklingur
- Spínat
- Klettasalat
- Surimisalat
- Núðlur í súrsætri
- Rótargrænmeti
- Egg
- Túnfiskur

**VITABIOTICS VÍTAMÍN**
Margverðlaunuð og mest seldu vítamín í Bretlandi. Öll nauðsynleg vítamín í einni töflu

**CLIPPER DETOX TE**
Ljúffengt og bragðgott te sem inniheldur lakkrísrót, nettlu og aloa vera. Létt hreinsun.

**BIO-KULT CANDÉA**
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara sem er örugg fyrir börn, barnshafandi og mjólkandi mæður.

**MAXX GLÚTAMÍN**
Glútamín verndar vöðvana gegn niðurbroti við æfingar.




**NÝTT**
OMEGA3 DHA




**NÝTT**
VITABIOTICS VÍTAMÍN




**TILBOÐ**
CLIPPER ORGANIC DETOX
**399** kr/pk.
Verð áður 529.-







**TILBOÐ 20%** afsláttur við kassa

**MAXX KREATÍN**
Kreatín gefur sprengikraft, styrk og byggir upp vöðva.

**TILBOÐ 20%** afsláttur við kassa

**FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE**
Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni.

**HYDROXYCUT**
Eykur brennslu, minnkar matarlyst og gefur orku í dagsins önn.

**KYNNING**
Í DAG kl. 16-19
í Skeifunni




HYDROXYCUT
**4.999** kr/pk




**TILBOÐ**
HEILSUBRAUÐ
**289** kr/stk.
Verð áður 399.-

**CHIAFRÆ**
Auðug af omega-3. Þau eru trefjarík - gott að nota þau í grauta og hráfæði.



**SOLLA KYNNIR**
Í DAG kl.16-18
í Garðabæ

**TILBOÐ**
FROOSH
**299** kr/stk.
Verð áður 349.-




Gildir til 23. janúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg


Holta
KJÚKLINGUR
KJÚKLINGUR
INNAN VIÐ 1% FITA
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
KJÚKLINGALUNDIR
2.238 kr/kg.
Verð áður 2.798.-
ELDAÐAR KJÚKLINGABRINGUR
2.998 kr/kg.
Verð áður 3.598.-
tilbúnar beint út á salatið
TILBOÐ
15%
afsláttur við kassa
Fetakubbur
TILBOÐ
15%
afsláttur við kassa
Kotasæla
Kotasæla allar tegundir
ávöxtur mánaðarins
Mangó
TILBOÐ
BLÁBER
299 kr/pk.
Verð áður 449.-
TILBOÐ
VATNSMELÓNA
245 kr/kg.
Verð áður 275.-
NÝTT
ROMA EPLI
Borðum ávexti daglega!
Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum, andoxunar- og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollustuefnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á grænmeti og ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum.
Holl máltíð
POWERmeal
Earthbound
Power meal
TILBOÐ
15%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
HLEÐSLA Í DÓS
156 kr/stk.
Verð áður 184.-
NINGS
TILBOÐ
SUSHI
2 TEGUNDIR
849 kr/pk.
Verð áður 998.-
ENGEVITA NÆRINGARGER
Inniheldur B-12 ásamt því að vera "leynikryddið" sem galdrar í hráfæðinu.
POPCORNES HEILSUSNAKK
Gert úr náttúrulegum hráefnum. Fitusnautt. Glúten og transfitu frítt.
QNT BURNER
Hjálpar þér að léttast hratt og örugglega!
QNT BOOSTER
Vatnslosandi fitu-brennsludrykkur sem gefur orku.
LIÐ-AKTÍN QUATRO
Til þess að byggja upp og viðhalda heilbrigðu brjóski og liðamótum.
B-SÚPER
Öflug B-vítamín fyrir taugarnar, húð, hár og neglur.
TILBOÐ
15%
afsláttur við kassa
TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa
heilsa
ACIDOPHILUS PLUS
LIÐ-AKTÍN
B-SÚPER
POPCORNERS
TILBOÐ
POPCORNERS
299 kr/stk.
Verð áður 349.-
BURNER
BOOSTER
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menning

menning@frettabladid.is

**BALKANTÓNLIST Á CAFÉ HAITI** Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans leikur tónlist frá Balkanlöndunum á Café Haiti, Geirsgötu 7b, föstudaginn 13. janúar klukkan 21.30. Meðlimir sveitarinnar eru Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.



**SALON ISLANDUS** Spilar í sínu fínasta pússi í Salnum annað kvöld ásamt Þóru Einarsdóttur söngkonu.

## Bregða á leik í Kópavogi og Skagafirði

„Við höfum staðið fyrir nýárstónleikum síðan árið 2004, leikum Vínartónlist, valsa og polka, sprellum og höfum það gaman. Í ár verður Þóra Einarsdóttir söngkona með okkur og tekur nokkur lög,“ segir Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og meðlimur í kammerhópnum Salon Islandus sem heldur tónleika í Salnum í Kópavogi annað kvöld klukkan átta.

Á laugardag leggja þau svo land undir fót og halda Vínartónleika í Miðgarði í Skagafirði. „Þá verður karlakórinn Heimir með okkur og söngvararnir Óskar Pétursson og Helga Rós Indriðadóttir. Að loknum tónleikunum leikur sveitin fyrir dansi,“ segir Anna sem segir það óvenjulegt en skemmtilegt fyrir klassískt menntaða hljóðfæraleikara að leika fyrir dansi.

Auk Önnu Guðnýjar skipa Salon Islandus þau Sigurður Ingvi Snorrason, klarinettuleikari sem er hljómsveitarstjóri, Sigrún Eðvaldsdóttir og Pálína Árnadóttir fiðluleikarar, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari, Hávarður Tryggvason sem leikur á kontrabassa, Martial Nardeau flautuleikari og Pétur Grétarsson slagverksleikari.

# SAFNA SÖGUM AF LITLUM SYSTRUM OG BRÆÐRUM

**Æfingar fyrir leikverkið Skrímslið litla systir mín standa nú yfir í Norræna húsinu, en verkið verður sýnt þar í febrúar. Í tengslum við sýninguna safna þær Helga Arnalds, höfundur og túlkandi, og Charlotte Böving leikstjóri reynslusögum barna af því að eignast lítið systkini.**



**HELGA ARNALDS** Skrifaði leikverkið Skrímslið litla systir mín innblásin af reynslu sonar hennar af því að eignast yngri systur. MYND/LEIKHÚSIÐ TÍU FINGUR

„Kveikjan að þessu var sonur minn, þegar hann var að eignast sína litlu systur. Um það leyti sem hún var að fæðast sagði hann mér sögu af einhverjum sem var ekki hann, heldur einhver allt annar. Sá hafði eignast litla systur sem var skrímsli og át foreldra sína. Ég fann strax að þetta var hans leið til að takast á við sínar tilfinningar, að fara inn í eitthvert ævintýri,“ segir Helga Arnalds, leikkona og höfundur sýningarinnar Skrímslið litla systir mín. Verkið verður sýnt í Norræna húsinu í febrúar.

Í tengslum við sýninguna eru þær Helga og Charlotte Böving, leikstjóri sýningarinnar, nú að safna sögum af því hvernig börn takast á við þann stórviðburð að eignast lítið systkini. „Þegar við byrjuðum að vinna í sýningunni og fórum að ræða málin komumst við að því að allir kunna skemmtilegar sögur af þessu tagi. Þá datt okkur í hug að safna þeim á einn stað og opna þannig fyrir umræðuna. Það er dálítið tabú að vera svona afbrýðisamur, eins og börn verða oft þegar þau eignast lítið systkini. En þetta er ofsalega sterk tilfinning. Börnin fá aðallega spurningar eins og: „er litla systir ekki fín?“ og „er ekki gaman að vera stóri bróðir?“ Það er lítið verið að gefa þeirra tilfinningum pláss.“ Sögurnar má senda inn á Facebooksíðu Leikhússins 10 fingur.



**AÐSTANDENDUR VERKSINS** Páll Guðmundsson sérsmíðaði steinhörpuna sem Eivör Pálsdóttir notaði til að skapa hljóðheim sýningarinnar. Með þeim á myndinni eru leikstjórinn Charlotte Böving og höfundurinn Helga Arnalds. MYND/LEIKHÚSIÐ TÍU FINGUR

Aðalsöguhetja verksins er myrkfælinn strákur sem hefur nýlega eignast litla systur. Hann kemst að því að hún er ekkert venjulegt barn heldur skrímsli sem ætlar að éta mömmu hans upp til agna og kannski bara allan heiminn. Til að bjarga mömmu sinni og öllum heiminum frá litla skrímslinu, þarf hann að ferðast gegnum skuggalega skóga, um dimmar drekaslóðir, alla leið út á heimsenda. Á leiðinni lærir hann að elska litlu systur sína. „Þetta fjallar líka um skrímslin inni í okkur, hvernig þau verða til og hvernig þau stækka alltaf í myrkrinu, ef við tölum ekki um þau,“ segir Helga.

Leikverkið er einhvers staðar á mörkum leikrits, brúðuleikhúss og skuggamyndasýningar. „Ég býð börnunum inn í risapappírsveröld, sem ég ríf, bleyti, mála á og breyti. Stundum eru systkinin litlir bréfmiðar, stundum teiknaðar myndir og stundum skuggar. Ég er miðlarinn, stundum eins og sögumaður og stundum eins og persóna í sögunni.“

Tónlistin leikur stórt hlutverk í verkinu, en henni lýsir Helga sem ævintýralegri, náttúrulegri og frumstæðri. Eivör Pálsdóttir vinnur tónlistina og notar hljóðfæri sem Páll Guðmundsson frá Húsafelli bjó til sérstaklega fyrir sýninguna.

Eftir leikritið verður börnum boðið að taka þátt í listasmiðju, undir handleiðslu Helgu og Evu Signýjar, þar sem þau fá að skapa sín eigin skrímsli úr pappírnum sem Helga notar í sýningunni.

Skrímslið litla systir mín verður frumsýnt 4. febrúar. Sýningin er fyrir alla fjölskylduna, fullorðna og börn frá fjögurra ára aldri.

holmfridur@frettabladid.is


## Áfallastreita í kjölfar missis

Dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur ræðir um áfallastreitu í kjölfar missis, n.k. fimmtudagskvöld 12. janúar kl. 20:30 í safnaðarheimili Háteigskirkju. Húsið opnar kl 19:00 þar sem fólk getur komið, spjallað og fengið kaffi.

Allir velkomnir.

**Dagská á vormisseri 2012**

**2. febrúar Ungt fólk og sorg**

**1. mars Barnsmissir** – missir við fæðingu

**12. apríl Áfall** – hvað byggir upp aftur

Fræðslufundirnir eru í safnaðarheimili Háteigskirkju og hefjast kl. 20:30

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is



## Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda**
auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.
Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi á árinu 2010.
Umsóknir berist fyrir 27. janúar til:
**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda.**
**Hverfisgötu 54 P.O. Box 5367, 125 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu
**SÍK – www.producers.is**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers


Leikhús ★★★

**Póker**

eftir Patrick Marber

**Sýnt í Tjarnarbíói. Leikarar:** Magnús Guðmundsson, Ellert A. Ingimundarson, Jón Stefán Sigurðsson, Þorsteinn Gunnar Björnsson, Ingi Hrafn Hilmarsson, Finnbogi Þorkell Jónsson, þýðandi: Jón Stefán Sigurðsson, ljós: Björn E. Sigmarsson, leikmynd: Svanur Þór Bjarnason, leikstjóri: Valdimar Örn Flygenring.



## Langur forleikur

Spilafíkn, græðgi, einfeldni, von og örvænting einkenna hegðun persónanna í leikritinu Póker sem frumsýnt var á sunnudag. Það gerist á veitingastaðnum Charlie þar sem starfsmenn spila saman póker einu sinni í viku þegar viðskiptavinir hafa yfirgefið staðinn.

Leikritið sjálft er svo sem ekki upp á marga fiska en leikurinn hjá hverjum og einum leikara nokkuð góður. Ungir nýútskrifaðir leikarar úr skólum erlendis leika hér með einum eldri; Ellerti A. Ingimundarsyni sem með sinni miklu og skemmtilegu rödd skilar vel hinum grófa en þó nokkuð skilningsríka Stephen. Son hans Charlie leikur Ingi Hrafn Hilmarsson og skilaði hann mjög vel þessari ábyrgðarlausu hegðun sem einkennir spilafíkla. Mugsy er einn þjónanna. Hálfgerður einfeldningur sem á sér von um eigið veitingahús en leggur full mikið undir í spilunum og er meira í skýjunum en niðri á jörðunni. Magnús Guðmundsson leikur þennan fyndna þjón og á marga mjög skemmtilega spretti og heillaði salinn. Hann hefur einkar góða nærveru og verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni. Sweeney er viðkvæmur matreiðslumaður sem Finnbogi Þorkell Jónsson léði lífi á fantagóðan hátt.

Sá sem kom til þess að innheimta skuldir og var með hið raunverulega pókerandlit var leikinn af Þorsteini Gunnari Bjarnasyni og hélt hann andlitinu allan tímann. Annar langur og glettilegur þjónn að nafni Frankie er einn af pókerspilurunum og leikur Jón Stefán Sigurðsson hann og á líka nokkuð hressilega spretti. Ef ekki væri fyrir húmorinn og hraðann í samtölum lifði þetta leikverk varla því undirbúningur undir pókerspil og þá ógæfu sem því fylgir er varla nóg til þess að halda spennu. Engu að síður var varla dauður punktur í sýningunni og hefur Valdimari Flygenring farnast það vel úr hendi að ná góðu samspili hópsins.

Lýsingin sem Björn E. Sigmarsson er skrifaður fyrir var mjög góð og hæfði verkinu vel. Áhorfendur sitja í kringum leiksviðið sem átti einkum vel við í seinni hluta verksins þegar mennirnir sex sitja og spila póker með skæra birtu úr hangandi ljósakrónu alveg eins og við sjáum í öllum glæpamyndum. Þess má geta að lokum að lýsing Björns E. Sigmarssonar var mjög góð.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Góður leikur hjá samstilltum hópi en leikritið er ekki upp á marga fiska.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Ung, myrk, hrist eða hrærð



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BAKHJARLAR

BORGUN · VÍS · GAMMA GAM Management hf

## UNGIR EINLEIKARAR

FIM. 12.01. » 19:30

**Saint-Saëns** Píanókonsert nr. 2
**Prokofiev** Fiðlukonsert nr. 2, op. 63
**W. A. Mozart** Fiðlukonsert í A-dúr K.219
**W. A. Mozart** Exultate Jubilate K.165

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Elín Arnardóttir** píanó
**Ísak Ríkharðsson** fiðla
**Chrissie Thelma Guðmundsdóttir** fiðla
**Hrafnhildur Árnadóttir** söngur

Sigurvegarar úr einleikarakeppni Sinfóníunnar og LHÍ leika einleik með Sinfóníunni.

## JAMES BOND-VEISLA

FIM. 19.01. » 20:00 UPPSELT
FÖS. 20.01. » 20:00 UPPSELT
LAU. 21.01. » 22:00 AUKA-TÓNLEIKAR

**Carl Davis** hljómsveitarstjóri
**Valgerður Guðnadóttir, Sigríður Thorlacius, Inga Stefánsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Sigríður Beinteinsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir** einsöngvarar

Fluttir verða allir helstu smellirnir úr Bond-myndunum, meðal annars You Only Live Twice og A View To a Kill.

## MYRKIR MÚSÍKDAGAR

FIM. 26.01. » 19:30

**Giacinto Scelsi:** Hymnos
**Hugi Guðmundsson:** Orkestur, frumflutningur
**Atli Ingólfsson:** Mani
**Iannis Xenakis:** Metastasis
**Hans Abrahamsen:** 10 sinfóníur

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

Íslensk verk í bland við erlenda samtímatónlist eftir nokkur af athyglisverðustu tónskáldum samtímans.

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » **Miðasala í anddyri Hörpu** » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar




**> Í SPILARANUM**

**Intro Beats** - Half Time
Emilie Simon - Franky Knight
The Maccabees - Given to the Wild
Ani DiFranco - Which Side Are You On?
**Of Montreal** - Paralytic Stalks

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Líkir 2012 við árið 1991



**ÓSÁTTUR** Grohl telur að gítarrokkið fái ekki nægilega athygli.

Rokkarinn Dave Grohl úr Foo Fighters hefur líkt tónlistarlandslaginu í dag við það sem var uppi árið 1991 þegar fyrrum hljómsveit hans Nirvana braust fram á sjónarsviðið með látum.

Hann telur að hljómsveitir sem spila gítarrokk fái ekki næga athygli í dag. „Mér finnst ekkert að rokkinu í dag. Það bara fær ekki næga athygli.

Núna er tónlistarlandslagið ekki ósvipað og árið 1991 áður en Nirvana varð vinsæl,“ sagði Grohl við Billboard.

„Undir lok níunda áratugarins var mikið af straumlínulöguðu poppi sem krakkar höfðu engan áhuga á.

Þeir náðu engum tengslum við hármetalsveitir sem sungu um súludansara í limósínum akandi eftir Sunset Boulevard,“ sagði hann.



**> PLATA VIKUNNAR**

GP! - Elabórat

★★★★

„Guðmundur Pétursson gítarleikari fer um víðan völl á frábærri sólóplötu.“

- tj



**TÓNNINN GEFINN**

**Trausti Júlíusson**

## *Enn þá líf í Underworld*

Hljómsveitin Underworld fagnar tuttugu ára afmæli á árinu 2012. Af því tilefni koma út tvær safnplötur með henni nú í janúarmánuði. Annars vegar einföld plata, A Collection, sem hefur að geyma helstu smellina og nýleg samstarfsverkefni, m.a. með Brian Eno, High Contrast og Tiesto.



**AFMÆLISÁR** Nýjar safnplötur og Ólympíuverkefni á 20 ára afmælisári Underworld.

Hins vegar er það svo þrefaldur pakki, 1992-2012 Anthology, en í honum er kafað dýpra. Á fyrri plötunum tveimur er helstu lögum sveitarinnar safnað saman, en þriðji diskurinn inniheldur fágætt efni, áður óútgefnar upptökur og b-hliðarlög.

Forsaga Underworld hófst árið 1980 þegar þeir Karl Hyde og Rick Smith hittust fyrir tilviljun í stúdentaíbúð í Cardiff. Þeir voru fyrst saman í hljómsveitunum Screen Gemz og Freur sem voru undir áhrifum frá reggítónlist og þýsku sveitinni Kraftwerk. Freur, sem m.a. tók upp efni undir stjórn Conny Plank og Dennis Bovell, þróaðist í fyrstu útgáfuna af Underworld sem gerði tvær plötur á árunum 1988-1989. Hljómsveitin var hins vegar stofnuð upp á nýtt eftir að þeir Karl og Rick kynntust Darren Emerson árið 1991. Hin nýja Underworld, með Darren innanborðs, sendi frá sér sitt fyrsta lag árið 1992 og fyrstu stóru plötuna dubnobasswithmyheadman í janúar 1994. Þá hafði tónlistin breyst í þá rokkskotnu teknóblöndu sem Underworld er þekkt fyrir.

Underworld fékk frábæra dóma fyrir dubnobass…, en þegar tvö laga sveitarinnar voru valin í kvikmyndina Trainspotting náði hún til fjöldans, ekki síst fyrir lagið Born Slippy sem varð einkennislag heillar kynslóðar í Bretlandi. Í kjölfarið varð Underworld öflug tónleikasveit. Darren Emerson hætti árið 2000, en þeir Karl og Rick héldu áfram og hafa gefið út fínar plötur undanfarin ár, síðast Barking sem kom út 2010.

Árið 2012 gæti orðið stórt ár hjá Underworld. Auk safnplatnanna, sem ég mæli sérstaklega með, þá munu þeir Karl og Rick hafa umsjón með tónlistinni á opnunarhátíð Ólympíuleikanna í London í sumar, ásamt Danny Boyle leikstjóra Trainspotting.

# Rísandi stjarna í tónlistinni

**Nýrrar plötu Lönu Del Rey hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Flestir telja að þessi bandaríska söngkona muni slá rækilega í gegn á þessu ári.**



**Á UPPLEIÐ** Nýrrar plötu Lönu Del Rey, Born to Die, er beðið með mikilli eftirvæntingu. NORDICPHOTOS/GETTY

Enska söngkonan Adele var á allra vörum á síðasta ári en núna hefur sviðsljósinu verið beint að Lönu Del Rey, bandarískri söngkonu sem vill láta kalla sig glæpakvendisútgáfuna af Nancy Sinatra.

Önnur plata hennar, Born To Die, er hennar fyrsta hjá útgáfufyrirtækinu Stranger Records, undirfyrirtækis Interscope Records sem er í eigu Universal Music Group. Hún kemur út í lok mánaðarins og telja helstu markaðs- og tónlistarsérfræðingar að hún eigi eftir að seljast eins og heitar lummur á árinu.

Fyrsta smáskífulagið af plötunni, Video Games, kom út síðasta sumar og samdi hún það sjálf með aðstoð lagahöfundarins Justins Parker. Það náði níunda sæti breska smáskífulistans og sumir töldu það eitt af lögum ársins. Seiðandi og frekar dimm rödd Del Rey var öðruvísi en annað sem var í gangi og í nýlegu viðtali sagðist hún hafa ákveðið að syngja lagið með dýpri tón til að vekja meiri athygli hlustenda sinna. Myndbandinu við lagið leikstýrði hún sjálf og klippti og síðan það birtist fyrst á Youtube hafa tæpar átján milljónir manna skoðað það, sem segir sitthvað um vinsældir söngkonunnar.

Lana Del Rey, sem heitir réttu nafni Elizabeth Grant, fæddist í New York-fylki í júní 1986. Hún ólst upp í smábænum Lake Placid en átján ára flutti hún til New York-borgar. Faðir hennar er milljarðamæringurinn Rob Grant og það var starfsfólk á vegum hans sem fann upp listamannsnafnið Lana Del Rey því það þótti henta tónlist hennar vel.

Fyrsta plata hennar, Lana Del Ray, kom út í janúar 2010 og naut hún aðstoðar föður síns við markaðssetninguna. Útgáfan vakti minni athygli en vonir stóðu til en Del Rey var ekki af baki dottin. Hún sneri aftur með nýja ímynd, kynþokkafyllri, klædd í anda sjöunda áratugarins og með betri lög í farteskinu. Þetta virkaði og að undanförnu hefur andlit hennar prýtt forsíðu hvers tímaritsins á fætur öðru, þar á meðal tímaritsins Q. Breska tónlistartímaritið valdi hana einnig björtustu von ársins 2012, auk þess sem ein stærsta fyrirsætuskrifstofa heims, Next, gerði við hana fyrirsætusamning.

Ljóst er að framtíð Lönu Del Ray er björt og verður forvitnilegt að fylgjast með ferli hennar í framtíðinni.

freyr@frettabladid.is




**LAGALISTINN**

Vikuna 5. - 11. janúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Gotye / Kimbra | *Somebody I Used To Know* |
| ▶ | 2 | Of Monsters And Men | *King and Lionheart* |
| ▶ | 3 | Mugison | *Kletturinn* |
| ▶ | 4 | Dikta | *What Are You Waiting For?* |
| ▶ | 5 | Amy Winehouse | *Our Day Will Come* |
| ▲ | 6 | Florence & The Machine | *Shake It Out* |
| ▼ | 7 | Adele | Rumour Has It |
| ▲ | 8 | Lana Del Ray | *Video Games* |
| ▼ | 9 | Jason Derulo | *Fight For You* |
| ▼ | 10 | Ed Sheeran | *Lego House* |

**TÓNLISTINN**

Vikuna 5. - 11. janúar 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Mugison | *Haglél* |
| ▶ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▲ | 3 | Adele | *21* |
| ▲ | 4 | Sigurður Guðm. og Sigríður Thorl | *Ásamt Sinfó.* |
| ✱ | 5 | Kammersveit Reykjavíkur | *Bach svítur* |
| ▼ | 6 | Helgi Björnsson | *Íslenskar dægurperlur í Hörpu* |
| ▲ | 7 | Sóley | *We Sink* |
| ▼ | 8 | Sigur Rós | *Inni* |
| ▲ | 9 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▲ | 10 | Ýmsir | *Pottþétt 56* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

# ÚTSALA!

## 12. – 15. JANÚAR



# 10–50%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

*GILDIR EKKI AF SÉRPÖNTUNUM NEMA ANNAÐ SÉ TILGREINT

OPNUNARTÍMAR Á MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR

| | | |
|---|---|---|
| FIMMTUDAGUR | 12. JAN. | 11:00–20:00 |
| FÖSTUDAGUR | 13. JAN. | 11:00–20:00 |
| LAUGARDAGUR | 14. JAN. | 11:00–18:00 |
| SUNNUDAGUR | 15. JAN. | 12:00–16:00 |

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

# NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT




**598** KR. 750 ML

BERIO EXTRA VIRGIN OLÍA




**98** KR. DS

HUNTS TÓMATAR 410 GR DÓS

15 ÞÚSUND DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI !




**1998** KR. 10 KG

ROYAL UMBRELLA JASMINE HRÍSGRJÓN




**495** KR. 518 GR

**298** KR. 362 GR

CHEERIOS 518 GR
CHEERIOS MULTIGRAIN 362 GR




**198** KR. 500 GR

BÓNUS KJARNABRAUÐ




**198** KR. 600 GR

GÆÐA ORKUKUBBUR




**159** KR. 5 STK.

BÓNUS 5 STK. BYGG-FLATKÖKUR

## BAKAÐU ÞÍNA *EFTIRLÆTIS* PIZZU HEIMA






**198** KR. 400 GR

**259** KR. 400 GR

BÓNUS PIZZADEIG & SPELTI-PIZZADEIG 400 GR




**98** KR. 125 GR

PIZZUSKINKA




**249** KR. 420 ML

PIZZUSÓSA




**129** KR. 300 GR

5000 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI !

KRISTJÁNSBAKARÍ
*HÁLF VÍNARTERTA*




**398** KR. STK

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | | 2 | | 5 | |
| | 2 | 5 | | 1 | | | | |
| | 8 | | 4 | | 5 | | | 3 |
| | | 4 | | | | | 6 | 9 |
| 9 | | 8 | | | | 4 | | 7 |
| 6 | 7 | | | | | 1 | | |
| 3 | | | 1 | | 8 | | 4 | |
| | | | | 4 | | 8 | 9 | |
| | 4 | | 5 | | | 7 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 22 ER Á BONUS.IS 22

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**259** KR. KG

**K.S. FROSIN LAMBALIFUR** (RÍK AF JÁRNI)

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



FRÁBÆR UPPSKRIFT Á BONUS.IS: **LAMBABÓGUR**

**998** KR. KG

**K.S. FROSINN LAMBABÓGUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



**298** KR. KG

**K.S. FROSIN LAMBAHJÖRTU** (FITULÍTIL)

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS

ÞARF **AÐEINS** AÐ HITA !



**998** KR. BAKKINN

*TILBÚINN* **BÓNUS HEILSURÉTTUR FYRIR 3-4**




**998** KR. PAKKINN

ÞARF **AÐEINS** AÐ HITA !

**NF 1. KG FROSIN GRÆNMETISBUFF**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




**1995** KR. KG

KJÖRFUGL **FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

## GERÐU ÞINN EIGIN **ÁVAXTA SMOOTHIE**




**398** KR. 500 ML

**LÍFRÆNT KÓKOSVATN**




**498** KR. 1.2 KG

**498** KR. 1 KG

**498** KR. 1 KG

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**> J-LO Í KÓKIÐ**

Jennifer Lopez hefur mikinn hug á því að leika í kvikmyndinni Cocaine Cowboys sem verður byggð á samnefndri heimildarmynd. Leonardo DiCaprio og leikstjórinn David O.Russell hafa verið orðaðir við verkefnið.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Downey ánægður með Iron Man 3

Robert Downey Jr. er þess fullviss að þriðja myndin um vopnasölukónginn Tony Stark og ofurhetju-skyldur hans sem Iron Man verði jafnvel besta ofurhetjukvikmynd allra tíma. Downey lét þessi stóru orð falla í viðtali við vefsíðuna Omelete og bætti því við að hann hlakkaði mikið til að vinna með leikstjóranum Shane Black, sem hefur gert kvikmyndir á borð við Kiss Kiss Bang Bang og Leathal Weapon 4.

Önnur myndin um Stark og ævintýri hans þótti frekar mislukkuð og hlaut dræmar viðtökur gagnrýnenda eftir að fyrsta myndin hafði slegið rækilega í gegn. Og Downey viðurkennir það fúslega. „Við höfum einstakt tækifæri með þriðju Iron Man-myndinni og nú er lag að gera bestu myndina í seríunni. Og ef til vill bestu ofurhetju-mynd allra tíma," segir Downey.

Hann bætir því við að lykillinn að velgengninni sé að líta til þess hvað gerði fyrstu Iron Man-myndina svona góða. „Hún var keyrð áfram af persónum myndarinnar og var mjög sérstök. Við verðum að hafa hugrekki til að fylgja þeirri leið sem var ofursvöl. Og hafa þá trú að áhorfendur séu það svalir að þeir kunni að meta það."

- fgg



**HLAKKAR TIL** Robert Downey Jr. er spenntur fyrir þriðju myndinni um Tony Stark sem verður leikstýrt af Shane Black.

# Gerir dekkri myndir

Steven Spielberg hefur viðurkennt að kvikmyndir sínar hafi orðið dekkri eftir árásirnar á Tvíburaturnana 2001. Spielberg hefur í gegnum árin verið þekktur fyrir frekar fjölskylduvænt bíó með E.T, Indiana Jones og Jurassic Park í broddi fylkingar.

Í viðtali við breska blaðið Independent kemur fram að Spielberg hafi fundist hann verða að breyta um stíl eftir árásirnar þar sem hátt í þrjú þúsund manns féllu. „9/11 breytti mér og þessir atburðir breyttu heiminum. Myndir mínar urðu dekkri." Spielberg nefnir þar sérstaklega tvær myndir, annars vegar Minority Report og hins vegar War of the Worlds. Báðar skörtuðu þær Tom Cruise í aðalhlutverkum. „Minority Report var mjög dökk sýn á framtíðina á meðan War of the Worlds talaði beint inn í atburðina. Hún átti ekki að gera það en útkoman varð bara þannig."

- fgg



**UNDIR ÁHRIFUM** Steven Spielberg segist hafa gert dekkri kvikmyndir eftir árásirnar á Tvíburaturnana 2001.

# ENDURKOMA PRÚÐULEIKARA

**Fyrsta Prúðuleikara-myndin í tólf ár, The Muppets, verður frumsýnd hér á landi um helgina. Hún hefur verið gagnrýnd af bandarískum íhaldsmönnum fyrir kommúnisma og öfga-umhverfisvernd á meðan gagnrýnendur og áhorfendur hafa lýst yfir einskærri ást sinni á þessum höfuðpersónum hins sáluga Jim Henson.**

The Muppets er sjöunda kvikmyndin um Prúðuleikarana sem ratar á hvíta tjaldið. Að þessu sinni njóta þeir lífsins lystisemda þegar þráðurinn er tekinn upp, Svínka stýrir tískutímariti, Kermit sleikir sólina í villu sinni og Dýri er kominn í reiðimeðferð fyrir fræga fólkið. Þegar þrír aðdáendur Prúðuleikaranna komast að því að hinn illi Tex Richman ætli sér að rífa hið fornfræga Prúðuleikhús og bora fyrir olíu verða þeir að sameina gengið fræga og fá þá til að berjast gegn illvirkjum olíubarónsins.

The Muppets-myndin er að mestu leyti hugmynd og hugarverk gamanleikarans Jason Segel sem margir ættu að kannast við úr How I Met Your Mother-gamanþáttunum og kvikmyndinni Forgetting Sarah Marsall. Hann kynnti forsvarsmönnum Disney hugmynd sína um að endurvekja brúðurnar snemma árs 2008 en Disney hafði þá ekki framleitt Prúðuleikaramynd frá því að Muppet Treasure Island var frumsýnd árið 1996 (hún fékk misjafnar viðtökur og slappa aðsókn). Disney leist vel á hugmyndina og veitti honum styrk til að þróa handrit og Variety greindi frá því að samningar hefðu náðst í mars það sama ár. Fyrsta uppkasti var skilað inn á skrifstofur framleiðsludeildarinnar í júní og fljótlega eftir það fór boltinn að rúlla. Snemma varð ljóst að Segel myndi leika eitt aðalhlutverkanna en meðhöfundur hans að handritinu, Nicholas Stoller, átti að leikstýra. Hins vegar var fallið frá þeirri hugmynd og James Bobin fenginn til að taka það hlutverk að sér. Hann hafði leikstýrt gamanþáttum fyrir gríntvíeykið The Flight of the Conchords og sjónvarpsseríunni um alter-egó Sacha Baron Cohen, Ali G. Amy Adams var síðan ráðin í aðalkvenhlutverkið og gæðaleikarinn Chris Cooper tók að sér hlutverk þrjótsins Richman.

Handritshöfundarnir boðuðu að nýja Prúðuleikaramyndin yrði gerð í anda sjónvarpsþáttanna sem sýndir voru frá 1976 til 1981 þar sem svartur húmor fengi að leika lausum hala. Vinnutitill myndarinnar var þannig The Greatest Muppet Movie of All Time!!! Snemma lak það út að mörgum þekktum leikurum myndi bregða fyrir í myndinni. Og það kom á daginn; Emily Blunt, Billy Crystal, Jack Black og Alan Arkin bregður vissulega fyrir en hins vegar vekur listinn af þeim stjörnum sem voru klipptar út vegna tímamarka enn meiri athygli. Á honum má finna nöfn Lady Gaga, Ben Stiller, Ed Helms og Milu Kunis auk Ricky Gervais. En Gervais sést reyndar bregða fyrir í lokaatriði myndarinnar. The Muppets hefur fengið ótrúlegar viðtökur gagnrýnenda en samkvæmt rottentomatoes.com hafa 96 prósent gagnrýnenda gefið henni jákvæða umsögn. Þá er hún aðsóknarmesta Prúðuleikaramyndin hingað til, hefur halað inn rúmum 93 milljónum dollara í miðasölu vestanhafs.

freyrgigja@frettabladid.is



**EINSTAKAR BRÚÐUR** Prúðuleikarar Jim Henson eru vaknaðir af værum blundi og fara á kostum í sinni fyrstu kvikmynd í tólf ár. Gamanleikarinn Jason Segel er einna helst ábyrgur fyrir því að heimsbyggðin fær nú aftur að njóta krafta þeirra Kermits og Svínku.




# Krabbamein og Margaret Thatcher

Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi um helgina í kvikmyndahúsum borgarinnar. Krabbamein, Margaret Thatcher og Prúðuleikararnir eru viðfangsefnin að þessu sinni.

Óþarfi er að hafa fleiri orð um Prúðuleikarana en eflaust væri hægt að skrifa margar lærðar greinar um Margaret Thatcher, umdeildan forsætisráðherra Breta. Það er sjálf Meryl Streep sem leikur Járnfrúna og hefur leikkonan fengið einróma lof fyrir frammistöðu sína. Myndin sjálf er hins vegar umdeild og David Cameron, forsætisráðherra Breta, gerði hana meðal annars að umtalsefni í ræðu sinni fyrir skömmu. Honum fannst að kvikmyndagerðamennirnir hefðu mátt bíða þar til Thatcher væri öll. Myndin fær 56 prósent á rottentomatoes.com.

Kvikmyndin 50/50 reynir að nálgast krabbameinsmeðferð á gamansaman hátt. Myndin segir frá Adam, sem leikinn er af Joseph Gordon-Levitt. Hann greinist með krabbamein og eru gefnar helmingslíkur. Myndin fylgist með ferðalagi Adams og besta vinar hans, sem Seth Rogen leikur, og baráttunni við að halda lífi, bæði andlega og líkamlega. Myndin hefur fengið afbragðsdóma en samkvæmt rottentomatoes.com eru 93 prósent gagnrýnenda ánægð með hana.

- fgg



**Í JÁRNFRÚAR-LÍKI** Meryl Streep þykir fara á kostum sem Margaret Thatcher í kvikmyndinni The Iron Lady.

# Mjúkís ÁRSINS 2012

## HESLIHNETUÍS




*VERÐUR KYNNTUR Í FJARÐARKAUPUM*
*Í DAG MILLI KLUKKAN 15.00 - 17.00.*
*ALLIR SEM SMAKKA FÁ MJÚKÍS ÁRSINS 2012*
*MEÐ SÉR HEIM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.*

Kjörís

**Fólk**
folk@frettabladid.is



**61 ÁRS** er gamanleikkonan Kirstie Alley en undanfarin ár hefur hún verið frægari fyrir rokkandi þyngd en hæfileika sína í leiklistinni.

# MARGMENNI Á OPNUN STELLU MCCARTNEY

**Fatahönnuðurinn Stella McCartney er áhrifamikil innan tískuheimsins og fatnaður hennar í uppáhaldi hjá mörgum. Það kom því engum á óvart að stjörnurnar flykktust á búðaropnun hjá dömunni sem opnaði sínu fyrstu búð í Sohohverfinu í New York í vikunni. Meðal þeirra sem mættu voru Anna Wintour, ritstjóri Vogue og upptökustjórinn og dómari X Factor, LA Reid.**



**SÝNISHORN** Fyrirsætur sýna hér svokallaða „pre fall" fatalínu Stellu McCartney en sú þykir gefa ákveðnar vísbendingar um hvernig haustlínan verði frá hönnuðinum en sú lína verður væntanlega frumsýnd á tískuvikunum í febrúar og mars. Einföld snið, glansandi efni og mikil munstur einkenndu þessa fatalínu. NORDICPHOTOS/GETTY



**SAMFESTINGUR** Fyrirsætan Elettra Rossellini Wiedemann mætti í bláum blúndusamfestingi.



**LEIKKONAN** Naomi Watts mætti í fallegum kjól og einfaldri kápu sem líklega er frá Stellu McCartney sjálfri.



**HÖNNUÐURINN** Stella McCartney er einn af vinsælustu hönnuðum dagsins í dag og á sér marga aðdáendur í hópi fræga fólksins.



**TÓNLISTARFÓLKIÐ** Upptökustjórinn LA Reid sló í gegn í bandarísku X Factor þáttunum í haust en hér er hann ásamt konu sinni Perri A. Reid.



**LÉT SIG EKKI VANTA** Ritstjóri Vogue, Anna Winour, fagnaði með Stellu í brúnni kápu með trefil og hanska í stíl.

JÓGA Stúdíó

JÓGAKENNARANÁM

Jóga stúdíó kynnir 200 stunda jógakennaranám byggt á umgjörð **Yoga Alliance.**

Þátttakendur læra jógaæfingar, öndun, slökun, siðfræði, raddbeitingu og kennslufræði auk fá þeir grunn í jógaheimspeki og anatómíu.

**Kennarar eru:** Guðjón Bergmann, Ágústa Kolbrún Jónsdóttir og Drífa Atladóttir, auk Eiríks Arnarsonar sjúkraþjálfara.

**Námið hefst 20 jánúar 2012 og líkur seinnipart árs.**



Skráning og frekari upplýsingar á heimasíðu Jóga stúdíó
**www.jogstudio.is** eða í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa

# Þrautreyndur Gijs aldrei heyrt um Maus

„Ég vissi ekki að þeir væru til," segir Gijs van Veldhuizen í hollensku hljómsveitinni Maus.

Hann hefur ákveðið að breyta nafni hljómsveitarinnar, líkast til í Mauz, eftir að Biggi í Maus kvartaði yfir nafni þeirra, enda hefur hin íslenska Maus einkaréttinn á nafninu í Evrópu.

„Ég gæti hafa séð þá á Google en líklega leiddi ég þá hjá mér vegna þess að þar stóð að þeir hefðu ekki starfað í langan tíma," segir Gijs, sem er ekkert að æsa sig yfir nafnabreytingunni. „Þar sem Maus er nýtt verkefni hjá mér þá verður ekkert svo mikið mál að breyta nafninu. Hin hljómsveitin mín, Audiotransparent, hefur verið starfandi miklu, miklu lengur. Ég hef starfað í tónlistarbransanum í um fimmtán ár og ég veit hvers virði vörumerki getur verið. Í þessu tilfelli hefur hin íslenska Maus lagt mikið á sig til að búa til gott vörumerki."

Gijs í Maus heldur áfram: „Biggi hafði samband við mig og lýsti yfir áhyggjum sínum af mögulegum misskilningi vegna nafnsins. Við áttum vinsamleg tölvusamskipti og það er líka gaman að kynnast nýju fólki í tónlistarbransanum."

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá munu Gijs og félagar spila undir nafninu Maus á hátíðinni Eurosonic í kvöld. Það verða vafalítið síðustu tónleikar þeirra undir því nafni. Gijs hefur einnig lýst yfir áhuga á að hita upp fyrir Maus ef íslenska sveitin kemur saman aftur og ítrekaði hann þann áhuga í viðtali við blaðamann. „Biggi var nokkuð hrifinn af hugmyndinni, þannig að hver veit? Kannski munu vinaleg samskipti okkar verða til þess að við spilum í fyrsta sinn á Íslandi." - fb



**ENGAR ÁHYGGJUR** Gijs van Veldhuizen í Maus hefur ekki miklar áhyggjur af nafnabreytingunni.

Sendu 5 toppa af Merrild eða Senseo-pökkum fyrir 17. mars til:

Merrild
Pósthólf 78
130 Rvk

# Safnaðu 5 toppum af Merrild
## og freistaðu gæfunnar

Þér er boðið að taka þátt í skemmtilegum leik sem getur fært þér stórkostlegan vinning.

Safnaðu fimm toppum af Merrild eða Senseo kaffipokum og þú gætir unnið:

- ☑ 100.000 kr. í Debenhams
- ☑ Meikóver-dag með Kalla
- ☑ Fjölda annarra vinninga
  Nýjasta Senseo kaffivélin frá Heimilistækjum og ársbirgðir af Merrild eða Senseo kaffi



100.000 kr. gjafakort í Debenhams og meikóver-dagur með Kalla




MERRILD

ENNEMM / SÍA

# STJÖRNURNAR SEM ÆTTU AÐ SKJÁLFA Á BEINUNUM

**Golden Globe-verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn á sunnudagskvöld. Kynnirinn Ricky Gervais hefur lofað því að hann muni ekki draga neitt undan í upphafsatriði afhendingarinnar.**



Það hefur verið löng hefð fyrir því að kynnar á Golden Globe og Óskarnum renni stuttlega yfir árið með gamansömum hætti. Mörgum hefur verið hált á því svelli, David Letterman þótti til að mynda skjóta langt yfir markið þegar hann kynnti Óskarinn árið 1995 – hann gerði meðal annars grín að nöfnum Opruh Winfrey, Umu Thurman og Keanu Reeves – en miðað við upphafsatriði Ricky Gervais á Golden Globe í fyrra var spé Lettermans sem stormur í vatnsglasi. Gervais fékk yfir sig alls kyns ákúrur eftir að hafa gert grín að Charlie Sheen, Hugh Hefner, Robert Downey Jr. og Tom Cruise, að ekki sé nú minnst á brandarann um Sex & City-leikkonurnar.

Og nú hefur írski veðmálarisinn Paddy Power birt lista yfir þau frægðarmenni sem eru líkleg til að lenda í kjafti og klóm Gervais. Þar efstur á blaði er Russell Brand og fyrrum spúsa hans, Katy Perry. Þau hjónakorn skildu eftir jólahaldið en samband þeirra var fallbyssufóður fyrir slúðurblöðin. Paddy metur möguleika þeirra fimm á móti einum. Meðal annarra sem eiga það á hættu að fá á sig eiturpillur frá breska grínistanum eru Madonna, Tom Cruise og svo auðvitað fyrrum hjónakornin Ashton Kutcher og Demi Moore en Paddy Power telur líkurnar einn á móti tíu að þeirra nafn eigi eftir að bera á góma í uppistandi Gervais. Þá eru Justin Bieber og Charlie Sheen langt frá því öruggir því Paddy metur líkur þeirra einn á móti fjórtán að nöfn þeirra verði nefnd í upphafsræðunni.

Paddy er síðan auðvitað ekki yfir verðlaunin sjálf hafinn, veðmálavefurinn telur líklegast að svart/hvíta kvikmyndin The Artist muni standa uppi sem sigurvegari og að aðalleikari myndarinnar, Jean Dujardin, verði útnefndur sem besti leikari í söng-og dramaflokki.

freyrgigja@frettabladid.is



**LÍKLEG SKOTMÖRK** Ricky Gervias mun velja skotmörk sín af kostgæfni og reyna koma áhorfendum á Golden Globe í opna skjöldu. Veðmálavefurinn Paddy Power telur líklegt að Gervais nýti sér skilnað **Russell Brand og Katy Perry** í upphafsræðu sinni og muni mögulega einnig ræða um Justin Bieber, Charlie Sheen og skilnað **Ashton Kucher og Demi Moore.**

# Keppir um Tígurinn í Rotterdam

Kvikmyndin Svartur á leik hefur verið valin til að keppa um Tígurinn á kvikmyndahátíðinni í Rotterdam. Myndin verður því heimsfrumsýnd í hollensku borginni í byrjun febrúar en hérna heima í mars. Svartur á leik er byggð á samnefndri sögu Stefáns Mána og skartar þeim Þorvaldi Davíð og Jóhannesi Hauki Jóhannessyni í aðalhlutverkum.

